SIGRÚN BALDURSDÓTTIR
*Plíseraði kjóllinn í algjöru uppáhaldi*
tíska heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



TÓMSTUNDIR
*Flugdella á jörðu niðri*
Sérblað um áhugamál og tómstundir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. október 2007 — 290. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR

### Danskir fánaberar



Danir eru stoltir af sínum mönnum í Hollywood, þeim Mads Mikkelsen og Viggo Mortensen.

BÍÓ 36

### Í smóking með stórsveit



Bubbi Morthens heldur nýárstónleika í Laugardalshöll ásamt Stórsveit Reykjavíkur.

FÓLK 50

### Sagan í götum

„Við getum þó kennt fleiri götur og torg við fólk til að færa sögu landsins nær nútímanum, ef við viljum“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 26

### Auðun til Fram



Auðun Helgason skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Fram, eftir að hafa skilið við FH á fremur neikvæðum nótum.

ÍÞRÓTTIR 44

## VEÐRIÐ Í DAG




**SLAGVIÐRI** Í dag verður sunnan hvassviðri eða stormur suðaustan og austan til annars nokkuð hægari vindur. Mikil rigning sunnan og suðaustan til annars rigning og hætt við skúrum norðan til. Hiti 7-13 stig.

VEÐUR 4



**RÚNI VALINN** Úr mörg þúsund geisladiskum er að velja á geisladiskamarkaði Perlunnar, sem stendur fram á þarnæsta sunnudag. Þessum tónlistaraðdáanda leist best á geislaplötuna „Með stuð í hjarta“, þar sem Rúnar Júlíusson rokkar ásamt þrettán öðrum tónlistarmönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Málsókn prófessora í bígerð

**Formaður Félags prófessora við ríkisháskóla segir félagsmenn skikkaða til að greiða í stéttarfélög sem þeir kæri sig ekki um að eiga aðild að. Hann segir stjórnvöld neita að viðurkenna félag þeirra og ætlar í mál.**

**KJARAMÁL** Félag prófessora við ríkisháskóla hyggst stefna fjármálaráðuneytinu fyrir félagsdóm þar sem það hefur neitað að viðurkenna félagið sem samningsaðila í kjarasamningum fyrir prófessora. Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, sem vinnur að undirbúningi málsins, segir að niðurstöðum verði skilað til félagsmanna á næstu dögum.

Prófessorar voru áður undir kjaranefnd. Þegar lagabreytingar um hana gengu í gegn í fyrra heyrðu málefni félagsins því næst undir kjararáð sem kvað svo upp þann úrskurð í byrjun þessa árs að það hefði ekki úrskurðarvald um launamál prófessora. Þeir ættu því að leysa sín mál með kjarasamningum við ríkið. Gísli Már Gíslason, formaður Félags prófessora, segir að félagsmenn hefðu viljað semja við ríkisvaldið í gegnum félag þeirra. Hins vegar hafi samningsréttur félags þeirra ekki verið viðurkenndur og prófessorum því gert að semja í gegnum stéttarfélög hvers skóla. Við það vilji prófessorar ekki una.

Gísli telur ekki forsvaranlegt að réttindabarátta prófessora sé dreifð innan fimm háskóla heldur eigi þeir að vera sameinaðir í eitt stéttarfélag. „Menn eru nú skikkaðir til að greiða í stéttarfélög án þess að vilja vera í þeim þar sem stéttarfélag okkar, sem hefur verið til frá árinu 1989, fæst ekki viðurkennt. Ég kannast ekki við að stéttarfélag hafi ekki fengist viðurkennt síðan á fjórða áratug síðustu aldar og finnst vinnubrögð fjármálaráðuneytisins í sovéskum anda,“ segir Gísli. Hann bendir auk þess á að þau stéttarfélög sem hann segir prófessora nú í hafi ekki samið fyrir prófessora og að launakjör þeirra ráðist ekki af þeim samningum sem þar eru í gildi.

„Það á að stökkva okkur á dreif til að hafa ekki jafn sterka viðsemjendur,“ segir Björn Þorsteinsson, prófessor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Hann bendir auk þess á að svokallað stigmat, sem Félag prófessora hefur notað við gæðamat á rannsóknum við háskóla, sé í uppnámi þar sem ríkið neiti að viðurkenna félagið. Stigmatið segir hann eitt mikilvægasta tæki sem notað er við mat á störfum prófessora sem eiga að vera leiðandi í rannsóknum.

- kdk

Íslenska friðargæslan setur sér siðareglur í anda reglna Sameinuðu þjóðanna:

# Gæsluliðum bannað að kaupa kynlíf

**UTANRÍKISMÁL** Íslenska friðargæslan hefur sett sér siðareglur sem gilda um hegðan starfsmanna hennar erlendis og hefur utanríkisráðherra staðfest reglurnar.

Siðareglur friðargæsluliða Sameinuðu þjóðanna voru hafðar til hliðsjónar þegar íslensku reglurnar voru samdar. Unnið hefur verið að siðareglunum síðasta árið, segir Anna Jóhannsdóttir, forstöðumaður Íslensku friðargæslunnar.

„Ég held að siðareglur séu nauðsynlegar fyrir alla sem vinna í aðstæðum af þessu tagi, þar sem er ákveðin yfirburðastaða gagnvart heimamönnum,“ segir Anna.

Hún segir að ekki hafi komið upp ákveðið tilvik sem kalli á siðareglurnar. Starf Íslensku friðargæslunnar hafi sem betur fer gengið snurðulaust fyrir sig.

Siðareglurnar banna friðargæsluliðum til dæmis að kaupa kynlíf, eða eiga kynferðisleg samskipti við fólk sem er friðargæsluliðinu háð. Þeim ber að breyta af ráðvendni og vammleysi, vera heiðarlegir, nærgætnir og sanngjarnir, og hafa í huga að þeir eru fulltrúar íslenska ríkisins á erlendri grund.

Í dag manna íslenskir friðargæsluliðar 31 stöðu erlendis, þar af fimmtán í Afganistan.

- bj









## SPURNING DAGSINS



*Sigurður, hefði skýrslan betur lekið?*

„Nei, ég held nú að það hefði ekki verið betra.“

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi er ósáttur við að utanríkisráðuneytið hafi tafið í hálft ár að veita upplýsingar um vatnsleka á varnarsvæðinu í Keflavík.

Eyðilegging af völdum skógareldanna í Kaliforníu metin á sextíu milljarða króna:

# Vitum ekki alveg hvað gerist næst

**BANDARÍKIN, AP** „Við lifum enn í óvissu og vitum ekki alveg hvað gerist næst,“ segir Jóna Valdez, sem þurfti að yfirgefa heimili sitt í San Diego vegna skógarelda.

Hún fór ásamt fjölskyldu sinni til nálægrar borgar þar sem þau gista hjá vinafólki. „Við höfum það ágætt hérna, en við erum að hugsa um að keyra aftur til San Diego til að kanna aðstæðurnar.“

Eyðilegging af völdum skógareldanna í Kaliforníu er metin á yfir 60,5 milljarða króna í San Diego-sýslu einni. Af 1.500 heimilum sem hafa brunnið í eldunum voru 1.200 þeirra í San Diego-sýslu.

Meira en hálf milljón manna hefur þurft að flýja heimili sín og hafa yfir 1.700 ferkílómetrar landsvæðis brunnið þá fjóra daga sem skógareldarnir hafa geisað.

George W. Bush Bandaríkjaforseti kemur til Kaliforníu í dag þar sem hann mun skoða eyðilegginguna. Bush undirritaði sérstaka hamfarayfirlýsingu í gær sem setur af stað langtíma áætlun um hjálparaðstoð til handa sýslum, fjölskyldum, einstaklingum og samtökum innan ríkisins.

Dregið hefur úr vindum sem hafa valdið hraðri útbreiðslu skógareldanna og er vonast til að það auðveldi slökkvistarf. **- sdg / sþs**



**Á LEIÐ ÚR BORGINNI** Jóna Valdez, Íslendingur sem býr í San Diego, tók þessa mynd þegar hún keyrði ásamt eiginmanni sínum og þremur börnum úr borginni. Eins og sést liggur mikill reykjarmökkur yfir öllu. MYND/JÓNA VALDEZ

Halda kyrru fyrir í San Diego:

# Forðaði íslensku skólabókunum

**BANDARÍKIN Sigfríður Björnsdóttir, íbúi í San Diego, segir ástandið vegna skógareldanna hafa skánað en hún býr í þorpi rétt hjá húsum sem þurfti að rýma. Bílskottið sé þó enn fullt af nauðsynjum, ef fjölskyldan þyrfti að fara í flýti.**

**Meðal nauðsynja sem heimilisfólkið pakkaði niður eru íslenskar skólabækur. Halldóra Líney Finnsdóttir, átta ára dóttir Sigfríðar, valdi þær fram yfir alla aðra hluti þegar hún var beðin um að setja mikilvægustu eigur sínar í tösku. Bandarísku skólabækurnar urðu eftir, ásamt öllum leikföngunum.** **- sþs**

Latibær á miklu skriði:

# Tilnefndur til Bafta-verðlauna

**FÓLK Sjónvarpsþátturinn Latibær er tilnefndur til bresku Bafta-sjónvarpsverðlaunanna sem besta alþjóðlega barnaefnið. Þetta er annað árið í röð sem þátturinn hlýtur þessa tilnefningu en þættirnir hrepptu þessi sömu verðlaun í fyrra. Magnús Scheving er himinlifandi með tilnefninguna. „Þetta er mikill heiður og að fá tilnefningu í annað skiptið er enn meiri viðurkenning fyrir Latabæ,“ segir Magnús.** **- fgg/****sjá síðu 50**



**VIÐ HILMISGÖTU** Eldurinn kom upp á annarri hæð hússins, en í því eru þrjár íbúðir. Reykskemmdir urðu á hæðinni fyrir ofan íbúðina sem kviknaði í, en íbúðin fyrir neðan slapp að mestu leyti. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Íbúð í Eyjum mikið skemmd:

# Greiðlega gekk að slökkva eld

**LÖGREGLUMÁL** Eldur kviknaði í húsi við Hilmisgötu í Vestmannaeyjum um klukkan fjögur í gær. Slökkvilið var kallað á staðinn og gekk greiðlega að slökkva eldinn, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. Slökkvistarfi lauk upp úr klukkan fimm.

Miklar skemmdir urðu á íbúðinni, en hún var mannlaus þegar eldurinn kom upp. Ekki er vitað um eldsupptök, fyrir utan það að þau munu hafa verið í stofunni. Einhverjar reykskemmdir urðu í íbúðinni fyrir ofan þá sem kviknaði í. **- sþs**

# Björgólfur Thor fái hálfan Hallargarðinn

**Embættismenn hafa samið um að Björgólfur Thor Björgólfsson fái fjórfalt stærri lóð með Fríkirkjuvegi 11 en sagði í útboði. Björgólfur fær því nærri hálfan Hallargarðinn ef nýr borgarstjórnarmeirihluti staðfestir samkomulagið.**

**REYKJAVÍKURBORG** Björgólfur Thor Björgólfsson fær hálfan Hallargarðinn með húsinu á Fríkirkjuvegi 11 ef samkomulag þar um verður staðfest í borgarstjórn. Samkvæmt samkomulagi sem þrír sviðsstjórar hjá Reykjavíkurborg hafa unnið að fær Björgólfur Thor 3.567 fermetra lóð umhverfis húsið í stað aðeins 900 fermetra eins og kveðið var á um þegar húsið var boðið út í fyrravetur. Björgólfur Thor bauð þá langmest í húsið sem langafi hans, Thor Jensen stórkaupmaður, lét reisa á fyrri hluta síðustu aldar. Björgólfur Thor bauð 600 milljónir króna fyrir húsið en sendi einnig frávikstilboð upp á 800 milljónir með því skilyrði að lóðin sem fylgdi yrði margfalt stærri. Borgarráð fól í febrúar síðastliðnum sviðsstjórum umhverfissviðs, framkvæmdasviðs og skipulags- og byggingarsviðs að ná samkomulagi við Björgólf Thor á grundvelli frávikstilboðsins. Samkomulagið við Björgólf Thor mun nú vera frágengið af hálfu sviðsstjóranna. Björgólfur Thor fær að gera sérstaka viðhafnaraðkomu að húsinu frá Fríkirkjuvegi. Mun sá akvegur eiga að líta út eins og göngustígur. Þá verður lagður af sparkvöllur ofan við húsið svo að Björgólfur Thor geti útbúið þar bílastæði. Samkomulag er um að það verði lagt grassteini til að einnig sé hægt að nota svæðið til leiklistarflutnings eða fyrirlestra. Björgólfur Thor fær að útbúa torg við suðurgafl hússins þar sem inngangur á vera í safn um Thor Jensen í kjallara hússins. Kvaðir verða á lóðinni um óheftan aðgang almennings. Þó má gera ráð fyrir að fólki verði bægt frá ef nauðsyn þykir af öryggisástæðum. Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs, segist ekki vilja staðfesta efnisatriði samkomulagsins. „Við höfum unnið að þessu máli samkvæmt samþykkt borgarráðs og erum að ná samkomulagi,“ segir Hrólfur.

Ræða á söluna á Fríkirkjuvegi 11 í borgarráði í næstu viku. Hugsanlegt er að valdaskiptin í borgarstjórn kollvarpi því samkomulagi sem nú liggur fyrir því borgarfulltrúar Vinstri grænna hafa sagt söluna ganga gegn hagsmunum almennings. Ekki náðist í Svandísi Svavarsdóttur, oddvita VG í borgarstjórn, í gær en flokksbróðir hennar, Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi, kvaðst ekki geta lýst afstöðu til málsins þar sem hann hefði ekki kynnt sér stöðu þess. gar@frettabladid.is




**HALLARGARÐURINN** Samið er um að Björgólfur Thor Björgólfsson fái að útbúa viðhafnaraðkomu frá Fríkirkjuvegi og gera torg við suðurgafl hússins. Sparkvöllur ofan við húsið verður bílastæði. Rauða punktalínan sýnir lóðina sem boðin var til kaups, gula línan lóðina sem nú hefur verið samið um og rauðgula línan hallargarðinn eins og hann leggur sig. MYND/LOFTMYNDIR - FRÉTTABLAÐIÐ

Samruni GGE og REI:

# Langt í sameiningu félaganna

**VIÐSKIPTI** Samruni Reykjavík Energy Invest (REI), dótturfyrirtækis Orkuveitu Reykjavíkur, og Geysis Green Engery (GGE) er „langt frá því“ að vera um garð genginn. Skúli Jónsson, forstöðumaður fyrirtækjaskrár, segir engin gögn hafa borist um fyrirhugaðan samruna félaganna. „Okkur hafa ekki borist nein gögn og því hefur hinn lögformlegi samrunaferill ekki hafist enn. Að því leytinu til er samruninn langt frá því að vera orðinn að veruleika.“

Samkvæmt lögum verða að líða að minnsta kosti fjórar vikur frá birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaðinu þar til stjórnir félaganna sem eru að sameinast samþykkja samrunann formlega. Auglýsing er ekki birt fyrr en fyrirtækjaskrá er búin að vinna úr gögnum sem berast henni um samruna. **- mh**

Landhelgisgæslan:

# Byrjað að smíða nýtt varðskip

**LANDHELGISGÆSLAN Smíði nýs varðskips Landhelgisgæslunnar er hafin í ASMAR-skipasmíðastöðinni í Talcahuano í Chile. Byrjað var að skera til stál í fyrsta hluta skipsins en eiginleg smíðavinna hefst á næstu dögum. Skipið verður smíðað í samtals 40 einingum.**

**Áætlað er að fyrsti hluti skipsins verði settur í sjósetningarbraut (kjöllagning) um miðjan febrúar 2008 og að skipið verði afhent Landhelgisgæslunni í lok september 2009. Varðskipið verður 93,65 metrar að lengd og 16 metrar að breidd. Ganghraði skipsins verður 19,5 sjómílur á klukkustund og togkraftur þess um 100 tonn.** **- shá**




Undirbúningur fyrir skiptingu verkefna TR milli ráðuneyta á lokametrunum:

# Greiðslur eiga ekki að raskast

**STJÓRNMÁL** Undirbúningur fyrir breytingar á Tryggingastofnun ríkisins (TR) stendur nú sem hæst, og er búist við því að svokallað bandormsfrumvarp verði lagt fram á Alþingi í byrjun nóvember. Hvorki starfsmenn né þeir sem nýta sér þjónustu TR eiga að finna fyrir breytingum segir formaður verkefnisstjórnar.

Lögfesta þarf flóknar lagabreytingar fyrir áramót til þess að flytja lífeyristryggingar og málefni aldraðra hjá TR undan heilbrigðisráðuneyti og undir stjórn félagsmálaráðuneytis, segir Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu og formaður verkefnisstjórnar, sem undirbýr breytingar á TR.

„Það verður engin röskun á bótagreiðslum eða tryggingargreiðslum til lífeyrisþega, það verður algerlega í föstum skorðum þrátt fyrir þessar breytingar,“ segir Bolli.

Miklar breytingar verða á rekstri stofnunarinnar og mörg verkefni munu færist á milli ráðuneyta. Bolli segir að búið sé að leggja breiðu línurnar en mikil vinna sé fram undan við smærri atriði sem Alþingi muni líklega fjalla um á vorþingi.

„Það fer megnið af fyrri helmingi næsta árs í að kortleggja það allt, en aðalatriðið er að lögfesta þær breytingar á stofnunum sem verða um áramótin. En það hvernig einstakir málaflokkar flytjast á milli, og hvað þá starfsmenn, bíður betri tíma,“ segir Bolli. **- bj**



**TRYGGINGASTOFNUN** Unnið er að lagabreytingum vegna færslu lífeyristrygginga og málefna aldraðra hjá TR frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



3 ára ábyrgð á
Electrolux



Enn meiri lækkun

**Þvottavél**
EWF1649
1600sn, 6kg
Stórt op, opnast180°
Orkunýting A
Þvottahæfni A
Vinduhæfni B
Tekur aðeins kalt vatn
Carboran tromla
1805442

**59.999**

3 ára ábyrgð á
Electrolux



**Þurrkari**
EDC46130W
Barkalaus m/rakaþétti
Stærð 85x60x58 sm
Tromla úr ryðfríu stáli
Bómullarkerfi - Skápaþurrt eða Extra - þurrt
Tekur 6kg af blautum þvotti
Krumpuvörn - kæling - þurrkerfi
Tromlan snýst í báðar áttir
Tímaklukka 0 -150 mín
1805461

**49.999**
57.999

# STÓR RAFTÆKJADAGAR
## lokaútkall



FRÁBÆRT VERÐ

## Ofn og helluborð

**Ofninn:**
8 mismunandi kerfi
Affrystingarstilling
Blástur, yfirhiti, undirhiti, undirhiti+blástur, yfirhiti+undirhiti, grill, grill+ blástur, grill+yfirhiti
Ofnljós 25W
Rafstýrður með klukku
Rúmmál ofns er 51 ltr
Mál: 31,5x39,5x40,5 sm
Fylgihlutir:
Bökunarplötur 2 stk
Grillgrind 1stk
Djúp steikingaskúffa 1 stk

**54.999**

**Keramikhelluborð**
Stærð á hitunarsvæðum og orka
14.5 sm einfalt svæði, 1.2 Kw
18.0 sm einfalt svæði, 1.8 Kw
12/18 sm tvöfalt svæði, 07/1.7 Kw
14/14*25 sm stækkanleg svæði, 1.1/2.0 Kw
1850496/507

**58.999**



**Ísskápur**
AM200IAFP
Stærð 122x56x56 sm
Kælirými 154 ltr
Frystirými 38 ltr
1808306

**33.999**



**Helluborð**
1809030

**2.990**

3 ára ábyrgð á
Electrolux

Takmarkað magn



51% AFSLÁTTUR

**Helluborð**
EHP6622K
1805503

**26.999**
~~54.989~~



**Ofn**
Elegance
8 mismunandi kerfi
Rafeindaklukka
Rafdrifinn snúningsteinn
Sjálfhreinsandi hliðar
1850503

**39.999**
~~49.999~~

Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ 24.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,68 | 60,96 |
| Sterlingspund | 124,35 | 124,95 |
| Evra | 86,25 | 86,73 |
| Dönsk króna | 11,569 | 11,637 |
| Norsk króna | 11,141 | 11,207 |
| Sænsk króna | 9,371 | 9,425 |
| Japanskt jen | 0,5302 | 0,5334 |
| SDR | 94,66 | 95,22 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
115,8769

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skýrsla um niðurstöðu áhættugreiningar fyrir olíubirgðastöðina í Örfirisey:

# Skýrslan kynnt borgarráði í dag

**BORGARMÁL** Á fundi borgarráðs í Höfða í dag verður kynnt skýrsla verkefnisstjórnar um niðurstöðu áhættugreininga og áhættumats auk samanburðar við aðra staðarvalkosti fyrir olíubirgðastöðina í Örfirisey.

Í verkefnisstjórninni voru Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri á höfuðborgarsvæðinu, Jón Þorvaldsson frá Faxaflóahöfnum, Gestur Guðjónsson Olíudreifingu, Ólafur Jónsson frá Skeljungi, og Ellý Katrín Guðmundsdóttir og Örn Sigurðsson frá umhverfissviði Reykjavíkurborgar.

Þau sem áttu sæti í verkefnisstjórninni vörðust frétta af því hvaða upplýsingar kæmu fram í skýrslunni, líkt og Dagur B. Eggertsson og Björn Ingi Hrafnsson ,formaður borgarráðs. „Þetta er skýrsla sem unnin er fyrir borgarráð og þar verða niðurstöðurnar kynntar fyrst,“ sagði Jón Viðar sem jafnframt var formaður verkefnisstjórnarinnar.



**OLÍUTANKAR Í ÖRFIRISEY** Fulltrúar Skeljungs og Olíudreifingar áttu sæti í verkefnisstjórninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks vildi skipuleggja íbúabyggð í Örfirisey. Starfshópur hefur unnið að framgangi málsins á undanförnum mánuðum en Björn Ingi Hrafnsson er formaður hópsins. Fjárfestar hafa sýnt svæðinu mikinn áhuga. Framtíð olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey getur skipt sköpum um hvort og hvernig verður hægt að byggja upp íbúabyggð í eynni. - mh

Bílvelta eftir ofsaakstur:

# Brakið dreifðist út um alla götu

**LÖGREGLUMÁL** Bíll valt á Kringlumýrarbraut í Reykjavík um klukkan ellefu á þriðjudagskvöld. Ökumaðurinn, sem er um tvítugt, hafði ekið á miklum hraða norður eftir veginum þegar hann missti stjórn á bílnum, fór upp á umferðareyju og valt.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu tættist bíllinn hreinlega í sundur og dreifðist brak úr honum víða um götuna. Ökumaður og farþegi voru fluttir á slysadeild Landspítalans, en voru ekki alvarlega slasaðir. Ökumaðurinn hefur verið sviptur ökuréttindum ævilangt. - sþs

Fiskveiðar í Eystrasalti:

# Lítil skerðing þorskkvóta

**BRUSSEL, AP** Ráðherrar Evrópusambandslandanna ákváðu í gær að skerða þorskkvóta næsta fiskveiðiárs í austanverðu Eystrasalti aðeins um 5 prósent, þótt vísindaráðgjöf hljóðaði upp á að stofninum skyldi algerlega hlíft við veiðum í bili.



JOE BORG

Í vestanverðu Eystrasalti verður þorskkvótinn skorinn niður um 28 prósent í stað þess að vera helmingaður eins og sérfræðingar ICES höfðu mælt með.

Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn ESB, sagðist sáttur við niðurstöðuna þrátt fyrir að hann hefði lagt til mun meiri skerðingu. - aa

# Vörugjöld afnumin í áföngum næstu ár

**Viðskiptaráðherra boðar afnám vörugjalda og stimpilgjalda á næstunni. Lög um greiðsluaðlögun, ráðstafanir gegn sjálftöku banka á fé viðskiptavina og nýtt rafrænt verðlagseftirlit er meðal þess sem felst í nýrri sókn í neytendamálum.**

**NEYTENDUR** Viðskiptaráðherra boðar afnám stimpilgjalda strax á næsta ári. Jafnframt verður leitast við að afnema sem mest af vörugjöldum á kjörtímabilinu, afnema uppgreiðslugjald lána og hindra sjálftöku fjármálafyrirtækja með seðil- og vanskilagjöldum. Þetta er meðal þess sem fram kom þegar viðskiptaráðherra kynnti sókn á sviði neytendamála á fundi í Þjóðmenningarhúsinu í gærmorgun.

Tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum námu 43,7 milljörðum á síðasta ári, eða rúmum tíu prósentum heildartekna. Það yrði því þungt högg fyrir ríkissjóð yrðu vörugjöldin afnumin í einu vetfangi. Það segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra enda ekki standa til. „Það dregur úr samkeppni og hækkar vöruverð að vera með há og ósamræmd vörugjöld. Við erum að tala um að halda áfram að grisja vörugjaldaskóginn eins og byrjað var að gera í vor. Þetta verður gert í áföngum út kjörtímabilið og svo áfram inn í framtíðina eftir því sem efni standa til.“

Björgvin segir þó markmiðið að útrýma vörugjöldunum í núverandi mynd. „Það má vera að menn kjósi að halda vörugjöldum á einhverjum vöruflokkum en í stórum dráttum á að leggja þau af.“ Hann vill þó ekki spá fyrir um hvenær það gæti orðið.

Fyrsta verkefnið verður afnám stimpilgjalda á húsnæðislán, og segir Björgvin vonir standa til að það geti orðið strax á næsta ári.



**RAFTÆKJAVERSLUN** Vörugjald af raftækjum er oft afar ósamræmt. Til að mynda bera brauðristar ekkert vörugjald, á meðan vörugjald af samlokugrilli er hvorki meira né minna en tuttugu prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Einnig stendur til að uppgreiðslugjald lána verði afnumið. Þá er fyrirhugað að setja lög um greiðsluaðlögun til að létta óyfirstíganlega skuldabyrði fólks.

Ráðuneytið hyggst einnig ráðast til atlögu gegn sjálftöku banka á fé viðskiptavina, til dæmis með seðil- eða vanskilagjöldum, þar á meðal svokölluðum FIT-kostnaði sem mikill styr hefur staðið um.

Þá hefur Neytendastofu verið falið að þróa nýtt rafrænt verðlagseftirlit. Því er ætlað að gera tíðar verðkannanir í verslunum, en kaupmenn hafa gagnrýnt harðlega verðkannanir ASÍ, og sagt þær ekki gefa rétta mynd af verðmun í verslunum.

stigur@frettabladid.is

### HELSTU VERKEFNI

- Sett verði lög um greiðsluaðlögun.
- Rafrænum verðkönnunum verði komið á.
- Lög um óréttmæta viðskiptahætti verði endurskoðuð.
- Vörugjöld verði afnumin í áföngum.
- Stimpilgjöld á húsnæðislán verði afnumin.
- Tollar verði lækkaðir.
- Uppgreiðslugjald lána verði afnumið.
- Sjálftaka fjármálafyrirtækja með seðil- og vanskilagjöldum verði hindruð.
- Lög verði sett um greiðslumiðla.

Grétar Mar Jónsson:

# Vill borgarafund um HS

**ORKUMÁL Grétar Mar Jónsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, skorar á sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum að halda fund um málefni Hitaveitu Suðurnesja. Stór hluti hitaveitunnar sé kominn í einkaeign og mikilvægt sé að halda borgarafund með fólkinu um stöðuna.**



GRÉTAR MAR JÓNSSON

**Hann segist hafa óskað eftir þessu á fundi með sveitarstjórnarmönnunum en legið hafi á svörunum. „Ég vil að fulltrúar allra sveitarfélaga á Suðurnesjum segi hvað þeir vilja í þessu máli, hvort þeir ætli að leyfa ástandinu að vera eins og það er,“ segir hann.** - sþs

Uppboð á umdeildu herfangi:

# Hár Che selt hæstbjóðanda

**BANDARÍKIN** Einn þeirra sem hjálpaði til við að leita uppi og myrða Ernesto Che Guevara hyggst selja tugi lokka úr hári argentínska byltingarleiðtogans á uppboði í dag. Uppátækið hefur vakið reiði ekkju Guevaras og stuðningsmanna hans um allan heim.

Hárlokkarnir og aðrir munir, meðal þeirra ljósmyndir af líki Guevara og fingraför sem tekin voru af honum eftir dauðann, verða boðnir fyrir minnst hundrað þúsund dollara. Eigandinn, Gustavo Villoldo, var fulltrúi bandarísku leyniþjónustunnar CIA í teyminu sem myrti Che Guevara í Bólivíu fyrir fjörutíu árum. - sh

### STJÓRNMÁL

**Tengdadóttir Geirs ráðin**

Kristín Hrefna Halldórsdóttir stjórnmálafræðinemi hefur verið ráðin í stöðu framkvæmdastjóra borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins. Kristín Hrefna er sambýliskona Borgars Þórs Einarssonar, sem er stjúpsonur Geirs H. Haarde forsætisráðherra. Hún er ritari Sambands ungra sjálfstæðismanna og varabæjarfulltrúi í Árborg.

### REYKJAVÍK

**Ásatrúarmenn enn án lóðar**

Skipulagsráði Reykjavíkur var á miðvikudag kynntur nýr uppdráttur að lóð fyrir ásatrúarmenn í Leynimýri í Öskjuhlíð. Þáverandi borgarstjóri lagði til fyrir ári síðan að Ásatrúarfélagið fengi lóð í Leynimýri fyrir hof, með eða án safnaðarheimilis.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ENN VINDAR OG VÆTA**
Í dag má búast við hvassviðri eða jafnvel stormi allra austast á landinu en almennt séð verður víðast strekkingur á landinu. Mikið vatnsveður er að sjá á landinu en að líkindum verður þó, líkt og verið hefur, mun úrkomuminna norðan heiða, einkum þegar kemur fram á morgun-inn.Þetta óveður, ekki síst vatnsveðrið, getur leitt af sér einhver skriðuföll.

**REYKJAVÍK Í DAG**
Sunnan strekkingur með talsverði rigningu. Hiti 7-11 stig.

um hádegi »




» á morgun




10-18 m/s, hægari norðaustan til.

» laugardagur




Fremur hæg, breytileg átt.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C hálfskýjað | London | 13°C skúrir | Friedrichshafen | 2°C léttskýjað |
| Billund | 11°C léttskýjað | París | 11°C hálfskýjað | Lúxemborg | 10°C heiðskírt |
| Osló | 8°C alskýjað | Amsterdam | 12°C alskýjað | Alicante | 19°C skúrir |
| Stokkhólmur | 9°C hálfskýjað | Frankfurt | 11°C skúrir | Róm | 18°C rigning |
| Gautaborg | 10°C heiðskírt | Berlín | 9°C skúrir | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



„Hafði leitað hans alla ævi
Í Vildarþjónustu Sparisjóðsins færð þú persónulega
þjónustu sem lagar sig að þínum þörfum
Starfsfólk Sparisjóðsins sér til þess að þú fáir ávallt það besta sem í boði er hverju sinni, því það er okkur kappsmál að hámarka ánægju viðskiptavina. Kynntu þér málið á **spar.is**.
Félagar í Vildarþjónustu fá meðal annars: Lán án ábyrgðarmanna | lægri yfirdráttarvexti og hærri innlánsvexti | frítt debetkort og afslátt af árgjaldi kreditkorta sérkjör á bílafjármögnun | 50% afslátt af lántökugjöldum lána til allt að 5 ára námskeið og ráðgjöf í fjármálum | ýmis sértilboð reglulega
SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

## KJÖRKASSINN



*Á hjónaband að vera sáttmáli tveggja einstaklinga en ekki aðeins karls og konu?*

| | |
|---|---|
| Já | 53% |
| Nei | 47% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að kaupa Biblíuna í nýrri þýðingu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

NATO-ríkin sem mest mæðir á í Afganistan:

# Þrýsta á aukna þátttöku

**HOLLAND, AP** „Friður og öryggi fæst ekki án þess að leggja eitthvað af mörkum,“ sagði varnarmálaráðherra Hollands, Eimert van Middelkoop, í opnunarræðu sinni á tveggja daga fundi varnarmálaráðherra NATO-ríkjanna í gær þar sem aðgerðir NATO í Afganistan eru til umræðu. Þau ríki sem mest leggja þar af mörkum setja nú aukinn þrýsting á önnur aðildarríki að taka aukinn þátt.

Varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Robert Gates, hafði fyrir fundinn kvartað yfir því að sum Evrópuríki væru ekki að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart herliði NATO í Afganistan. Svipaðra yfirlýsinga er að vænta frá varnarmálaráðherrum Bretlands og Kanada í vikunni. Þá skora hollensk stjórnvöld á önnur ríki að senda herlið til Afganistans. Meirihluti herliðs NATO í Afganistan kemur frá þessum fjórum ríkjum sem hafa lengi kvartað yfir tregðu annarra ríkja til að senda herlið til hættulegustu svæðanna.

Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, sagðist í gær myndu stinga upp á að ríki skiptust á að standa í framvarðarsveit NATO í Afganistan. Hann viðurkenndi þó að ólíklegt væri að slíkt yrði gert í náinni framtíð. **- sdg**

### NATÓ í Afganistan




Ríki sem leggja fram mest herlið*

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bandaríkin | 15.108 | Tyrkland | 1.220 |
| Bretland | 7.740 | Frakkland | 1.073 |
| Þýskaland | 3.155 | Pólland | 937 |
| Ítalía | 2.395 | Ástralía | 907 |
| Kanada | 1.730 | Spánn | 715 |
| Holland | 1.516 | Aðrir | 4.648 |
| | | **Alls** | **41.144** |

* Frá 22. október 2007

Heimild: ISAF

© GRAPHIC NEWS

Stjórnarmyndun í Póllandi:

# Tveggja flokka stjórn í smíðum

**PÓLLAND, AP Væntanlegur forsætisráðherra Póllands, Donald Tusk, hóf í gær stjórnarmyndunarviðræður við Pólska bændaflokkinn. Flokkur Tusks, Borgaravettvangur, hlaut flest þingsæti í kosningunum á sunnudaginn.**

**Fráfarandi forsætisráðherra, Jaroslaw Kaczynski, tilkynnti í gær að ríkisstjórn hans myndi segja af sér 5. nóvember.**

**Fundur Tusks með leiðtoga Pólska bændaflokksins, Waldemar Pawlak, í gær einkenndist af „mjög vinalegum viðræðum“ að sögn Tusks og verður næsti fundur á mánudaginn. - sdg**




Himinn og haf / SÍA - 9071242

## Engar fúgur – ekkert mál

**Flísaplötur frá Barker eru hentugar á bað, eldhús, þvottahús og hvar sem vatnsálag er mikið.**

**Fáanlegar í ýmsum litum**

Aseta ehf
Tunguháls 17
110 Reykjavík
sími: 533 1600
aseta@aseta.is

ASETA


# Lekaskjölin komin til Ríkisendurskoðunar

**Utanríkisráðuneytið skilaði í gær til Ríkisendurskoðunar gögnum vegna vatnsleka á Keflavíkurflugvelli eftir hálfs árs töf. Slælega að verki staðið, segir fyrrverandi utanríkisráðherra sem bað um úttekt Ríkisendurskoðunar í fyrra.**

**STJÓRNSÝSLA** Utanríkisráðuneytið afhenti í gær bréf til Ríkisendurskoðunar vegna úttektar á tildrögum mikils vatnsleka í húsum á varnarsvæðinu í Keflavík í nóvember í fyrra.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafði Ríkisendurskoðun beðið árangurslaust í um sex mánuði eftir tilteknum upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu til að geta gengið frá úttektinni sem ráðuneytið bað sjálft um fyrir ellefu mánuðum.

„Við höfum átt marga fundi með Ríkisendurskoðun um þetta og afhent þeim gögn. Það átti eftir að ganga frá lokabréfi frá okkur til þeirra þar sem við kæmum með lokagreiningu á öllum þeim gögnum og athugasemdum sem þeir voru með. Þetta bréf var þeim afhent í dag. Þetta var lokahnykkurinn á vinnuferli og það dróst að ganga frá því vegna anna,“ sagði Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, í gær.

Grétar lagði áherslu á að það hefði verið ráðuneytið sjálft sem óskaði eftir úttektinni. „Við höfum ekki orðið varir við sérstakan þrýsting. Þetta hefði kannski getað farið ofar á forgangslistann,“ sagði Grétar Már sem ekki var reiðubúinn að upplýsa um innihald bréfsins til Ríkisendurskoðunar. Það væri hlutverk Ríkisendurskoðunar að kynna niðurstöður í málinu.

„Húsin voru kynt en annað ætla ég ekki að tjá mig um,“ sagði Grétar um þær ályktanir sem ráðuneytismenn hafi þegar getað dregið af málinu. Þar vísaði ráðuneytisstjórinn til þess að talið var í fyrstu að vatnsrör hefðu sprungið í frostum vegna ónógrar kyndingar.

Að sögn Grétars átti hann fund með fulltrúum Ríkisendurskoðunar í gær. „Ég veit að þeir munu flýta niðurstöðunni,“ sagði hann.

„Mér finnst þetta nú slælega að verki staðið. Það verður að svara þessum spurningum svo það liggi fyrir hvernig svona getur gerst,“ sagði Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem óskaði í nóvember í fyrra eftir úttekt Ríkisendurskoðunar.

**gar@frettabladid.is**



**SKEMMDIR Á VARNARSVÆÐI** Mikið tjón varð í fjölda íbúða í mörgum blokkum á varnarsvæðinu í fyrra. Þau voru í umsjón utanríkisráðuneytisins. MYND/VÍKURFRÉTTIR



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**



**GRÉTAR MÁR SIGURÐSSON**




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 9025 - Actavis 708003

*Ræðst gegn verkjum*



## Paratabs®

*– Öflugur verkjabani!*

**Notkunarsvið:** Paratabs®-Parasetamól 500 mg er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Paratabs® er m.a. notað við höfuðverk, tannverk og tíðaverk. Paratabs® er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum inflúensu og umgangspesta. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota Paratabs®. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs® án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lifrarsjúkdóm er að ræða. **Meðganga og brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamól skilst út í brjóstamjólk en hættan á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lifrarskemmdir. Lifrarskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið ávallt þar sem börn hvorki ná til né sjá. 15. júní 2007.

LYFJA - Lifið heil

actavis hagur í heilsu


Tæknilega hamlar fátt einhliða upptöku evru hér á landi þótt sátt þurfi um hana:

# Evran er óráð í þensluástandi

**VIÐSKIPTI** „Einhliða upptaka evru er fremur einfalt mál,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings. Hann segir hins vegar að algjört óráð væri að skipta yfir í evru í því þensluástandi sem hér ríkir nú, enda væri það svipað og skvetta olíu á eld.

Eins segir Ásgeir að hér þurfi að ríkja sátt um slíka aðgerð, auk þess sem evra verði tæpast tekin upp í andstöðu við Evrópusambandið og Myntbandalag Evrópu.

„Einungis þyrfti að taka peningaframboðið, svokallað grunnfé Seðlabankans og skipta yfir í evrur. Svo myndi ríkið verða af tekjum af myntsláttu upp á sex til tíu milljarða á ári,“ segir Ásgeir. „Þá þarf að tryggja að fjármálastofnanir geti sótt sér lausafé á evrópskan millibankamarkað eða til Evrópska seðlabankans,“ segir hann en telur stóru bankana vel færa um að sækja sér rekstrarfé nú þegar, þótt minni bankar gætu lent í erfiðleikum. Ásgeir segir hins vegar erfitt að meta heildarkostnað eða ávinning af breytingunni og vísar þar til þess að enginn hafi til dæmis getað séð fyrir gríðarlegan ávinning af inngöngu í Evrópska efnahagssvæðið. Um leið segir hann ljóst að við einhliða upptöku evru fengist þegar nánast allur ávinningur sem fylgja myndi upptöku með Evrópusambandsaðild. „Þetta er fremur augljós kostur og getur ekki talist álitshnekkir í augum útlendinga, sem alla jafna furða sig á að við höldum hér úti sjálfstæðum gjaldmiðli á einu minnsta myntsvæði í heimi, í útjaðri eins þess stærsta.“ Ásgeir segir kostnaðinn hins vegar aðallega felast í fórn peningalegs sjálfstæðis sem varhugavert geti verið að vanmeta. **- óká**



**ÁSGEIR JÓNSSON** Ásgeir, sem er forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir einhliða upptöku evru hagfræðilega álitlega leið, en trúlega ófæra af pólitískum sökum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Alltaf besta verðið
flottasta úrvalið
GERÐU VERÐ-SAMANBURÐ
Littlest PetShop
Stóri petshop
Auka hús og dýr
– þau smella við
Cars
Disney
Fljúgandi fígúrur
TILBOÐ 799kr
Verð áður 1.299,-
DICKIE SPIELZEUG
TILBOÐ 499kr
Verð áður 999,-
Fisher-Price
Risaeðlur og hellisbúar
Raðturn m/ ljósum og hljóðum
Dóru og Diego þríhjól
DORA the EXPLORER
Rubik's teningurinn
RUBIK'S
TILBOÐ 1.499kr
Verð áður 2.499,-
Gildir til 28. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvað hefur Arnaldur Indriðason selt margar bækur?*

**2.** *Hvað eru mörg ár síðan uppreisn var gerð gegn kommúnistastjórninni í Ungverjalandi?*

**3.** *Hvað heitir íslenska óperan sem var frumflutt í gær?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Gengið frá viðræðuáætlunum hjá SA og verkalýðshreyfingunni:

# Kurteislegir opnunarfundir

**VINNUMARKAÐUR** Formannafundur innan Starfsgreinasambandsins var í gær og fer nú endanleg mótun kröfugerðar að skýrast, að sögn Vilhjálms Birgissonar, formanns Verkalýðsfélags Akraness. Landssamböndin innan Alþýðusambandsins hafa gengið frá viðræðuáætlun við Samtök atvinnulífsins, SA.

Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, segir að fundurinn með SA hafi verið opnunarfundur á kurteislegum nótum. Gengið hafi verið frá viðræðuáætlun og sjónarmið viðruð. Atvinnurekendur bjóði viðræður um að hækka laun þeirra sem ekki hafi notið launaskriðs á við aðra og skoða hækkun á launatöxtum. „Við ætlum að hefja viðræður um launaliði í nóvember og fresta því að leggja fram áherslur í launamálum,“ segir hann og telur að fyrir utan veikindarétt og kröfur á stjórnvöld með öðrum aðildarfélögum ASÍ vilji verslunarmenn ræða sveigjanlegra orlof, slysatryggingar launþega og eftirvinnuákvæði.



**ALÞJÓÐAVÆÐINGIN SNÚIN** Alþjóðavæðingin getur verið svo snúin að Íslendingar geta verið að tapa mikilvægum réttindum, að mati Arnar Friðrikssonar, formanns VM.

Örn Friðriksson, formaður VM, segir að réttindi nokkurra tuga sjómanna á kaupskipum sem eru skráð hjá dótturfyrirtækjum erlendis verði ofarlega á blaði en vegna þessa hafi sjómennirnir ekki rétt til fæðingarorlofs eða atvinnuleysisbætur.

„Þetta er dæmi um það hvað þessi alþjóðavæðing getur verið snúin og vitlaus og ekki bara spurning um kjör erlendra manna heldur geta menn hér verið að tapa mikilvægum réttindum.“ - ghs

DC++ höfundarréttarmálið:

# Velkist enn þá um í kerfinu

**TÆKNI Enn hefur ekki verið ákveðið hvort ákæra á í DC++ málinu svokallaða, segir Björn Þorvaldsson hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra. Rannsókn þess lauk fyrir nokkru en ekkert hefur gerst í málinu síðan. Ákvörðunar er að vænta eftir „vonandi fáar vikur“.**

**Málið hófst í september árið 2004 þegar húsleit var gerð hjá tólf manns, sem grunaðir voru um að dreifa og sækja höfundarréttarvarin gögn með DC++ skráaskiptaforritinu. Þeim tölvum sem voru gerðar upptækar fyrir þremur árum hefur ekki verið skilað.** - sþs








**RÝFUR ÞING** Anders Fogh Rasmussen í ræðustól í Kristjánsborgarhöll í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

# Danir kjósa 13. nóvember

**Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, boðaði til kosninga í gær. Flokkur hans, hægriflokkurinn Venstre, er talinn standa vel að vígi.**

**DANMÖRK** Þingkosningar fara fram í Danmörku hinn 13. nóvember. Þetta tilkynnti Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra á danska þinginu í gær.

Síðast var kosið til þings í Danmörku snemma á árinu 2005 svo að sextán mánuðir eru eftir af kjörtímabilinu. Að sögn Foghs Rasmussen var nauðsynlegt að boða til kosninga nú „til að skapa ró fyrir vinnuna að kerfisumbótaáætlun ríkisstjórnarinnar“.

„Venstre og Íhaldsflokkurinn ganga til kosninga með sameiginlega áskorun til kjósenda um að endurnýja og framlengja umboð ríkisstjórnar flokkanna tveggja um eitt kjörtímabil enn,“ sagði Fogh.

Að mati stjórnmálaskýrenda stendur flokkur Foghs vel að vígi fyrir þessar kosningar. Samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum hafa flokkarnir þrír, sem myndað hafa meirihluta á þingi síðustu kjörtímabil – það er Venstre, Íhaldsflokkurinn og Danski þjóðarflokkurinn sem varið hefur tveggja flokka stjórn Foghs falli – samanlagt naumt meirihlutafylgi. Þessum þremur flokkum er í könnun Politiken.dk spáð 88 þingsætum af alls 179. Stjórnarandstaðan með jafnaðarmenn í broddi fylkingar fengi 75 þingsæti.

Með tilliti til þess hve miklar sveiflur hafa verið í fylgi flokkanna síðustu vikur og mánuði er þó ekki á vísan að róa fyrir núverandi meirihlutaflokka. Mikið kann að verða undir því komið hve feitum hesti hinn nýi flokkur Ny Alliance, sem hinn vinsæli þingmaður Naser Khader fer fyrir, ríður frá þessum kosningum. Ólíklegt virðist þó að Venstre og Íhaldsflokkurinn muni hafa val um að mynda meirihluta án Danska þjóðarflokksins.

Rétt eins og í kosningunum 2001 og 2005 bendir flest til að stefnan í málefnum útlendinga verði áberandi í kosningabaráttunni. Að því er fullyrt er á fréttavef Politiken verður stefnan í velferðarmálum annað stórt kosningamál. Helle Thorning-Schmidt, formaður jafnaðarmanna og forsætisráðherraefni vinstriflokkanna, er sögð munu berjast fyrir því að frekar verði meira skattfé varið til velferðarmála en að skattar verði lækkaðir.

audunn@frettabladid.is

Fundur strandríkja um stjórnun kolmunnaveiða:

# Ísland fær rúm 200.000 tonn

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Á fundi strandríkja um stjórnun kolmunnaveiða, sem lauk í Lundúnum á þriðjudag, náðist samkomulag um að heildaraflamark verði 1.250.000 tonn árið 2008. Samkvæmt samkomulaginu verður íslenskum skipum heimilað að veiða 202.836 tonn.

Samningur um stjórn kolmunnaveiða var gerður síðla árs árið 2005 til að koma böndum á stjórnlausar ofveiðar sem höfðu viðgengist árin þar á undan. Niðurstaða strandríkjanna núna felur í sér að dregið verði úr veiðum milli ára um alls 597.000 tonn, eða 32.32 prósent. Markmiðið er að veiðar séu í samræmi við veiðiráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) innan fárra ára. - shá

# ÚTSALA

## með gjafakorti í Smáralind




**dagana 22. til 27. október**

Nú er tvöfaldur ávinningur af því að versla notaðan bíl á útsölu hjá Bílalandi B&L.
Með hverjum útsölubíl fylgir gjafakort í Smáralind.
Bílar yfir 1 milljón = 100.000 kr. gjafakort
Bílar undir 1 milljón = 50.000 kr. gjafakort

**Útsalan er einnig hjá umboðsmönnum B&L á Selfossi, Akranesi, Keflavík, Akureyri og Egilsstöðum.**

**Engin útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.**
**Nokkur dæmi um bíla á útsölu, gott úrval á staðnum:**



BMW 318, 2000 - Ek. 147 þús.



Hyundai Terracan, 2003 - Ek. 116 þús.



Hyundai Tucson, 2004 - Ek. 75 þús.



Renault Megane ST, 2006 - Ek. 21 þús.



Renault Clio, 2006 - Ek. 20 þús.



Land Rover Freelander, 2001 - Ek. 75 þús.



Hyundai Trajet, 2004 - Ek. 42 þús.



Remault Laguna, 2000 - Ek. 137 þús.



Hyundai SantaFe, 2006 - Ek. 33 þús.



Hyundai Sonata, 2003 - Ek. 93 þús.

bíla land B&L
notaðir bílar



Renault Megane, 2005 - Ek. 39 þús.

Opið frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.

**bilaland.is**
**Grjóthálsi 1 - 575 1200**

**bílaland.is**




Styrkur til kaupa á tækjum:

# Landspítali fær fimm milljónir

**STYRKUR** Brunabótafélag Íslands gaf Landspítalanum fimm milljónir króna í gær. Fyrir peningana á að kaupa tæki til meðferðar brunaáverka á börnum. Gjöfin er í tilefni níutíu ára afmælis félagsins í ár.

Guðmundur Bjarnason, stjórnarformaður Brunabótafélags Íslands, afhenti Magnúsi Péturssyni, forstjóra Landspítalans, gjöfina við athöfn. Þegar hefur verið ákveðið að nota peningana í kaup á tækjum sem á að nota á svæfingar-, gjörgæslu- og skurðdeildum spítalans, samkvæmt fréttatilkynningu. - sþs



**ÁVÍSUN AFHENT** Guðmundur Bjarnason, stjórnarformaður Brunabótafélags Íslands, lætur Magnús Pétursson, forstjóra Landspítalans, fá ávísun upp á fimm milljónir króna.




**ER ÞÖRF Á JAFNRÉTTI?** Engström segir árangur í jafnréttismálum í Svíþjóð vera blekkingu. Jafnvel þótt ríkið sé framarlega í jafnréttismálum megi ekki láta staðar numið.

# Jafnrétti er ekkert grín

**Sænskur starfsmannaráðgjafi til margra ára viðurkennir að hann hafi staðið í vegi fyrir starfsframa fjölda kvenna. Hann segir heiminn vera karlaveröld.**

**JAFNRÉTTI** „Ég er stundum spurður að því hvort gera megi grín að konum, og mitt svar er nei. Við verðum að hætta að grínast með jafnrétti," segir Lars Einar Engström, höfundur bókarinnar Játningar karlrembu – ég vissi ekki að þetta væri svona slæmt.

Hann segir þrennt þurfa að koma til svo jafnrétti geti orðið að veruleika. Ný löggjöf, aukin fræðsla um kyn og breyttar áherslur í uppeldi leikskólabarna.

„Það á að setja í lög kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja, líkt og í Noregi. Margir karlar telja kynjakvóta stuðla að óhæfara starfsfólki en ég hef á mínum ferli aldrei komið inn í fyrirtæki sem ræður til sín óhæft fólk. Auk þess þarf að kenna kynjafræði á öllum skólastigum og leikskólakennarar þurfa að breyta áherslum sínum í uppeldi barna."

Í byrjun bókarinnar segir Engström karla ávallt álitna vera viðmiðið og að konur neyðist til að laga sig að því. Í lok bókarinnar gefur hann aftur á móti konum það ráð haga sér eins og karlar til þess að ná árangri í karlaveröld.

„Fyrirtækjum þarf að breyta innan frá. Konur þurfa að komast að og til þess þurfa þær að haga sér á ákveðinn hátt, því kerfið er eins og það er. Ef konur segja körlum að sökin sé þeirra, hlusta þeir ekki og loka dyrunum. Til þess að opna dyrnar þurfa konur að haga sér á ákveðinn hátt, mér þykir leiðinlegt að segja það, en öðruvísi komast þær ekki inn."

Þegar konur komast í stjórnunarstöður hafa þær ekki endilega femínísk markmið og það er ekki gefið að þær hjálpi öðrum konum.

„Kona sem er ein á báti verður aldrei femínisti. Þess vegna er mikilvægt að margar konur komist að. Háttsettar konur í Svíþjóð viðurkenna aldrei opinberlega að þær hafi rekist á hindranir á leið sinni upp valdastigann. En þegar ég spyr þær að þessu í einrúmi segjast þær hafa átt í miklum erfiðleikum. Þær hafa jafnvel verið ásakaðar um að hafa sofið hjá yfirmönnum sínum. En þær geta ekki sagt þetta opinberlega, því þá er útséð um starfsferil þeirra og þær geta af sömu ástæðu ekki stutt kynjakvóta. Ég held að það sé ekki hægt að vera femínisti og fá framgang í viðskiptaheiminum eins og staðan er í dag."

Engström segir að sama skapi að í viðskiptaheiminum sé betra að sleppa því að tala um jafnrétti og sýna frekar fram á það með vísindalegum rökum að ef starfsmenn eru af báðum kynjum aukist bæði hæfni og hagnaður fyrirtækja, því það vilji allir yfirmenn hámarka.

eva@frettabladid.is

> Margir karlar telja kynjakvóta stuðla að óhæfara starfsfólki en ég hef á mínum ferli aldrei komið inn í fyrirtæki sem ræður til sín óhæft fólk.



**LARS EINAR ENGSTRÖM**
SÁLFRÆÐINGUR






**N1** HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

WWW.N1.IS

Það er öryggisatriði að vera á góðum vetrardekkjum. N1 er með mesta úrval landsins af hjólbörðum og á hjólbarðaverkstæðum okkar færð þú fyrsta flokks þjónustu og góð ráð fyrir veturinn. Svo getur þú auðvitað geymt dekkin hjá okkur.

**N1 - Meira í leiðinni**

HEREFORD
STEIKHÚS

Villibráðadagar fim-sun
fram að jólahlaðborði

Forréttar þrenna
Foie gras með epla-compoti,heitreyktur svartfugl,grafin gæs með hindberja-vinegar

Aðalréttur
Hreindýr með sykurhúðuðum kartöflum, steiktu grænmeti og Waldorf salati

Eftirréttur
Logandi Créme Brulée

Glæsilegt jólahlaðborð hefst föstud. 23 nóv.

**Munið að panta í síma 5113350**



**TVÖ STÓR FÍKNIEFNAMÁL** Hass, kannabisefni og LSD var meðal þess sem lögregla fann við húsleitir í Mosfellsbæ og Reykjavík.

Átta handteknir í fíkniefnamálum í höfuðborginni:

# Sextán ára meðvitundarlaus eftir neyslu fíkniefna

**LÖGREGLUMÁL** Fimm voru handteknir í fyrrinótt eftir að lögreglu á höfuðborgarsvæðinu barst tilkynning um fólk í annarlegu ástandi í húsi í Mosfellsbæ. Þegar lögreglan kom á staðinn voru þar fjórir karlmenn, þrír á þrítugsaldri og einn á fertugsaldri, svo og ein stúlka, sem reyndist vera 16 ára. Hún var meðvitundarlaus en rankaði fljótt við sér. Þau eru öll grunuð um fíkniefnamisferli. Yfirheyrslur yfir fólkinu stóðu enn yfir í gærdag.

Við leit lögreglu í húsinu fannst nokkuð af lyfjum og ein haglabyssa. Einn karlmannanna var með ætluð fíkniefni í fórum sínum en við húsleit á heimili hans í Reykjavík í fyrrinótt fundust einnig ætluð fíkniefni.

Þá fannst talsvert magn fíkniefna við húsleit í fjölbýlishúsi í Breiðholti um miðjan dag í fyrradag en talið er að um sé að ræða amfetamín, hass, LSD og kannabis. Þegar lögreglan kom á vettvang var kona í annarlegu ástandi í íbúðinni ásamt ungri dóttur sinni. Var barnaverndaryfirvöldum því gert viðvart. Móðirin, kona á fertugsaldri, var með ætluð fíkniefni á sér.

Þegar aðgerðir lögreglu voru hafnar komu tveir karlmenn, annar á þrítugsaldri en hinn á fimmtugsaldri, að íbúðinni. Sá yngri reyndi að losa sig við ætluð fíkniefni á stigagangi hússins og kom til átaka við hann, þar sem maðurinn lét mjög ófriðlega. Þurfti að beita varnarúða og kylfu til að hemja hann.

Við leitina var notaður sérþjálfaður lögregluhundur, sem kom að mjög góðum notum. Fólkið var allt handtekið vegna rannsóknar málsins. Yfirheyrslur stóðu enn yfir í gær. **- jss**







Komið og kynnið ykkur þjónustu Atlantic Airways og Hótel Føroyar og Færeyjar sem áfangastað ferðamanna í Kringlunni föstudaginn 26.október milli kl. 12 - 18



Hotel Føroyar ★★★★

ATLANTIC AIRWAYS

www.faereyjaferdir.is



**LÍKIN DREGIN Á LAND** Skilti voru á ströndinni sem vöruðu við sterkum straumi í sjónum. NORDICPHOTOS

Þrír Bretar og einn Þjóðverji:

## Drukknuðu við björgun barna

**PORTÚGAL, AP** Fjórir ferðamenn, þrír Bretar og einn Þjóðverji, á aldrinum 40 til 50 ára, drukknuðu við suðurströnd Portúgals þegar þeir reyndu að bjarga þremur börnum úr sjónum.

Börnin, níu til ellefu ára, voru við leik þegar sterkur straumur bar þau frá landi. Fjöldi fullorðinna á ströndinni, þar á meðal foreldrar þeirra, heyrði þau kalla á hjálp og fór á eftir þeim. Börnin björguðust á land en bresk hjón, bresk kona og þýskur karl festust í sterkum straumnum og drukknuðu. Hjónin voru foreldrar tveggja barnanna og Þjóðverjinn faðir þess þriðja. **- sdg**

**MOSFELLSBÆR**

### Stöðva gröft við Mosfell

Námugröftur Ístaks hf. við rætur Mosfells í landi Hrísbrúar hefur verið stöðvaður af skipulagsnefnd Mosfellsbæjar sem segir ekki tilskilin leyfi fyrir efnistökunni og að af henni sé rykmengun.

Eldur í námugöngum:

# 54 fastir niðri í námu daglangt

**ÁSTRALÍA, AP** **Fimmtíu og fjórir námuverkamenn sátu fastir í átta klukkustundir neðanjarðar í gullnámu eftir að það kviknaði í vörubíl inni í námugöngunum í gærmorgun.**

**Náman er í nágrenni Kalgoorlie í Ástralíu.**

**Námuverkamennirnir voru fluttir í skyndi inn í neðanjarðarneyðarskýli, eftir að það tókst að bjarga þeim, að sögn talskonu námufyrirtækisins.**

**Greiðlega gekk að slökkva eldinn en mennirnir þurftu að dúsa í neyðarskýlinu þar sem óttast var að þeir hefðu fengið reykeitrun.** - sdg

Samkeppni sjávarútvegsfyrirtækja við erlend fyrirtæki á ójöfnum forsendum:

# Þak á kvótaeign hamlandi

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Samkeppni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja við sambærileg fyrirtæki frá stærri löndum fer fram á ójöfnum forsendum, þar sem sjávarútvegi er víða í mun fjölmennari ríkjum en Íslandi haldið uppi með greiðslum frá skattborgurum. Þetta var meðal þess sem kom fram í erindi Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra á sjávarútvegsráðstefnu í Álaborg í Danmörku á þriðjudag.

Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, tók undir orð ráðherrans og sagði að 12 prósent þak á heildareign fyrirtækja á kvóta væri verulega hamlandi fyrir íslensk fyrirtæki í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem flest íslensk sjávarútvegsfyrirtæki standa frammi fyrir. „Rekstrarumhverfi sjávarútvegs á Íslandi er erfitt. Það eru mun meiri hömlur á sjávarútvegi en á öðrum atvinnugreinum. Ég tel að þetta muni breytast og að rekstrarumhverfi sjávarútvegsins muni smám saman verða eins og gengur í öðrum greinum,“ sagði Eggert.

Á ráðstefnunni kom fram gagnkvæmur áhugi þátttakenda á nánara samstarfi Íslands og Danmerkur í sjávarútvegi. Ráðstefnan nú var vel sótt og tóku fulltrúar frá Danmörku, Íslandi, Noregi, Grænlandi og Færeyjum þátt. Það voru íslenska sendiráðið í Danmörku, Glitnir, Dansk-íslenska viðskiptaráðið og Danfish sem stóðu að ráðstefnunni. - shá



**FRÁ ÁLASUNDI** Sjávarútvegsráðherra segir samkeppni fara fram á ójöfnum forsendum vegna styrkja við sjávarútveg erlendis. MYND/RSJ



**FISKUR Á ÞURRU LANDI** Aðgerðarsinni úr röðum Grænfriðunga í fiskbúningi náði að troða sér inn í lyftu í byggingu Evrópuþingsins í Strassborg í Frakklandi. Lagði hann leið sína þangað til að vekja athygli á verndun sjávar. NORDICPHOTOS/AFP



**GEORGE W. BUSH BANDARÍKJAFORSETI** Hyggst biðja Bandaríkjaþing um að endurnýja viðskiptabannið á Kúbu sem verið hefur undanfarna áratugi. AP

Bush Bandaríkjaforseti:

# Biður ríki um að hjálpa Kúbu

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti kallaði í gær eftir því að ríki heims myndu hjálpa Kúbu að verða frjálst samfélag með því að leggja fram fjárhagslegan og pólitískan stuðning.

Lítið hefur breyst í samfélagsgerð Kúbu þó að Fidel Castro, leiðtogi þjóðarinnar, hafi verið óvirkur síðustu misseri vegna veikinda. Bróðir hans, Raul, hefur stjórnað á meðan.

Bush vill stuðla að breytingum með því að veita kúbverskum nemendum meðal annars aðgengi að neti og námsstyrki. - sdg

Borgarráð Reykjavíkur:

# Fundað í fimm þúsundasta sinn

**STJÓRNMÁL** **Borgarráð Reykjavíkurborgar fundar í dag í fimm þúsundasta sinn frá upphafi. Borgarráð var formlega stofnsett með samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 1932. Samþykktin hlaut staðfestingu ráðherra 23. júlí sama ár og öðlaðist gildi 1. ágúst, að því er fram kemur á vef Reykjavíkurborgar.**

**Á fyrsta fundi bæjarráðs, sem þá hét, sátu Guðmundur Ásbjörnsson, Hermann Jónasson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson og Stefán J. Stefánsson. Fyrsti formaður ráðsins var Knud Zimsen borgarstjóri.**

**Núverandi formaður borgarráðs er Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins. Aðrir sem eiga sæti eru Björk Vilhelmsdóttir, Svandís Svavarsdóttir, Margrét Sverrisdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson.** - mh

**BLÁSKÓGABYGGÐ**

**Girt beggja vegna vegar**

Girðing öðrum megin við veginn á Lyngdalsheiði mun auka hættu á því að búfénaður verði á veginum og stefnir þeim sem fara um veginn í meiri voða, segir sveitarstjórn Bláskógabyggðar sem vill því að girt verði beggja vegna vegarins.

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

LÝÐHEILSA OG SAMFÉLAG

Málþing Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
haldið í Ásnum, fundasal Landspítala - háskólasjúkrahúss við Hringbraut
laugardaginn 27. október kl. 9:00 - 16:00 (salurinn er inn af mötuneytinu)

**9:00-10:15**
**Opinbert eða einkarekið?**

**Birna Jónsdóttir,** formaður Læknafélags Íslands
**Ögmundur Jónasson,** alþingismaður

**10:30-12:00**
**Er heilbrigðisþjónustan fyrir alla?**

**Margrét Guðjónsdóttir,** framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri
**Sigursteinn Másson,** formaður Öryrkjabandalags Íslands
**Steinunn Þóra Árnadóttir,** varaþingmaður

**13:00-14:30**
**Heilbrigt fólk í heilbrigðu samfélagi.**

**Þórólfur Þórlindsson,** forstjóri Lýðheilsustöðvar
**Sigmundur Sigfússon,** geðlæknir hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri
**Lilja Sigrún Jónsdóttir,** landlæknisembættinu
**Sigríður Kristinsdóttir,** sjúkraliði

**14:45-16:00**
**Siðferði og læknavísindi.**

**Ólafur Páll Jónsson,** heimspekingur
**Jón Snædal,** formaður siðfræðiráðs Læknafélagsins og forseti Alþjóðasamtaka lækna
**Steinunn Blöndal,** ljósmóðir

**Málþingið er öllum opið meðan húsrúm leyfir.**

LA Z BOY



LA-Z-BOY SÓFI MEÐ BORÐI Á MILLI

69.980

ÁÐUR 169.980

**NÚNA 55% AFSLÁTTUR**

**RIALTO** 3. sæta La-z-boy sófi, með skemmli beggja vegna, og borði í miðjunni.
B:205 D:96 H:49/102 cm.

# FRÁBÆR

## KAUP - AÐEINS Í 4 DAGA!



**30% AFSLÁTTUR**

**29.980**
áður: 44.980

**ANDERSON** La-z-boy stóll B:85 D:85 H:45/100 cm
fæst einnig með ljósu áklæði.

CARDINAL LA-Z-BOY STÓLL

49.980

ÁÐUR 69.980



**NÚNA 25% AFSLÁTTUR**

**CARDINAL** La-z-boy stóll
B:95 D:90, fæst í nokkrum litum.





**25% AFSLÁTTUR**

**39.980**
áður: 54.980

**ASPEN** La-z-boy stóll B:85 D:85 H:45/102 cm,
fæst einnig dökkbrúnn.

MasterCard VISA * Mánaðarleg meðaltalsgreiðsla á VÍSA eða MasterCard staðgreiðslulánum með breytilegum vöxtum og 3% stimpil og lántökugjaldi

HÚSGAGNAHÖLLIN



**39.980**

**30% AFSLÁTTUR** áður: 59.980

**BOJANNA** eldhúsborð króm/hvítt B:100 L:170/270 cm

**ANDREW** stóll, fæst brúnn og kremaður
kr. **9.490** áðu kr. ~~12.980~~



**GINGER**
**3 SÆTA SÓFI**
**29.980**
**ÁÐUR 49.980**

**NÚNA 40% AFSLÁTTUR**



**19.980**

**50% AFSLÁTTUR** áður: 39.980

**TUB** stóll, rautt bycast leður, eilítið útlitsgallaður
B:80 D:75 H:47/75 cm

**7.980**

**20% AFSLÁTTUR** áður: 9.980

**KEN** barstól, fæstl króm/hvítur, króm/svartur, króm/rauður

**MATHILDE** barstóll
svart eða hvítt leður.
Kr. **9.980** áður kr. ~~13.980~~



Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 **OPIÐ ALLA DAGA**

## „ORÐRÉTT“

*Flýja eldinn*

**„Við viljum bara komast heim til að sjá hvort húsið okkar er í heilu lagi.“**

JÓNA VALDEZ, ÍSLENDINGUR SEM BÝR Í SAN DIEGO, ÞURFTI AÐ YFIRGEFA HEIMILI SITT ÁSAMT FJÖLSKYLDU SINNI VEGNA SKÓGARELDA.

Fréttablaðið, 24. október.

*Kemur á óvart*

**„Auðvitað hefði maður viljað skora sigurmarkið og vera hetjan.“**

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN EFTIR MARKALAUST JAFNTEFLI BARCELONA GEGN RANGERS Á ÞRIÐJUDAG.

Morgunblaðið, 24. október.

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** DRÍFA HJARTARDÓTTIR, FYRRUM ALÞINGISKONA

## Hefur tíma til að taka slátur



„Ég er búin að vera heilmikið í haustverkum heima hjá mér á Keldum,“ segir Drífa Hjartardóttir, sem lét af þingmennsku fyrir Sjálfstæðisflokkinn í vor. „Ég er búin að gera slátur og hef verið að breyta eldhúsinu hjá mér og baðinu. Ég hef getað tekið þátt í smalamennsku og öllu sem því tilheyrir. Ég hef ekki getað gert það á meðan ég var á þinginu,“ segir Drífa. Hún segist þó ekki fegin því að vera laus af Alþingi. „Það er náttúrlega líf eftir Alþingi en auðvitað sakna ég þingsetu, ég neita því ekki. Mér fannst það skemmtilegur staður og virkilega gaman að takast á við þau verkefni sem ég var með þar.

Síðan er ég auðvitað að starfa heilmikið hjá Landssambandi sjálfstæðiskvenna. Ég er þar formaður og er heilmikið að snúast í kringum það. Svo er ég í hinum ýmsu stjórnum og nefndum þannig að ég hef alveg nóg að gera.“

Drífa er á leið utan í nóvember. „Ég ætla að fara á fund hægri flokkanna á Norðurlöndum um jafnréttismál. Hann verður haldinn í Ósló. Við förum þangað allavega þrjár frá Landssambandinu.“

Og það tekur sinn toll að búa í sveit en sinna fjölda nefndarstarfa. „Já, ég er mikið að ferðast í og úr sveitinni. Ég er yfirleitt svona hálfa vikuna í Reykjavík, þannig að ég er mikið á ferðinni enn þá og mikið á þjóðvegunum.“

## POPPKORN:

**EKKI MEÐ KRAFTWERK**



■ Poppkorn er talið vera mörg þúsund ára gamalt góðgæti. Lagið Popcorn, sem Íslendingar þekkja helst sem upphafsstefið úr sjónvarpsþáttunum Nýjasta tækni og vísindi, er nokkuð yngra, en var þó hið fyrsta úr flokki raftónlistar til að ná efsta sæti vinsældalista í Bandaríkjunum árið 1972. Lagið er einnig eitt mest flutta lag sögunnar, en til eru yfir 500 ólíkar útgáfur af því. Lagið, sem Gershon Kingsley samdi, er oft ranglega eignað þýsku sveitinni Kraftwerk, sem merkilegt nokk hefur þó aldrei leikið lagið svo vitað sé.

## SJÓNARHÓLL

**TÍMASETNING JÓLAAUGLÝSINGA**

### Markaðssetningin neikvæð



**SJÖFN ÞÓRÐARDÓTTIR** Verkefnisstjóri hjá Heimili og skóla, landssamtökum foreldra.

„Þetta er allt of snemmt á sama hátt og mér finnst að jólatónlist eigi ekki að hljóma í útvarpinu fyrr en 1. desember,“ segir Sjöfn Þórðardóttir þegar hún er spurð hvað henni finnst um að jólaauglýsingaherferð fyrirtækja er hafin. „Þetta er neikvætt vegna þess að þetta byggir upp ákveðið stress í fólki. Ég held að þetta hafi neikvæð áhrif á börnin og fjölskylduna. Krakkar byrja kannski of snemma að spá í jólin og allt sem þeim fylgir. Ég held að það sé ekki rétt að markaðssetja jólin svona snemma.“

Aðspurð hvað sé jákvætt í því að fyrirtækja auglýsa jólavarning svo snemma sem raun ber vitni segir Sjöfn það geta verið að hagsýnir neytendur sjái sér leik á borði. „Hins vegar tel ég líklegra að fólk versli einfaldlega meira en það hefði annars gert, og til þess er leikurinn gerður. Þetta snýst um neyslu og börnin verða því miður stundum fyrir barðinu á því.“

# Mannætur búa í frumskóginum og barnaþrælkun er í námunni

**Mannætur búa í frumskóginum í Indónesíu sem fara þarf í gegnum til að komast á Carstenz Pyramid, hæsta fjall Eyjaálfu, og er talið að þær hafi síðast gætt sér á fólki árið 1987. Ásgeir Jónsson fjallgöngumaður lét þetta þó ekki stoppa sig, né heldur meinta barnaþrælkun í einni stærstu námu veraldar, þegar hann gekk á toppinn.**

Ásgeir gekk á Carstenz Pyramid í byrjun október ásamt sjö manna hópi frá Suður-Afríku og tveimur frá Bandaríkjunum. Gangan á Carstensz Pyramid var liður í þeirri ætlun Ásgeirs að ljúka göngu á hæstu tindana í álfunum sjö á næstu árum. Carstensz Pyramid er á afskekktum stað inni í miðjum frumskóginum í Indónesíu þar sem enn eru mannætur og ein stærsta gull- og koparnáma í heimi, svokölluð Freeport. Talið er að barnaþrælkun viðgangist í námunni og þarf að fá leyfi til að fara þar um. „Miklar sögur ganga um þessa námu og flestar slæmar, þeir eru sakaðir reglulega um barnaþrælkun og árið 2001 voru þrír ferðamenn frá Bandaríkjunum skotnir þarna til bana,“ segir Ásgeir.

Leiðangursmenn fóru fótgangandi gegnum frumskóginn að búðunum við Carstensz Pyramid. Fjórar stúdentar frá háskólanum í Djakarta ætluðu að klífa tindinn árið 1987 en ættbálkur réðst á þá og allir voru þeir drepnir en aðstoðarmönnunum sleppt. „Aldrei fannst tangur né tetur af stúdentunum en ættbálkurinn er þekktur fyrir mannát og talið öruggt að þeir hafi verið étnir. Ættbálkurinn hefur líklega bara ekki kunnað við að borða fólk með sama húðlit og það sjálft,“ segir hann og bætir við að í dag sé fyrst og fremst um mannfórnir innan ættbálksins að ræða.

**Skriða féll í námunni**

Ásgeir og félagar hans urðu að gera tvær tilraunir til að fara í gegnum námuna í gömlum hertrukkum. „Á móti okkur tóku þrír hermenn með alvæpni. Útskýrt var fyrir okkur að við yrðum að leggjast alveg flöt á bekkina og mættum ekki láta neitt á okkur bera meðan við færum fram hjá tveimur eftirlitsstöðvum. Við förum úr 300 metra hæð í 2.800 metra á þremur tímum og vegirnir voru hrein hörmung. Þegar við komum að eftirlitsstöðvunum lögðumst við marflöt og þorðum varla að anda.“



KIRFILEGA LÆST MEÐ SLAGBRÖNDUM „Öðru hvoru keyrðum við framhjá stórum dyrum sem voru kirfilega læstar með slagbröndum,“ segir Ásgeir sem hér sést með einum af aðstoðarmönnunum í ferðinni. Í baksýn glittir í Freeport-námuna en þar er talið að barnaþrælkun eigi sér stað.




Ásgeir segir það hafa verið ólýsanlegt sem bar fyrir augu í námunni, allt krökkt af risastórum vinnuvélum og dekkin á mörgum þeirra stærri en hertrukkarnir. Ljóskastarar hafi lýst upp myrkrið og rigninguna og gufa spýst úr pípum og rörum út um allt. Göngin sjálf hafi verið frumskógur af göngum, „maður bað bara bænirnar sínar í von um að bílstjórinn myndi ekki villast,“ segir hann.

„Öðru hvoru keyrðum við fram hjá stórum dyrum sem voru kirfilega læstar með slagbröndum og varð fátt um svör þegar maður spurði hvað þarna væri, aðeins talað um leynilegar rannsóknir. Þegar við áttum bara hálfan kílómetra eftir þá komum við að skriðu sem hafði fallið á einn af trukkunum og önnur ökutæki þannig að við urðum að snúa við.“

Nóttina eftir var aftur farið í gegnum námuna og þá gekk ferðin eins og í sögu. Leiðangurinn skipti sér í tvo hópa og gengu þeir hvor sinn daginn á fjallið. „Þverhnípið sjálft byrjar í 4.100 metrum og toppurinn er síðan í 4.884 metra hæð, eða tæplega 800 metrar af nánast lóðréttum hamri. Algjör snilld,“ segir Ásgeir.

**15 metra breið sprunga**

Svo óvenjulega vildi til að nóttina sem Ásgeir lagði í hann fór að snjóa í búðunum og varð því lítið um svefn. Hann segir að sumir leiðangursmanna hafi verið svo hræddir að þeir hafi nánast farið upp og niður á rassinum. Fara þurfi 700-800 metra eftir hryggnum á toppinn sjálfan og hryggurinn sé örmjór. Erfiðastar séu þrjár sprungur sem ganga þvert í gegn. „Yfir tvær þeirra er hálfpartinn hægt að klofa með smá jafnvægisæfingum en sú þriðja er um 15 metra breið og yfir hana var búið að strengja línu. Frekar ógnvekjandi en engu að síður mjög spennandi.“

Á leiðinni til baka fengu leiðangursmenn upplýsingar um að skotbardagi hefði verið milli hersins og lögreglunnar í Timika. „Ástæðan var mögnuð, lögreglan hafði verið svo ósvífin að gefa einhverjum liðsforingja sekt fyrir að aka of hratt. Það er greinilegt að lögreglan mun hugsa sig tvisvar um áður en hún gerir þetta aftur.“

ghs@frettabladid.is

RV Unique

**RV Unique örtrefjaræstikerfið**

*- hagkvæmt, vistvænt og mannvænt*




**Rekstrarvörur**

*- vinna með þér*

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV UNIQUE 100706

# HELGAR BOMBA

fimmtudag, föstudag, laugardag & sunnudag

# 35% afsláttur

## af ÖLLUM flísum*

Gólfflísar, veggflísar og glermósaik

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Vnr.0113563
**Plastparket**
Plastparket kirsuber, ljóst, 8,3x195x1210 mm

Helgarbomba
790 kr./m²
1.290

HELGAR-BOMBUTILBOÐ Á VÖLDU PARKETI

PARKETT VITO clic

Vnr.0113700
**Parket**
VITO smelluparket eik rustic, 14x204x2280 mm.

Helgarbomba
2.990 kr./m²

PARKETT VITO clic

Vnr.0113703
**Parket**
VITO smelluparket, eik matt lakk, 204x2280 mm.

Helgarbomba
2.990 kr./m²

Vnr.0113857/65
**Parket**
Woodline Full plank eik, rustic, 145x1820 mm, olíuborið eða lakkað.

Helgarbomba
3.990 kr./m²
5.990

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

## Svona erum við

> Fjöldi staðfestra samvista samkynhneigðra frá 1996.




baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**EFTIRMÁL: HLÍÐIN SEM RANN NIÐUR Í HEILU LAGI**

# *Missti hluti sem ekki er hægt að bæta*

Milljónatjón varð þegar vatnsstokkur frá stíflunni í Gönguskarðsvirkjun við Sauðárkrók sprakk í apríl síðastliðinn með þeim afleiðingum að vatn sprautaðist út með miklu krafti og kom af stað aurskriðu. Enginn slasaðist en sjö hús skemmdust. Lúðvík Friðbergsson íbúi við Lindargötu, þar sem skriðan féll, segir málið vera frágengið ef frá er talið mat á lóðaskemmdum.

„Það sem snýr að mér er að TM, tryggingafélag Rarik, gekk frá öllu varðandi eignatjón á húsinu og innbúinu. Það náðist sátt með greiðslur á þeim hluta. Út af borðinu standa hins vegar lóðirnar hjá öllum sem lentu í tjóninu. Það náðist ekki sátt um bætur fyrir þær svo nú stendur til að þær verði metnar af hlutlausum aðila.“



Lúðvík segir í dag yrði ekki leyft að byggja á þessum stað en menn hafi ekki að tekið tillit til flóðahættu í gamla daga líkt og sjá má víða um land. Lúðvík á tvö hús í götunni. Annað þeirra er elsta hús Sauðárkróks. Talsverðar skemmdir urðu á því en viðgerðir standa yfir.

„Lóðin er öll undirlögð vegna framkvæmdanna. Ég hef því ekkert verið að stressa mig á þessum tryggingagreiðslum. Ég missti allt í aurskriðunni. Hluti sem ekki er hægt að bæta með peningum. Ég týndi leikföngum sem pabbi gaf mér, teikningum sem dóttir mín teiknaði í skólanum og hlutum frá ömmu minni. Ég sagðist ekki vilja neina peninga heldur vilja fá hlutina mína aftur. Matsmennirnir sem mátu innbúið okkar voru mjög almennilegir og gáfu okkur frið til að melta það sem gerðist.“

**SPURT & SVARAÐ**
**BEIÐNI UM AÐ FRESTA ÚTBOÐI VEGNA GJÁBAKKAVEGAR**

## *Ógn við Þingvallaþjóðgarð*



**BERGUR SIGURÐSSON** Framkvæmdastjóri Landverndar.

Landvernd hefur beðið samgönguráðherra um að láta fresta útboði vegna Gjábakkavegar. Beiðnin verður skoðuð í næstu viku.

**Af hverju vill Landvernd fresta útboðinu?** Unesco verður að fá tóm til að fjalla um málið. Þetta gæti varðað framtíð og stöðu Þingvallaþjóðgarðs á heimsminjaskrá.

**Hverju er stefnt í hættu með þessum vegi?** Óvíst er um stöðu Þingvalla ef öll sumarbústaðaumferðin fer í gegnum þjóðgarðinn með fellihýsin og hjólhýsin. Við getum átt fleiri möguleika með skráningu því þjóðgarðurinn gæti átt fullt erindi á skrána vegna sérstakrar náttúru. Það er því tvöföld ógnun í þessu.

**Hvað þurfið langan tíma?** Ég veit það ekki. Landvernd er aðili að alþjóðlegu náttúruverndarsamtökunum og við munum óska eftir því að málið fái eins fljóta meðferð og hægt er. Við gætum verið að tala um einhverja mánuði eða í mesta lagi ár.

# Sáttmálauppfærsla til framtíðar

**Að leiðtogum Evrópusambandsins skyldi takast á fundi sínum í Lissabon í liðinni viku að samþykkja svonefndan Umbótasáttmála markar mikinn áfanga í sögu sambandsins.**



**SIGRI HRÓSANDI** Jose Socrates, forsætisráðherra Portúgals sem gegnir formennskunni í ESB, var sýnilega ánægður þegar sátt hafði náðst um nýja sáttmálann. NORDICPHOTOS/AFP

Sáttmálinn er nýjasta uppfærsla stofnsáttmála ESB og á að koma í stað stjórnarskrársáttmálans strandaða. Með samþykkt nýja sáttmálans virðist sambandið á leið út úr þeirri kreppu sem það hefur verið í síðan franskir og hollenskir kjósendur höfnuðu stjórnarskrársáttmálanum snemmsumars 2005.

Segja má að nýi sáttmálinn sé „strípaður“ stjórnarskrársáttmáli; í honum er að finna mörg helztu atriðin úr stjórnarskrársáttmálanum. Meginmarkmið beggja er líka það sama: að laga ákvarðanatöku og stofnanakerfi í sambandinu að hinni miklu fjölgun aðildarríkja og gera sambandinu kleift að láta meira að sér kveða á alþjóðavettvangi. Með öðrum orðum: að pólitískt vægi ESB í alþjóðakerfinu endurspegli betur hið mikla efnahagslega vægi þess.

Meðal helstu breytinga sem til stendur að innleiða með „umbótasáttmálanum“ er að festa í sessi nýtt kerfi atkvæðavægis við töku ákvarðana með vegnum meirihluta og fjölga jafnframt málefnasviðum þar sem ákvarðanir eru teknar með þeim hætti í stað samhljóða samþykkis. Hin mikla fjölgun aðildarríkja úr 15 í 27 kallar á þessa breytingu. Fækka á sætum í framkvæmdastjórninni, stofna á varanlegt embætti forseta leiðtogaráðs ESB og efla á embætti utanríkismálastjóra ESB.

### Lífríki hafsins á valdsvið ESB

Með íslenzka hagsmuni í huga er vert að nefna, að í „umbótasáttmálanum“ er að finna sömu nýju ákvæði um sjávarútvegsmál og voru í stjórnarskrársáttmálanum. Breytingarnar felast í því að verndun lífríkis sjávar í lögsögu ESB verður eingöngu á hendi yfirþjóðlegra stofnana ESB („exclusive competence“). Að öðru leyti verða sjávarútvegsmál eftir sem áður að hluta í höndum yfirvalda í hverju aðildarríki og að hluta í höndum ESB, í nafni sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar.

Af þessu – að verndun lífríkis hafsins færist alfarið á valdsvið yfirþjóðlegra stofnana ESB – má draga þá ályktun að erfiðara en ella kynni að verða að semja um sjávarútvegsmál ef til aðildarsamninga Íslands við ESB skyldi koma.

### Naflaskoðun hætt

Nýi sáttmálinn var samþykktur eftir aðeins þriggja mánaða langa ríkjaráðstefnu, sem er til merkis um þá samstöðu sem náðst hefur meðal ríkisstjórnanna 27 um að nú sé kominn tími fyrir sambandið til að hætta að kvelja sjálft sig með eilífu karpi um eigin innri starfshætti og snúa sér þess í stað að því að framfylgja markmiðum sínum út á við.

Enda orðaði Jose Socrates, forsætisráðherra Portúgals sem gegnir formennskunni í ESB síðari helming ársins, það þannig að með nýja sáttmálanum væri bundinn endi á áralanga kreppu og sambandið búið undir að stíga mikilvæg framfaraskref í hinum ýmsu stefnumálum, svo sem í innflytjendamálum, loftslagsmálum, atvinnumálum, utanríkismálum og í baráttunni gegn hryðjuverkum.

„Við höfum nýjan og góðan sáttmála. Sáttmála sem leysir ágreining fortíðarinnar og setur Evrópu (les: Evrópusambandið) í stöðu til að horfa einbeitt til framtíðar,“ sagði Socrates er hann mælti fyrir nýja sáttmálanum á Evrópuþinginu í Strassborg á þriðjudag.

### Almenningskynning lykilatriði

Á þeim fundi hröktu þingmenn ráðamenn ESB í vörn með því að krefjast þess að þeir útskýrðu betur fyrir evrópskum almenningi í hverju mikilvægi nýja sáttmálans fælist fyrir íbúa álfunnar. Evrópuþingmennirnir hvöttu Socrates og Jose Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, til að þrýsta á ríkisstjórnir aðildarríkjanna til að kynna innihald sáttmálans fyrir kjósendum, en hann verður að hljóta lögformlega fullgildingu í öllum ríkjunum 27 til að geta tekið gildi.

Þingmenn gagnrýndu, að margir leiðtoganna hefðu er þeir sneru heim til sín af leiðtogafundinum í Lissabon lagt alla áherzlu á að tala um þær undanþágur og sérreglur sem þeir hefðu fengið í gegn við gerð nýja sáttmálans. „Við sáum ekki einn einasta leiðtoga snúa heim með Evrópufánann á lofti; þess í stað töluðu þeir sem hæst um undanþágurnar ... útilokanirnar sem afskræmdu textann sem við höfum fyrir framan okkur nú,“ sagði til dæmis Graham Watson, leiðtogi þingflokks frjálslyndra demókrata. „Hvernig getið þið ráðherrarnir vænzt þess að sannfæra almenning ef þið hljómið svona ósannfærðir sjálfir?“ spurði hann Socrates ráðherraráðsforseta.

Í mörgum aðildarríkjunum er uppi háværkrafa um að nýi sáttmálinn verði borinn undir þjóðaratkvæði. Að fenginni reynslu af þjóðaratkvæðagreiðslunum um stjórnarskrársáttmálann vilja ráðamenn þó forðast það í lengstu lög og segja að þar sem nýi sáttmálinn feli ekki í sér mikið aukið framsal á valdi þjóðríkjanna sé nægilegt að þjóðþingin annist fullgildinguna. Aðeins á Írlandi mun örugglega verða kosið um sáttmálann, en þar kveða stjórnlög á um að það sé gert. Í hinum löndunum 26 er það pólitískt matsatriði. Bretland og Danmörk eru dæmi um lönd þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla á sér öfluga talsmenn.

Þannig að þótt þeim áfanga sé náð að leiðtogar sambandsins hafi komið sér saman um arftaka hins strandaða stjórnarskrársáttmála, sem þeir vona að geti gagnast sem grundvallarleikreglur ESB í talsvert mörg ár án þess að til nýrrar uppfærslu þurfi að koma, þá er kálið ekki sopið fyrr en í ausuna er komið.

### STJÓRNARSKRÁR- OG UMBÓTASÁTTMÁLI

Stjórnarskrársáttmálinn svonefndi var saminn fyrst af sérskipuðu stjórnarskrárþingi, þar sem fulltrúar frá öllum þáverandi og tilvonandi aðildarríkjum sambandsins auk framkvæmdastjórnarinnar og Evrópuþingsins áttu sæti. Niðurstaða stjórnarskrárþingsins var síðan rædd á hefðbundinni ríkjaráðstefnu og samþykkt af ríkisstjórnum allra aðildarríkjanna í árslok 2004. Nýi sáttmálinn gat hins vegar ekki tekið gildi fyrr en hann hlyti lögformlega fullgildingu í öllum aðildarlöndunum, í samræmi við stjórnlög hvers þeirra. Þannig strandaði sáttmálinn er meirihluti kjósenda fyrst í Frakklandi og síðan í Hollandi höfnuðu fullgildingu hans.

Síðan þá hafa ráðamenn ESB-ríkjanna 27 komið sér saman um að sía vissar kjarnaumbætur út úr stjórnarskrársáttmálanum og innleiða þær síðan helzt án þess að um þær verði kosið í þjóðaratkvæðagreiðslum. Þessi málamiðlunarleið út úr „stjórnarskrárkreppunni“ liggur nú fyrir í formi nýja sáttmálans, sem kallaður hefur verið „umbótasáttmálinn“.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is


# Hitavörður



» Stendur vörð um innra hitastig kjötsins. Margreyndur í að ráða við erfiðar aðstæður og þjálfaður í að bregðast skjótt við ef upp úr sýður. Hefur um árabil átt gott samstarf með nautakjöti, lambi og svínakjöti svo fátt eitt sé nefnt.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is | kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA




# LANCÔME KYNNING Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI 25. – 31. OKTÓBER

## SNYRTI- OG FÖRÐUNARFRÆÐINGAR LANCÔME SÝNA NÝJUSTU FÖRÐUNAR-TÆKNINA FRÁ PARÍS OG BJÓÐA UPP Á HÚÐGREININGU MEÐ NÝRRI TÖLVU

**Komdu og fáðu persónulega ráðgjöf svo húðin þín hljóti aðeins það besta.**

Að sjálfsögðu eru nýir, spennandi og öðruvísi hlutir með haust/vetrarlitunum frá Lancôme. Að þessu sinni er það fyrst og fremst Destiny Cube töfrateningurinn sem inniheldur 2 augnskugga og 2 varaliti. Einstakur og eigulegur hlutur.

**Veglegir og glæsilegir kaupaukar fylgja þegar keyptar eru Lancôme vörur fyrir 5.500 kr. eða meira***

*snyrtitaska ásamt 5 vörum í lúxusstærðum. Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# RISA

## ÚRVALSBÍLAMARKAÐUR Í FÍFUNNI
## 25. - 28. OKTÓBER







**BNB - sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Hvað er úrvalsbíll?**
- 12 mánaða viðbótarábyrgð
- Ef hann bilar sjáum við um viðgerð
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Umframábyrgð á bremsuhlutum
- 14 daga skiptiréttur

GLITNIR

* M.v. 100% Bílasamning Glitnis Fjármögnunar til 84 mánaða. Myntkarfa GL3.
Ath. með fjármögnun verður heildargreiðsla hærri en verð bílsins.

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 39499 10/07

www.toyota.is

ÚRVALSBÍLAMARKAÐUR Í FÍFUNNI ★ RISA ÚRVALSBÍLAMARKAÐUR

# BYRJAR Í DAG



Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo fylgir hverjum seldum bíl og gilda í eitt ár frá kaupum.

# VELDU ÚRVALSBÍLINN ÞINN

## ÁÐUR EN EINHVER ANNAR GERIR ÞAÐ!

- Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo fylgja hverjum seldum bíl**
- Allt að 100% fjármögnun í boði Glitnis Fjármögnunar
- Allir bílar á heilsársdekkjum
- 5000 kr. gjafakort í Saga Boutique***
- Starfsfólk Glitnis Fjármögnunar veitir ráðgjöf á staðnum
- Léttar kaffiveitingar

## HAFÐU HRAÐANN Á ÞVÍ ÞESSIR BÍLALEIGUBÍLAR STALDRA STUTT VIÐ!



AVENSIS
Verðdæmi: 2.220.000,-
Afborgun pr. mán. 35.320,-*

m.v. sjálfskiptan



RAV4
Verðdæmi: 2.660.000,-
Afborgun pr. mán. 42.292,-*

m.v. sjálfskiptan

## OPIÐ:

Fimmtudag og föstudag: 10 - 21
Laugardag og sunnudag: 10 - 18

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

** Flugvallarskattar ekki innifaldir.
*** Gjafakort í Saga Boutique fylgir með hverju afgreiddu láni frá Glitni Fjármögnun.

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

## Útgjöldin

> Neysla gosdrykkja á hvern Íslending í lítrum á ári.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
hagur heimilanna

**NEYTANDINN:** VALGERÐUR GUÐRÚN GUÐNADÓTTIR SÖNGKONA

## *Hondan var óhappabíll*



„Ég held að ein bestu kaupin sem ég hef gert séu svört leðurstígvél sem ég keypti í Valmiki í Kringlunni fyrir tæpum tveimur árum. Ég notaði þau svo mikið að hællinn datt af á endanum, en sem betur fer gat skósmiður lagað það," segir Valgerður Guðrún Guðnadóttir söngkona um sín bestu kaup. „Þessi stígvél kostuðu svolítinn pening en þau voru fullkomlega þess virði."

Hún segist einnig halda mikið upp á tvær kápur sem hún keypti fyrir smápeninga í London. „Ég held að þær hafi kostað um þúsund kall stykkið, þannig að ég keypti bara tvær. Maður fær ekki kápu á þúsund krónur á Íslandi."

Spurð um slæmu kaupin nefnir Valgerður bifreið af tegundinni Honda Civic sem hún átti fyrir mörgum árum. „Hondan gerði sitt gagn en var mikill óhappabíll. Hún lenti í mörgum árekstrum og kostaði okkur mikið út af viðgerðum og slíku."

Að lokum nefnir hún taílenska wok-pönnu sem hún keypti með það í huga að vera dugleg í taílenskri matargerð. Það hafi hins vegar ekki gengið alveg eftir. „En ég er að taka mig á með þetta, ég hef notað hana nokkrum sinnum til að steikja núðlur."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SÁPAN STÖÐVAR LEKANN

■ *Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, segir gömlu ráðin duga best.*



Sigurður Helgi lítur oft í bókina Amerísk ráð, frá árinu 1922. Þar má finna ráð til að stöðva leka í húsum. Hálft pund af þvottasápu er skafið upp í smáspæni og látið bráðna baka til á eldavélinni. Svo er hálfu pundi af mulinni og hreinsaðri krít þeytt samanvið; þetta er borið á rifur, þar sem lekinn er, og mun það stöðva lekann.

„Þeir sem kvarta undan leka til Húseigendafélagsins fá þessa uppskrift. Enginn hefur kvartað enn, því þetta er ekki bara húsráð, þetta er þjóðráð. Þarna má með með einföldum hætti leysa milljónavandamál!"

■ **Neytendamál**

## Innflutningur á möndlum takmarkaður



Umhverfisstofnun hefur ákveðið að hafa sérstakt eftirlit með innflutningi á möndlum og möndluafurðum frá Bandaríkjunum, þar sem myglueitur hefur verið að mælast í bandarískum möndlum.

Innflytjendur verða nú að framvísa vottorði frá opinberum aðila sem sýnir að mygluetur í möndlunum sé undir leyfilegum mörkum. Einnig skal fylgja með heilsuvottorð fyrir innflutning vöru frá þriðja landinu inn í Evrópska efnahagssvæðið. Ef slík vottorð eru ekki fyrir hendi er farið fram á sýnatöku og rannsókn á kostnað innflytjenda.

■ **Þjónusta**

## Nýr vefur Vínbúðarinnar

Nýr og endurbættur vefur vínbúðanna, vinbud.is, var opnaður föstudaginn 19. október. Markmiðið með nýjum vef er sagt vera að gera hann aðgengilegri og notendavænni fyrir viðskiptavini.

Með nýjum vef er lögð mikil áhersla á að gera vörulistann þægilegri í notkun, en þar er hægt að finna upplýsingar um þau vín sem seld eru í vínbúðum. Einnig er nú hægt að finna upplýsingar um hvaða vín fara saman með ýmsis konar mat.




# Matarverð ódýrara í Færeyjum en á Íslandi

**Matarverð virðist vera talsvert hærra á Íslandi en í Færeyjum. Þó er það ekki algilt. Lítri af nýmjólk kostar 72 krónur hér en tæpar 120 krónur þar. Tónlist og DVD eru ódýrari á Íslandi en Biblían miklu dýrari. Bjór er ódýrari í Færeyjum.**



Matarverð virðist í mörgum tilfellum lægra í Færeyjum en á Íslandi ef marka má óformlega verðkönnun sem Fréttablaðið hefur gert í samstarfi við færeyska dagblaðið Dimmalætting í verslunum í Færeyjum og á Íslandi. Gallabuxur eru líka ívið ódýrari í Færeyjum þó ekki virðist muna miklu og sama gildir um Ipod Nano. Tónlist og DVD eru hins vegar ódýrari á Íslandi.

Matarverð virðist nokkru hærra á Íslandi en í Færeyjum. Þannig kostar kílóið af rauðum eplum aðeins rúmar 25 krónur í Færeyjum en 75 krónur hér. Kílóið af ungnautahakki kostar rúmar 1.300 krónur hér en tæplega 534 í Færeyjum. Kílóið af nautahakki er líka dýrara hér og sama gildir um kjúklingabringuna þó að munur sé þar minni. Bjórinn er mun ódýrari í Færeyjum en hér, kippa af hálfs lítra Tuborg Grön kostar 675 krónur þar en hér rúmar ellefu hundruð krónur.

Færeyingar koma ekki ósvipað út í verði á gallabuxum og íslensku verslanirnar. Þó fer það eftir merki. Þannig eru Levi's 501 gallabuxur á svipuðu verði á Íslandi og í Færeyjum en Tiger jeans eru heldur dýrari á Íslandi. Hér kosta þær á bilinu 12.990 upp í 16.990 en í Færeyjum eru þær á bilinu 11.625 upp í 12.789 krónur íslenskar eftir sniði.

Þorskur og ýsa eru dýrari í Færeyjum en á Íslandi og munar þar miklu. Í Færeyjum kostar kílóið af beinlausri og roðlausri ýsu 1.280 krónur meðan hún kostar 489 krónur á Íslandi. Kíló af beinlausum og roðlausum þorski kostar tæpar 800 krónur á Íslandi en tæpar 1.300 krónur í Færeyjum. Nýmjólkin er hins vegar miklu ódýrari á Íslandi.

Ísland kemur betur út í verði á geisladiskum og DVD en Færeyjar. Þannig kostar SpiderMan 3 rúmar 3.000 krónur í Færeyjum en tæpar 2.000 krónur hér. Biblían er miklu ódýrari í Færeyjum. Með hörðum spjöldum er hún þar á 2.909 íslenskar krónur en nýja Biblían kostar 7.480 krónur hér.

Strætó er ókeypis í Þórshöfn en hér er bara ókeypis fyrir stúdenta. Talsverður munur er á bensínverði milli landanna.

Verðkönnunin var óformleg, unnin af starfsmönnum Dimmalætting í Færeyjum og Fréttablaðsins á Íslandi í gær og einungis gerð til að gefa hugmynd um verðmun milli landanna. Verslanir voru valdar af handahófi en verðið er raunverulegt verð sem neytendur borga fyrir viðkomandi vörur.

ghs@frettabladid.is

### VERÐKÖNNUN Á ALGENGUM VÖRUM Á ÍSLANDI OG Í FÆREYJUM

| | Ísland | Færeyjar |
|---|---|---|
| Levi's 501 gallabuxur | 9.990-10.990,- | 9.309-10.473,- |
| Tiger gallabuxur | 12.990–16.990,- | 11.625-12.789,- |
| Ipod nano 8GB | 24.990,- | 22.089,- |
| Timbaland Ft One Republic geisladiskur: Shock Value | 1.890,- | 2.327,- |
| 16 Blocks-DVD | 2.299,- | 2.327,- |
| SpiderMan 3-DVD | 1.999,- | 3.130.- |
| 1 kg rauð epli | 75,- | 28,98 |
| 1 kg ungnautahakk | 1.304,- | 534,72 |
| 1 kg nautahakk | 898,- | 651,- |
| 1 kg kjúklingabringa | 1.398,- | 1.243,53 |
| 1 kg beinlaus og roðlaus ýsa | 489,- | 1.280,- |
| 1 kg beinlaus og roðlaus þorskur (frystur í bitum á Íslandi) | 798,- | 1.280,- |
| 1l nýmjólk | 72,- | 119,28 |
| Verksmiðjuframleitt heilhveitibrauð í sneiðum, 770g | 159,- | 259,62 |
| Kartöflur 1kg | 95,- | 121,96 |
| 6 dósir af Tuborg Grön 0,5l | 1.104,- | 674,95 |
| Biblían með mjúkum spjöldum | 5.980,- | 1.745,55 |
| Biblían með hörðum spjöldum | 7.480,- | 2.909,- |
| 1 lt 95 oktan bensín | 126,40 | 102,17 |
| Far í strætó | 280,-/100* | Ókeypis |

* Ókeypis í strætó fyrir stúdenta.

**MATUR & NÆRING** LINDA GUÐMUNDSDÓTTIR MS-NEMI Í NÆRINGARFRÆÐI

## Grænt te



Mannfólkið hefur drukkið te, lagað úr laufum te-plöntunnar camellia sinensis, í margar aldir. Í dag er te, bæði grænt og svart, sá drykkur sem mest er neytt af í heiminum fyrir utan vatn. Te inniheldur nánast ekkert af kolvetnum, fitu eða próteinum en er góð náttúruleg uppspretta af mörgum nytsamlegum efnum eins og andoxunarefnum sem talin eru hafa jákvæð áhrif í líkamanum.

Te, sem framleitt er í heiminum, skiptist í svart te, 78 prósent, sem yfirleitt er neytt á Vesturlöndum, grænt te, 20 prósent, sem mikið er drukkið af í Japan og Kína og 2 prósent er Oolong te sem aðallega er neytt í Suður-Kína. Munurinn á grænu, svörtu og Oolong tei felst í vinnslunni. Við framleiðslu á grænu tei eru ný lauf gufusoðin til að koma í veg fyrir gerjun en við framleiðslu á svörtu tei eru telaufin látin oxast algjörlega og tekur það 2 til 4 vikur. Við tengingu við súrefni eyðist stór hluti andoxunarefnanna og í staðinn myndast súr og vatnsleysanleg efnasambönd. Oolong te er svo að hluta til látið oxast.



Margar rannsóknir hafa sýnt fram á það að neysla á grænu tei, ásamt hollu mataræði, geti verndað líkamann gegn oxunarskemmdum. Þannig á neysla á grænu tei að hafa verndandi áhrif á ýmsar gerðir krabbameina eins og lungna-, blöðruhálskirtils- og brjóstakrabbamein. Neysla á grænu tei á líka að hafa verndandi áhrif á hjarta- og æðasjúkdóma vegna áhrifa andoxunarefnanna úr teinu á oxun svokallaðra lipopróteina sem eru sambönd efna sem flytja fitu í blóði og sogæðum. Einnig hafa komið fram vísbendingar um að andoxunarefni í teinu geti varið fólk gegn offitu og sykursýki af gerð 2 en þær rannsóknir eru alltof stutt á veg komnar til að fullyrða neitt um það.

Það virðist því vera að neysla á grænu tei hafi marga kosti í för með sér og rannsóknir hafa sýnt að verndandi áhrif græns tes eru hvað mest ef drukkið er mikið af því. Hins vegar er talið að inntaka á grænu tei í töflu- eða duftformi geti haft skaðlegar afleiðingar í för með sér þar sem neysla á of stórum skömmtum af því getur valdið lifrarskemmdum í mönnum.

www.mni.is

NÓATÚN

# Hreint og klárt




Úrval af Cif vörum á tilboði
20% afsláttur

# Hreinlætisdagar




Úrval af AJAX vörum á tilboði
20% afsláttur

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

## Kjarni málsins

> Fjöldi nemenda í háskólanámi erlendis.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

**FRÆÐIMAÐURINN:** BÁRÐUR RAGNAR JÓNSSON

## *Taldi latínu skerpa sýn á veröldina*

„Ég fór að kenna því ég hef alltaf haft áhuga á fólki og þótt gaman að sjá það glíma við verkefni af einhverju tagi,“ segir Bárður Ragnar Jónsson, þýðandi og rithöfundur, sem einnig hefur lagt stund á kennslu á ferli sínum. Sjálfur dvaldi Bárður á Breiðavík þegar hann var barn og hefur hann nú skrásett sögu annars drengs sem þar dvaldi og nefnist bók þeirra Breiðavíkurdrengur: Brotasaga Páls Elísonar. Bárður fór fremur seint í menntaskóla en að stúdentsprófi loknu var hann ákveðinn í að leggja stund á nám sem gerði honum kleift að skilja veröldina betur.

„Ég taldi að forn-gríska og latína myndu veita mér skarpari sýn á heiminn. Rætur vestrænnar menningar eru úr veröldinni sem tungumálin voru töluð í og grunnur Vesturlanda skráður á þessum málum, til dæmis menntahefðin, tungumálin, vísindin, mannkynssagan, bókmenntirnar og stjórnmálin. Þetta taldi ég því veita mér sýn á svo margt í tilverunni. Kannski var það samt vitleysa í mér,“ segir Bárður og hlær. „Ég sinni þessum málum ekki mikið. Í þann tíma sem ég starfaði við Menntaskólann að Laugarvatni kenndi ég aðallega dönsku og íslensku, þá gátu nemendur einnig valið latínu en áhugi þeirra á því var ekki mikill. Það renna oft tvær grímur á fólk þegar það áttar sig á því að það þarf að leggja töluvert á sig til að ná tökum á tungumálinu. Þá vinn ég nú aðallega við að þýða fréttir úr Norðurlandamálunum og ensku og latínan kemur víst að litlum notum í fréttaþýðingum,“ segir Bárður.



Þótt Bárður kenni ekki lengur segir hann starfið hafa átt vel við sig. „Ég hafði gaman af því að kenna en ef til vill voru það fyrst og fremst nemendurnir sem ég hafði ánægju af, nemendum sem nenna að vinna en líka hægt að tala við. Það eru ekki alltaf þeir sem fá hæstu einkunnirnar sem eru eftirminnilegastir, þótt þeir séu nú sjaldnast illa séðir, heldur þeir sem hafa áhugaverðar skoðanir á mönnum og málefnum.“

■ **Erindi**

## Að hafa töglin og hagldirnar



Sigríður Gunnlaugsdóttir bókmenntafræðingur heldur í dag erindi á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum sem nefnist; Að hafa töglin og hagldirnar: Doris Lessing og femínisminn. Erindið hefst klukkan 12.00 í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhlöðu.

Verki Lessing, The Golden Notebook, var afar vel tekið af femínistum sjöunda áratugarins, en Lessing hefur sjálf neitað því að bókin hafi verið skrifuð með hugmynd kvennahreyfinganna að leiðarljósi. Þá hefur Lessing verið ófeimin við að tjá þá skoðun sína að hugmyndaheimur femínisma sé byggður á misskilningi.

■ **Erindi**

## Formbundin skráning til framtíðar og framfara

Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir, Msc hjúkrunarfræðingur, heldur fyrirlestur á mánudag, sem byggir á meistaraverkefni hennar. Hún mun greina frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar, sem var að greina samband milli hugtaka sem skráð eru í upplýsingaskrá hjúkrunar samkvæmt heilsufarslyklum Gordons og útkomu/matsvísa úr NOC flokkunarkerfinu, velja viðeigandi NOC útkomur/matsvísa og prófa þá við skráningu ganga. Þá verður fjallað um nákvæma greiningu á gögnum ákveðins sjúklingahóps til að sýna þann mun sem er á skráningu með frjálsum texta og samræmdu fagmáli.

Fyrirlesturinn er haldinn á vegum Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði og verður haldinn mánudaginn 29. október klukkan 12.10 til 12.50 í stofu 201 á 2. hæð í Eirbergi, Eiríksgötu 34.

■ **Málþing**

## Um húsakynni og híbýlaprýði á 18. öld



Félag um átjándu aldar fræði heldur málþing um húsakynni og híbýlaprýði í Þjóðarbókhlöðu, fyrirlestrasal á 2. hæð laugardaginn 27. október. Málþingið hefst klukkan 13.00 og lýkur um klukkan 16.30.

Fimm erindi vera flutt á málþinginu. Hjörleifur Stefánsson arkitekt fjallar um upphaf timburhúsa á 18. öld í íslenskum kaupstöðum. Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður, fjallar um húsakynni og húsbúnað Íslendinga á 18. öld. Arndís S. Árnadóttir listsagnfræðingur fjallar um heimilisprýði á 18. öld. Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur mun tala um hvernig var innanstokks og utan á biskupstólnum á Hólum á 18. öld og Sigurður Pétursson lektor leitast við að svara hvað hafi verið í stofu húsfrúar Ragnheiðar í Gröf. Stjórnandi málþingsins er Þóra Kristjánsdóttir, formaður Félags um átjándu aldar fræði. Ágrip erinda munu liggja frammi á málþinginu en verða síðar aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.akademia.is/18.oldin.



**MEÐ ÁKVEÐNAR SKOÐANIR** Í handbókinni minnir Freyja á mikilvægi þeirra sem starfa sem aðstoðarmenn barna með fötlun og leitast við að svara ýmsum spurningum sem kunna að kvikna milli barna með skerta færni og aðstoðarmanna þeirra. Bókin er gefin út með styrk úr Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur og sér Sigrún Eldjárn um myndlýsingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill engar aukamæður

**„Ég hef upplifað stuðningsfulltrúa sem urðu mér til trafala í námi, til dæmis vegna vankunnáttu,“ segir Freyja Haraldsdóttir, fyrirlesari og nemi í þroskaþjálfafræði. Hún hefur skrifað handbók sem nefnist Að sýna virðingu í verki og er ætlað að svara spurningum sem kunna að vakna hjá fötluðum nemendum og aðstoðarfólki þeirra.**

Sjálf er Freyja með sjaldgæfan sjúkdóm, sem veldur því bein hennar eru mjög stökk og brotna auðveldlega. Hún er því hreyfihömluð en var ávallt í almennum bekkjum á sinni skólagöngu. Má þar nefna að hún lauk stúdentsprófi við Fjölbrautaskólann í Garðabæ með hæstu einkunn. Freyja hefur þó þurft aðstoðarfólk við dagleg störf og hafa samskipti við það gengið misjafnlega vel.

„Það var Dóra S. Bjarnason í Kennaraháskólanum sem bað mig um að skrifa þetta. Skrifin áttu ekki að vera fræðileg, heldur persónuleg frá mér sem notanda þessarar þjónustu. Ég vildi samt líka koma sjónarmiðum þeirra sem hafa þroskahamlanir á framfæri og reyndi því að setja mig einnig í spor þeirra,“ segir Freyja.

Í ritinu skilgreinir Freyja starf stuðningsfulltrúa og bendir á algeng mistök sem orðið geta í því starfi, auk sem hún tekur að sjálfsögðu dæmi um góð vinnubrögð. „Ef stuðningsfulltrúi tekur að sér starfið til þess að fullnægja móðurhvötinni er betra að hann finni sér annað starf eða breyti um viðhorf tafarlaust,“ segir Freyja á einum stað í riti sínu. Hún útskýrir að þó að velvild ráði gerðum slíkra stuðningsfulltrúa verði þeir að átta sig á því að börn með skerta færni af einhverju tagi eigi að fá að taka sínar ákvarðanir sjálf rétt eins og ófötluð börn. Stuðningsfulltrúi eigi ekki að hafa vit fyrir nemenda þó svo að hann vilji gera óskynsamlega hluti, rétt eins og skrópa eða slæpast. Það sé í verkahring kennara eða foreldra að bregðast við slíku en ekki stuðningsfulltrúa. Þá bendir hún á hve mikilvægt starfið sé og að því einlægari og persónulegri sem samskipti milli nemandans og aðstoðarmanns séu, þeim mun betri árangur náist. Eða eins og hún segir: „Eftirminnilegustu og árangursríkustu samskipti mín við stuðningsfulltrúa voru þegar við náðum strax vel saman og gátum sameiginlega haft gaman af flestu, hversu leiðinlegt sem það hún var.“

**karen@frettabladid.is**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 07-1628



# BÓNUS BÝÐUR BETUR

BÓNUS

# Ariel þvottaefni
# 20% lægra verð.

# 789 kr.




## 30 skammtar
## í pakkanum

**Einn gámur í boði !**




BÓNUS

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGA: 12.00 til 18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Dagur Sameinuðu þjóðanna er dagur jafnréttisbaráttu á Íslandi.

## Konur á útivelli

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Baráttudagar fyrir jafnrétti kynjanna og kvenfrelsi verða aldrei of margir, að minnsta kosti ekki þar til fullu jafnrétti kynjanna er náð. Hér á landi eigum við, auk alþjóðlegs baráttudags kvenna 8. mars, tvo séríslenska baráttudaga, 19. júní, daginn sem íslenskar konur fagna kosningarétti sínum, og dag Sameinuðu þjóðanna, 24. október. Þann dag gerðu íslenskar konur að baráttudegi á kvennaárinu sem haldið var 1975 þegar þær lögðu niður störf til að vekja athygli á vinnuframlagi kvenna. Þrjátíu árum síðar, árið 2005, var leikurinn endurtekinn, 24. október, og bætt um betur með gríðarlegri þátttöku kvenna sem um allt land gengu út af vinnustöðum sínum um hádegi og komu saman til að minna á hversu langt er í land að jafnrétti kynja sé náð á vinnumarkaði, þrátt fyrir að engin fyrirstaða finnist í lögum.

Í gær á degi Sameinuðu þjóðanna gátu konur og karlar sem áhuga hafa á jafnréttismálum valið úr fyrirlestrum og uppákomum í tilefni dagsins. Meðal annars var ráðstefna í Keili þar sem sænski sálfræðingurinn Lars Einar Engström var meðal ræðumanna en í gær kom einmitt út hér á landi bók hans sem hlotið hefur heitið Játningar karlrembu, ég vissi ekki að þetta væri svona slæmt, í íslenskri þýðingu.

Alkunna er að mun algengara er að konur tjái sig um jafnréttismál en karlar. Það er því sem ferskur vindur þegar karlar tjá sig um þessi mál, ekki síst þegar þeir taka stórt upp í sig og eru um leið einlægir eins og Engström.

Það er í það minnsta óvenjulegt að heyra karlmann halda fullum fetum fram nauðsyn kynjakvóta og blása á þau rök að kynjakvóti leiði til þess að óhæfara starfsfólk sé valið. Engström segist einfaldlega ekki þekkja nein dæmi þess að óhæft fólk sé valið til starfa í fyrirtækjum.

Meðal þess sem Engström telur nauðsynlegt til að raunverulegu jafnrétti verði náð eru breyttar áherslur í uppeldi leikskólabarna, auk þess sem hann heldur því fram að kenna þurfi kynjafræði á öllum skólastigum.

Ráð Engströms til kvenna er að þær verði að haga sér eins og karlar til að ná árangri í karlaveröld. Það kann að vera rétt hjá Engström að konur verði að tileinka sér leikreglur karla ef þær ætla að komast áfram í þeirri veröld sem enn er að miklu leyti stýrt af körlum. Hitt er annað að bæði kyn verða að læra að virða og meta starfsaðferðir hver annars. Það gengur auðvitað ekki til lengdar að konur leiki á útivelli meðan karlar halda áfram að leika sinn örugga leik á heimavelli, með þær leikreglur sem þeir hafa einir mótað.

Með þeim hætti fara líka ákveðin verðmæti sem fólgin eru í sjónarmiðum beggja kynja í súginn. Jafnrétti er nefnilega ekki aðeins hagsmunamál þeirra hópa sem standa höllum fæti, ekki síst vegna þess hversu mikilvægt er að margbreytileg sjónarmið séu uppi sem víðast. Sjónarmið kvenna er dæmi um þetta en einnig sjónarmið samkynhneigðra og íbúa þriðja heimsins svo dæmi séu tekin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

SAMKIRKJULEGUR BÓKAMARKAÐUR

Í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg/Sunnuveg.

Gengið inn í kjallara að sunnanverðu.

Fimmtud. 25. október kl.16-22

Föstud. 26 október kl. 16-22

Laugard. 27. október kl. 13-16

Mikið úrval og góð tilboð, m.a. á nýútkominni bók Rick Warrens, Tilgangsríkt Líf.

Nýja biblíuútgáfan verður til sölu.

Kristniboðssambandið og Salt ehf.

## FRÁ DEGI TIL DAGS



### Klámlausir ríkisstarfsmenn

Kolbrún Halldórsdóttir, þingkona Vinstri grænna, vill að opinber starfsmenn í vinnuferðum erlendis tileinki sér tilteknar siðareglur, haldi sig til dæmis frá kynlífsþjónustu, og mun leggja fram frumvarp þess efnis á næstunni. Hún er meðal annars þeirrar skoðunar að opinberir starfsmenn skuli ekki á vinnutíma skipta við hótel þar sem klámrásir eru í boði. Það gæti orðið flókin krossferð. Á dögum klámvæðingarinnar skortir svo vanbúið hótel sennilega ýmislegt fleira. Eins og sjónvarp. Og eflaust rennandi vatn.

### Nafnleysingi veit best allra

Morgunblaðið segir Bjarna Ármannsson tryggðan fyrir tapi í samningi. Bjarni og viðsemjandinn, Hjörleifur Kvaran, neita. „Hinar nafnlausu heimildir Morgunblaðsins eru hins vegar svo góðar að þær geta ekki betri verið," segir ritstjóri í blaðinu í gær. Betri en Bjarni og Hjörleifur?

### Önugi strætisvagnastjórinn

Helga Vala Helgadóttir, bæjarstjórafrú í Bolungarvík, segir frá sérkennilegri lífsreynslu á bloggsíðu sinni. Ökumaður strætisvagns sem hún tók sér far með hafa ekið svo greitt á ferð sinni um höfuðborgina að farþegum varð um og ó. Eldri kona gerði athugasemd við aksturslagið. „Bílstjórinn opnaði dyrnar og bað konuna um að koma sér út úr vagninum," skrifar Helga Vala. Þetta hlýtur að vera tilefni til innanhússrannsóknar í höfuðstöðvum Strætó. Getur til dæmis verið að vagnstjóranum önuga hafi verið skammtaður of naumur tími til að aka sinn tilætlaða hring, með þessum vafasömu afleiðingum?

stigur@frettabladid.is

# Nöfn segja sögu



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Nafngiftir

Það var 1963, að jörðin byrjaði að skjálfa úti fyrir suðurströnd landsins, nálægt Vestmannaeyjum. Þetta leit ekki vel út í byrjun: sumir óttuðust, að risaöldur utan af hafi myndu drekkja allri byggð á Suðurlandsundirlendinu. Þetta fór þó betur en á horfðist. Ný eyja sótsvört hafði ekki fyrr skotið upp kollinum en ákafar umræður hófust um hvað hún ætti að heita. Eyjan hlaut nafnið Surtsey, en hún hefði heldur átt að heita Presley.

Nöfn skipta máli. Í höfuðborg Namibíu þar sem heitir Vindhögg eru helztu götur skírðar í höfuðið á evrópskum afburðamönnum frá fyrri tíð. Ein heitir eftir Shakespeare, önnur eftir Florence Nightingale, í stóru hverfi heita strætin eftir Bach og Beethoven og Brahms og Mozart og Schubert og Strauss. Verdi er á sínum stað, en Wagner fann ég ekki. Eðlisfræðingarnir fá sinn skammt: Max Planck og Niels Bohr liggja þarna hlið við hlið skammt frá sjálfum Werner von Braun fyrir nú utan Galileo Galilei og Isaac Newton. Namibía var þýzkt yfirráðasvæði, þaðan eru nafngiftirnar runnar, en heimamenn sýna engin merki þess, að þeir ætli að skipta þessari evrópsku arfleifð út. Það líkar mér. Hitt þykir mér lakara, að eitt lengsta breiðstræti borgarinnar er kennt við Róbert Múgabe, forseta Simbabve, og annað er kennt við Fídel Kastró: þeir eru boðflennur.

### Njálsgata – Gunnarsbraut

Við þekkjum þessa skírnarvenju. Göturnar í gamla austurbænum í Reykjavík heita í höfuðið á Njáli á Bergþórshvoli og Bergþóru, Gunnari á Hlíðarenda, Gretti Ásmundarsyni og Agli Skalla: þessi nöfn henta vel til heimabrúks, því að Íslendingum duga fornöfn þessa fólks; föðurnöfnin bæta engu við. Ingólfur Arnarson og Skúli fógeti, höfundar Reykjavíkur, eru hvor á sínum stað. Norrænu goðin Baldur, Bragi, Óðinn, Týr og Þór eru einnig til húsa í austurbænum. Ari fróði, Brynjólfur biskup Sveinsson og Sæmundur fróði búa í háskólahverfinu í vesturbænum. Snorrabraut heitir eftir Snorra Sturlusyni. Einarsnes í Skerjafirði heitir eftir Einari Benediktssyni. Halldór Laxness höfum við ekki enn á götuskiltum, ekki frekar en Jón Sigurðsson, Jónas Hallgrímsson, Matthías Jochumsson eða Jón Leifs, og þá ekki heldur Hannes Hafstein eða Valtý Guðmundsson. Halldór er enginn vandi: Suðurlandsbraut liggur til allra átta og ætti heldur að heita Laxnessbraut. Halldóri dygði að vísu fornafnið eitt, og einnig Tómasi, Matthíasi, Hannesi og Valtý, líkt og Njáli. Jón forseti er meiri vandi: menn gætu villzt á honum og til dæmis Jóni Arasyni eða Jóni Leifs.

### Marxistar í Mapútó

Í Mapútó, höfuðborg Mósambíkur, heitir strandgatan meðfram blágrænu Indlandshafinu í höfuðið á Friedrich Engels, öðrum höfundi Kommúnistaávarpsins. Önnur gata þar heitir í höfuðið á hinum höfundinum, Karli Marx. Ekki nóg með það: ein breiðgatan heitir eftir Maó Tse Túng, einum umsvifamesta fjöldamorðingja sögunnar, og önnur heitir eftir Lenín, sem var litlu skárri. Sumar breiðgöturnar í Mapútó heita eftir Afríkuleiðtogum, sem losuðu löndin sín í rúst, og aðrar heita eftir sumum helztu skúrkum og skaðvöldum 20. aldar. Eitt torgið er meira að segja kennt við Róbert Múgabe.

Frelsishetjurnar, sem leystu Mósambík undan nýlendukúgun Portúgala, kusu að marka sér stöðu við hlið misheppnaðra marxista með því að skíra götur og torg í höfuðið á þeim. Þegar Portúgalar hrökkluðust burt 1974, tóku marxistar völdin, og hófst þá blóðugt borgarastríð, og má vart á milli sjá, hvort fór verr með landið. Ég átti mér einskis ills von, þegar ég sveigði til vinstri af götunni, sem kennd er við Hó Sí Mín. Þá blasti við mér götuskilti með nafni Olofs Palme. Mér kom í hug sagan, sem Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, hefur sagt af fundi sínum með Ronald Reagan í Hvíta húsinu fyrir mörgum árum. Talið barst að Palme, sem var þá nýfallinn fyrir morðingjahendi. Reagan sagði: I don't care for communists. Einn af mönnum Reagans hallaði sér að forsetanum og hvíslaði í eyra hans: Mr. President, Olof Palme was an anticommunist. Þá sagði Reagan: Well, I don't care what kind of a communist he was.

### Nær nútímanum

Götunöfn eru minningarmerki um liðna tíð. Fornafnahefðin gerir Íslendingum erfiðara um vik að skíra götur og torg eftir fólki en eftirnafnahefð annarra þjóða. Jónsforsetabraut væri ekki gott götunafn, ekki frekar en Helgamagrastræti. Við getum þó kennt fleiri götur og torg við fólk til að færa sögu landsins nær nútímanum, ef við viljum. Förum varlega. Byrjum á Laxnessbrautinni.

# Svar við forystugrein

UMRÆÐAN

Orkumál



ILLUGI GUNNARSSON

Í gær birtist makalaus forystugrein í Fréttablaðinu eftir Jón Kaldal. Þar hélt Jón því fram að mikil hugmyndafræðileg þversögn væri fólgin í afstöðu undirritaðs til fyrirkomulags orkumála annars vegar og hins vegar til þess hver væru verkefni hins opinbera. Pétur Gunnarsson, fyrrum spunameistari á vegum Framsóknarflokksins, hafði rifjað upp á heimasíðu sinni eftirfarandi ummæli undirritaðs frá því 13. júlí: „Hér er að verða til nýr iðnaður sem er á fullri ferð í útrás og gæti skapað ný tækifæri. Við verðum að leiða saman kapítalistana, viðskiptamennina og orkufyrirtækin. Þetta getur verið pottur sem knýr útrásina áfram". Jafnframt voru eftirfarandi ummæli rifjuð upp: „...umræðan var knúin áfram af þeirri sannfæringu að ekki væri eðlilegt að fyrirtæki í eigu borgarinnar væri að vasast í öðru en þeim verkefnum sem féllu undir samfélagsþjónustu". Úr þessu les Jón tvær ósamrýmanlegar skoðanir og kemst að þeirri niðurstöðu í leiðara sínum að „þeim sem eru komnir á slíkt þroskastig skal ráðlagt að láta alveg kyrrt að tala um sannfæringu, sína og annarra". Látum okkur nú aðeins sjá.

Fyrri ummæli mín lutu að því að ég var að mótmæla þeirri ákvörðun OR að þröngva sér, gegn vilja ríkisstjórnarinnar, inn í söluferlið þegar hluti Hitaveitu Suðurnesja var seldur. Hugmyndin að baki sölu á hlut ríkisins í því fyrirtæki var meðal annars einmitt sú að leiða saman „kapítalistana, viðskiptamennina og orkufyrirtækin". Þar með fengi fólkið í landinu verð fyrir sinn hlut og viðskiptamennirnir gátu síðan, fyrir sinn reikning, í sínum eigin félögum, óháð hinu opinbera, farið í alla þá útrás sem þeir vildu. Ég er síðan á móti því að opinber fyrirtæki séu í öðru en almannaþjónustu eins og fram kemur í seinni ummælunum sem Jón vitnar til. Menn þurfa að vera býsna andlega syfjaðir til að sjá ekki samhengi þessara tilvitnuðu setninga og komast að þeirri niðurstöðu sem Jón gerir og vitnað er til hér að ofan. Jafnframt hlýtur það að vera áhyggjuefni fyrir Fréttablaðið, útbreiddasta blað þjóðarinnar, að annar ritstjóra blaðsins skuli flækjast svo einfeldningslega í vef spunameistara.

*Höfundur er alþingismaður.*



**Í ANDA ÁSTARSAGNA**
Blúndur, doppur og rendur eru áberandi á nærfötum þessa dagana sem gerir þau svolítið gamaldags og rómantísk.
TÍSKA 2



**BLÓM Í BÆJARHRAUNI**
Sigríður Björk Sævarsdóttir breytti dýralæknastofu í Hafnarfirði í blómabúð.
HEIMILI 4
















Sigrún í kjólnum sem hún keypti í Santa Monica. MYND/GVA

# Notaður við ýmis tilefni

***Sigrún Baldursdóttir fann notadrjúgan kjól í vintage-verslun í Los Angeles sem hún hefur notað við ýmis tækifæri.***

„Ég var á röltinu um Santa Monica í Los Angeles þegar ég rataði inn í verslun sem selur notuð tískuföt. Ég sá kjólinn á slá og féll alveg fyrir honum,“ segir Sigrún Baldursdóttir, fatahönnuður og eigandi verslunarinnar Lykkjufalls. „Hann er efnismikill, mikið plíseraður og það höfðaði til mín. Hann er frekar stuttur og ég er oftast í þykkum gammosíum eða buxum undir.“

Kjóllinn hefur verið í miklu uppáhaldi hjá Sigrúnu síðan hún eignaðist hann og hefur hún notað hann við ýmis tilefni. „Ég var meðal annars í kjólnum í eftirminnilegu brúðkaupi hjá góðri vinkonu sem haldið var í Reynisfjöru í fyrra og eins notaði ég hann töluvert þegar ég var ólétt.“

Sigrún segir kjólinn hafa hentað vel á meðgöngunni og eins eftir barnsburð en hún býður upp á flíkur með svipuðu notagildi í verslun sinni í Garðastrætinu sem hún opnaði í fyrra. Þar selur hún peysur sem henta meðal annars konum með börn á brjósti og á meðgöngu, en allt eins við önnur tækifæri.

Nú er Sigrún að færa út kvíarnar, hefur gert samning við verslanir í Kaupmannahöfn, Gautaborg, Bergen og New York um sölu á hönnuninni og auk þess er ný barnalína væntanleg fyrir jól.

*vera@frettabladid.is*


## 365 miðlar ehf. leita að prófarkalesara í fullt starf á sjónvarpssvið

Leitað er að stundvísri og nákvæmri manneskju.

Starfssvið:
- Prófarkalestur
- Málfarsráðgjöf

Menntunar- og hæfniskröfur:
- BA-próf í íslensku eða almennum málvísindum
- Almenn tölvuþekking
- Góðir samstarfshæfileikar

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: Ástþrúður Sif Sveinsdóttir deildarstjóri flutnings- og þýðingadeildar 365 í síma 5125000.
Umsóknir skal senda á astthrudur.sif.sveinsdottir@365.is

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.

**Leðurhanskar** eru alltaf glæsilegir og sérlega dömulegir. Það er um að gera að fjárfesta í pari fyrir veturinn til að halda í senn hlýju á fingrunum og tolla í tískunni.





Friðlín Arnarsdóttir er alþjóðlegur stílisti og förðunarfræðingur sem býður einstaklingum og hópum upp á útlitsráðgjöf og fleira. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Öruggar og ánægðar

***Stílistinn og förðunarfræðingurinn Friðlín Arnarsdóttir hefur að undanförnu boðið einstaklingum upp á útlitsráðgjöf en stefnir nú á að færa út kvíarnar og bæta við ráðgjöf fyrir hópa og fyrirtæki.***

„Það hefur í gegnum tíðina verið þannig að konur hafa áhyggjur af líkamsvexti sínum. Sumum finnst þær of feitar og vilja vera grennri og þær grönnu vilja vera feitari og svo framvegis," segir Friðlín. „Í staðinn fyrir að bíða eftir að líkamsvöxturinn breytist þá er mjög árangursríkt að kalla það besta fram í vextinum eins og hann er þá stundina. Þær konur sem hafa náð góðum skilningi á því um hvað þetta snýst og hvaða litir, snið og stíll hentar þeim geta haft geipileg áhrif á útlit sitt og líkamsvöxt. Þetta snýst allt um að konan verði öruggari og ánægðari með sig."

Friðlín útskrifaðist sem alþjóðlegur stílisti frá Academy of Color and Style Int. á síðasta ári en árið áður lauk hún námi í alþjóðlegri förðunarfræði, litgreiningu og textíl. Eftir útskriftina hefur hún leiðbeint einstaklingum með stíl og tekið fataskápa kvenna í gegn en hyggst nú bjóða upp á ráðgjöf fyrir fyrirtæki. „Ráðgjöfinni verður þannig háttað að ég byrja á að útskýra um hvað þetta snýst. Þá fer ég í litgreiningu enda hefur litasamsetning á fatnaði og förðun mjög mikið að segja. Hver og einn á sína persónulegu liti og aðra sem ber að forðast," segir Friðlín og bætir við að litir geti haft mikil áhrif á útlit og vöxt. „Sumir litir virka grennandi en aðrir breikka. Þannig getur maður dregið fram það jákvæða í líkamsvextinum og dregið úr því neikvæða."

Friðlín segist vera orðin mjög snögg að sjá hvað mætti betur fara hjá hverjum og einum en tekur fram að það sé alls ekki allt neikvætt. „Oft skipta smáatriðin ofsalega miklu máli og það gleymist stundum. Gjarnan er því nóg að leiðrétta eitthvað smávægilegt í stílnum og þá kemst allt í fínt stand," segir Friðlín. Hægt er að hafa samband við hana í síma 864 1717, til að fá nánari upplýsingar.

*sigridurh@frettabladid.is*



**NEXT** Brjóstahaldari 1.490 krónur. Nærbuxur 790 krónur.

**LA SENZA** Brjóstahaldari 3.990 krónur. Nærbuxur 2.290 krónur.

**LA SENZA** Brjóstahaldari 3.990 krónur. Nærbuxur 2.290 krónur.

# *Blúndur og rómantík*

***Fátt gerir konur jafn fallegar og kvenlegar og rómantísk og örlítið gamaldags nærföt.***

Falleg nærföt eiga alltaf við og erfitt að eiga of mikið af þeim. Stundum hefur hins vegar verið sagt að ef að kona keypti sér mikið af nýjum nærfötum í einu hlyti hún að vera ástfangin. Nútímakonunni nægir þó alveg að vera svolítið ástfangin af sjálfri sér til þess að hafa þörf fyrir að vera í fallegum fötum og eru nærfötin þar ekki undanskilin.

Svolítið rómantísk nærföt klæða flestar konur og ýta undir kvenleika þeirra og sjálfstraust, hver sem stóra ástin í lífi þeirra er, og því ágætt að fjárfesta í nokkrum nýjum af og til. Í mörgum verslunum má fá nærföt sem eru virkilega falleg og jafnvel örlítið gamaldags sem er ekki verra.

*emilia@frettabladid.is*



**NEXT** Brjóstahaldari 1.990 krónur. Tvennar nærbuxur 1.790 krónur.



**NEXT** Tvennir brjóstahaldarar, bleikur og svartur, 3.190 krónur. Nærbuxur, bleikar og svartar, 1.590 krónur.




## Yngjandi nætursvefn

MEÐ ALDRINUM ER HÚÐIN LENGUR AÐ JAFNA SIG EFTIR NÆTURSVEFN.

Með aldrinum verða breytingar á melatónin-framleiðslu húðar, sem hefur áhrif á hvíld, en góð hvíld er er lykilatriði fyrir langlífi húðar.

Næturumhirða er ekki síður mikilvæg en dagleg umhirða fagurs hörunds. Til að vinna gegn öldrun yfir nóttina hefur Helena Rubinstein framleitt næturkremið Prodigy Night Tissular sem styrkir frumuefnaskipti húðar með Chron 'Algae, örsmáum þörungum sem finnast í djúpu ferskvatni. Þörungarnir hegða sér mismunandi á daginn og yfir nóttina, og mynda líffræðilega samvinnu sem gefur af sér einstakan hæfileika til að bæta frumuendurnýjun húðar yfir nótt.

Árangurinn er úthvíld og endurhlaðin húð sem er full af orku eftir nóttina, en húðin verður greinlega unglegri, sveigjanlegri og mýkri, ásamt því sem hrukkur hafa minnkað verulega.

*- þlg*





## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Yves Saint Laurent vs. Dior vs. Chanel

Hvort er það samtíminn sem breytir tískunni eða tískan sem breytir samtímanum? Líklega er hvort tveggja mögulegt. Tískan er í það minnsta endalaus leit að eilífum nýjungum þó oft á tíðum sé hún einnig óendanleg hringrás og endurvinnsla hugmynda.



Coco Chanel frelsaði konur að því sagt er í tískusögunni. Hún fleygði lífstykkinu, stytti pilsfaldinn, fann upp sportklæðnað og fór að klæða konur buxum sem var nær óþekkt. Á árunum milli stríða urðu byltingarkenndar breytingar á klæðnaði kvenna sem meðal annars má rekja til Mademoiselle Chanel sem mótaði sinn samtíma.

Í seinni heimsstyrjöldinni varð vinnuframlag kvenna mikilvægt þar sem margir karlmenn voru kallaðir til herþjónustu. Mikill skortur á fataefnum einkenndi stríðsárin og því styttust pilsin og kom það einungis til af praktískum ástæðum en ekki fagurfræðilegum.



Að stríðinu loknu komst framboð á ýmsum gæðavarningi aftur í eðlilegt horf og konur urðu óþarfar á vinnumarkaðnum. Christian Dior opnaði tískuhús sitt 1947 á Avenue Montaigne. Á augnabliki þurkaði Dior út „femínisma“ Chanel, reyrði mittið að nýju, síkkaði pilsfaldinn og bætti við ýmsu til að auka kynþokka kvenna, til dæmis fölskum rassi á kjólum í stíl greifafrúa 18. aldar til að ýkja hinar kvenlegu línur. Þannig var konan reyrð aftur á sinn stað eftir að hafa náð ákveðnu sjálfstæði í stríðinu. „Líkamlega þrenningin“ fær aukið vægi með „New look“ Diors, brjóstmál, mitti og mjaðmir. Konan verður að nýju hlutur, íklædd leikbúningi sem á að vera fullkominn frá toppi til táar.

Chanel frelsaði konuna en Yves Saint Laurent gaf henni völd svo aftur sé vikið að sögunni. Hann tekur upp þráðinn þar sem Chanel hætti. Reyndar var hann um tíma aðstoðarmaður Diors og tók við listrænni stjórn tískuhússins við fráfall hans 1957. Eftir að YSL opnaði sitt eigið tískuhús tók hann eitt helsta tákn karlmennskunnar, jakkafötin, sneið upp á nýtt og aðlagaði konum sem ekki aðeins streymdu út á vinnumarkaðinn heldur stefndu nú á toppinn. Hvað var betra en buxnadragt í vinnuna? Þetta var í miðri hringiðu ´68-tímans og konur í óða önn að brenna brjóstahöld og mótmæla kúgun sinni. Líklega var Saint Laurent frekar mótaður af tímanum en öfugt. Hins vegar er hægt að fullyrða að hann gjörbreytti kventískunni á þessum árum og það til frambúðar þrátt fyrir tískusveiflur.

Það er merkilegt þegar saga tískunnar er skoðuð hversu fáar konur hafa náð frama á þessu sviði. Ef litið er inn á hátískusaumastofur eru það hins vegar aðallega konur sem sitja við sauma, langt frá sviðsljósi karlanna, enda er oft talað um „þúsund smáar hendur“ sem sauma hátískuna.

*bergb75@free.fr*



## Átöppuð kynorka

GALLABUXNAKÓNGURINN OG SKAPARI DIESEL, ÍTALINN RENZO ROSSO, HEFUR BEISLAÐ KYNORKU Í BLÚNDUKLÆDD ILMVATNSGLÖS ANNARS VEGAR OG FLÖSKUR Í GRÓFUM STRIGAPOKUM HINS VEGAR.

Nýi dömuilmurinn frá Diesel er orkumikill og kynæsandi úr Chypre-fjölskyldunni, en sú ætt ilmvatna er böðuð kvenleika, en um leið sem mest tvíræð, þokkafyllst og minnst rómantísk. Anganin minnir á upplifun hvítra jasmínblóma, flókinna viðartóna og indónesískt lauf.

Það sem stendur upp úr er þó ofurskammtur af skörpum tónum sólberja og útkoman er ilmur með flottan karakter.

Fuel for Life karlmannsilmurinn frá Diesel er í strigapoka með varnaðarorðum. Þar spila saman lavender og stjörnuanís sem gefa ilminum orku og ljóma.

Ómótstæðilegur ávaxtaundirtónn í þessum nýja ilmi Diesel á sér ekki hliðstæðu í herrailmi og tryggir hreinan, líflegan og þokkafullan ilm, sem einnig er náttúrulegur.


























**Ljósakrónur** þurfa ekki að vera rándýrar til að setja skemmtilegan svip á heimilið. Í IKEA má til dæmis finna töluvert úrval af fallegum ljósum á góðu verði.

# Við eigið afgreiðsluborð

***Að Bæjarhrauni 2 í Hafnarfirði er snotur búð sem heitir Blómalist og ber nafn með rentu því sú sem þar ræður ríkjum er listamaður í blómaskreytingum.***



Sigríður Björk umvafin blómum í verslun sinni Blómalist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigríður Björk Sævarsdóttir heitir hún og hefur breytt dýralæknastofu við Bæjarhraunið í dásamlega búð. „Ég sérhæfi mig í blómum og skreytingum og legg áherslu á persónulega þjónustu enda kemur sama fólkið aftur og aftur,“ segir hún brosandi. Blómalist er opin frá 10 til 21 alla daga nema sunnudaga, þá er opið frá 11-18. „Fólki kemur vel að geta verslað utan síns vinnutíma. Það er partur af stemningunni í svona búð,“ segir Sigríður Björk og hrósar strákunum sínum fyrir aðstoð í afgreiðslunni þegar með þurfi.

Sigríður Björk útskrifaðist úr Garðyrkjuskóla Íslands í fyrravor sem garðyrkjufræðingur og blómaskreytir. Hún ákvað að stofna eigið fyrirtæki, tók húsnæðið í gegn með eigin hendi og stendur við afgreiðsluborð sem hún smíðaði sjálf, ásamt öðrum innréttingum. Borðið er lagt laxaroði svo greinilega eru ekki farnar alveg hefðbundnustu leiðir hér á bæ. Fyrir utan blómin selur hún fallega gjafavöru frá tveimur sænskum fyrirtækjum, SIA og CULT DESIGN, svo og íslenska hönnun eftir Gunnu Betu.

Stórverslunin Fjarðarkaup er steinsnar frá Blómalist. Ekki spillir heldur að bakarí er bókstaflega við hliðina og það segir Sigríður Björk vera gott fyrirkomulag enda vinsælt um helgar að kaupa bakkelsi og blóm í sömu ferðinni.

gun@frettabladid.is


White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Húsgagna-Lagersala

Leðursófasett
hornsófasett
sófasett með innbyggðum skemli
borðstofuborð og stólar
skenkar
sófaborð
eldhúsborð
Rúmgaflar
Garðhúsgögn með 50% afslætti.
rúm í ýmsum stærðum og gerðum

Verðdæmi:
Leðursófasett áður kr. 239,000
nú 79,000
Borðstofustóll áður 17,000
nú 5,000

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Hringstigar



Hágæða Ítölsk vara
Gler eða harðviðar tröppur, burstað ryðfrítt stál eða pólerað.
B.Haraldsson
s. 897-8947 • bjorneh@simnet.is

Brautir - Glerveggir - Glerhurðir - Hert Gler



Hawa
GEZE
JÁRNGLER
Járn og gler ehf - Skútuvogur 1h
Barkarvogsmegin - S: 58 58 900
www.jarngler.is



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Magnaða moppuskaftið
Dagar skúringafötunnar eru taldir
Alltaf tilbúið til notkunar
Gólfin þorna á augabragði
Fljótlegt og þægilegt



**Sölustaðir:**
Húsasmiðjan - Byko - Pottar og prik Akureyri - Áfangar Keflavík - Fjarðarkaup - Parket og gólf - Eyjatölvur - Miðstöðin Vestmannaeyjum - Litabúðin Ólafsvík - Skipavík Stykkishólmi - Rými - SR byggingavörur Siglufirði - Rafsjá Sauðárkróki - Nesbakki Neskaupsstað - Núpur Ísafirði - Vélaleiga Húsavíkur. **Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.**

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



Jeep Grand Cherokee Limited 4x2, 2003, ek. 31 þús. mílur. Verð kr. 1660 þús. Áhv. 1320 þús. Yfirtaka + 100 þús. S. 861 1724 & 868 5144.



Nissan Patrol 4.2 1989, ek. 290 þús. Tilboð 990 þús. S. 861 1724 & 868 5144.



Skoda Octavia 6/2005, ek. 40 þús. Verð kr. 1790 þús. Fæst á yfirtöku, áhv. 1650 þús. Afb. 26 þús. S. 861 1724 & 868 5144.



Skoda Octavia Elegance Combi 4x4, 7/2002, ek. 108 þús. Verð kr. 1290 þús. Yfirtaka, áhv. 1115 þús. Afb. 21 þús. S. 861 1724 & 868 5144.

**www.bilapartar.is**
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Toyota Corolla '98, ek. 160 þús. Verðhugm. 150 þús. Uppl. í s. 690 2130.

Opel Vectra St '98. Ek. 120 þús. Ný sko. Sumar og vetrardekk. Ásett verð 320 þ. Tilboð 160 þús. Stg. Renault Mégan '97. Ek. 120 þús. Ssk. Ný sko. Allt nýtt. Verðtilboð 190 þús. Uppl. í s. 864 7498.

Til sölu Toyota Corolla Turing 1800 4x4, árg. '98. Ekinn 97 þús. km. skoðun 2008, bíll í góðu standi. Einnig til sölu Toyota Corolla árg. '98 skoðuð 2008. Vel útlítandi og eyðslugrannur. Uppl. í s. 894 0856.

Skoda Octavia TDi, silfur, station, sjsk. árg. '07, ek. 20 þús, sumardekk á álfelgum og heilsársdekk á stálfelgum fylgja með. Ásett verð 2,2 mil. S. 869 1221.

BMW 523 steptronic. Leður, topplúga, ssk. Árg. 12/'99. Ek. 119þ. 1.000þ stgr. Uppl. í s. 848 8183.

## 0-250 þús.



Suzuki Vitara árg'92 ek. 98 þús. Sjálfsk. og skoðaður 08. Verð aðeins 190 þús. Uppl í s: 864-3000



Renault Megane Opera Árg96 ek160 heilsársd, þarfnast pínu lagf fyrir skoðun, verð 80þús uppl 6640307

Mitsubishi Lancer árg. '97, m/bilaða vél. Skoðaður. Selst ódýrt. S. 699 0948.

**Góður bíll !!**
Toyota Corolla árg. '98, ek. 197 þús. Þarf að skipta um dempara fyrir skoðun. Tilboð óskast. Uppl. í s. 690 6346.

## 250-499 þús.

Opel Vectra 1.6 árg. '98 4 dyra ek. 121 þ. V. 349 þ. S. 865 7261.

Suzuki Vitara, 5 dyra, grænn, nýskr. 05/1999, ekinn 178.000. Verð 310.000, staðgreiðsla tilboð. Upplýsingar í síma 861 9561.

## 500-999 þús.



Toyota Avensis árg.'99 2L. Ek. 140 þ. Verð 500 þ. Uppl. í s. 848 8183

Toyota Land Cruiser 90 GX, árg. '97. Ek. 256 þ. 7 manna bíll. Sjálfskiptur 33" breyttur. 900 þ. Staðgr. Uppl. í s. 660 2847.

## 1-2 milljónir



GMC Suburban '98 árg., ek. 135 þ. míl. V. 1700 þ., áhv. 1377 þ. Vel með farinn bíll. Uppl. 699 6296.

Subaru Forester 03, ek 86 þ. sjálf, Verð 1.400þ, áhv 420þ. s. 8484456

## 2 milljónir +



Edge SEL Awd 4x4 '07 ekinn 6500 km frábær bíll. Verð 4,3m. áhv um 4 m. Uppl. í s. 898 9910.

## Bílar óskast

Námsmaður óskar eftir bíl á verðb. 0-150þ. skoða allt. S.695 2381.

Er með 1.500.000 kr. stgr. fyrir góðan sjsk. Land Cruiser jeppa. Uppl. í s. 894 1412.

Ódýr bifreið óskast, má þarfnast smá aðhl. Stgr. ca. 25-70 þ. S. 844 6609.

Óska eftir ódýrum bíl á 20-60 þús. Uppl. í s. 699 3548.

## Jeppar



**260 þús. út!**
Ford Explorer Eddie Bauer árg. '06, ekinn 22 þús. km. Verð 4.250 þús. Uppl. í síma 510 4900, Bílasala Íslands.




Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2007 Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús, pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com




Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft og sparneytni. 270 hö, 7,5L/100km. Einnig 2006/2007 tilboðsbílar. Frá 3.500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Til sölu Nissan Patrol '98 vél 2,8 disel. leður, topplúga. rafm. í rúðum og hiti í sætum, cd, toppbíll. Verð 1590 þ. Áhv. 1200 þ. Grb. 30 þ. p. mán. Uppl. í s. 864 2744.



**590 þ. út + yfirtaka!**
Lincoln Navigator Ultimate árg. '05. Ek. 83 þ. Einn með öllu td. rafmagn í afturhlera, 7 manna, leður, topplúga. Áhv. lán 4 m. Afb. 64 þ. ATH skipti. S. 897 1899.



Expedition '07, ekinn 9.500 km. 8 manna lipur og sparneytinn lúxusjeppi með nær öllum aukahlutum. Stgr verð 4,6m. Áhv. Um 4,1m . Uppl. í s. 664 1707.

Til sölu Nissan Patrol Elegance, dísel ssk. árg 2006, með ýmsum aukahlutum. Ekinn 14.000 km. Verð 4.990 þúsund. Uppl. í s. 894 0856.

## Pallbílar




Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2008/2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

## Mótorhjól

Flottur Yamaha Fazer 600cc. Yfirtaka á láni og 150 þús. Uppl. í s. 8483580 Fyrir kl. 18, Ragnar

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

# Bílabankinn

www.bilabankinn.is 588-0700



**RANGE ROVER SPORT** DIESEL
8/2006 Ek.30 þkm,leður,topplúga, filmur,dráttarbeisli,ofl.
Verð 8900 þús.



**M.BENZ S 550L** Árg 2007
Ek.4 þkm, leður, topplúga, litað gler, hraðastillir, xenon, mjög vel búinn bíll. Verð 14900 þús.
Ýmis skipti koma til greina.




**DODGE NITRO SXT**
NYR BÍLL ÁRG 2007
Álfelgur, filmur, geislaspilari, hraðastillir,ofl.
Verð 4490 þús.



**M.BENZ E 200 KOMPRESSOR**
ÁRG 2006 Ek.34 þkm,topplúga, 16" álfelgur, hraðastillir, ofl.
Verð 4490 þús.



**FORD F350 LARIAT SUPER DUTY**
ÁRG 2008 Leður, dvd, filmur, gluggavindskeiðar, stigbretti, 6 manna, ofl
Verð 4990 þús.




**SSANGYONG KYRON 2.7** DIESEL 7 MANNA NYR BÍLL. Leður, topplúga, 7 manna, álfelgur, filmur, ofl.
Verð 3900 þús



**BMW 730LI**
12/2005 Ek.11 þkm, leður, álfelgur, geislaspilari, mjög vel búinn bill
Verð 9900 þús



**LAND ROVER RANGE ROVER VOUGE V8** 272 HÖ
Ek.9 þkm, leður, topplúga, hiti í sætum, sjónvarp, hraðastillir, vel búinn bíll.
Verð 12900 þús.




**TOYOTA LAND CRUISER 120 VX**
NÝR BÍLL Leður, leiðsögukerfi, dvd í hnakkapúðum, álfelgur, topplúga, geisladiskamagasin,ofl
Verð 6990 skipti koma til greina.



**TOYOTA LAND CRUISER 100 VX**
6/2003 Ek.90 þkm, leður, lúga, tems, álfelgur, sími, ofl
Verð 5100 þús



Ertu að spá í bílakaup?
VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!
GLITNIR FJÁRMÖGNUN

Bílakjarninn Eirhöfða · 110 Reykjavík · Sími 588 0700 · sala@bilabankinn.is

# Efnalaugin Björg

**Gæðahreinsun**
**Góð þjónusta**
**Þekking**

**Opið: mán-fim 8:00 - 18:00**
**föst 8:00 - 19:00**
**laugardaga 10:00 - 13:00**

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380


# tómstundir

FIMMTUDAGUR 25. OKTÓBER 2007

Flugmódelfélag Akureyrar

**Flogið standandi á jörðu niðri**

BLS. 2





NORDICPHOTOS/GETTY





# Aldrei kalt

í allan vetur með Webasto bílahitara







Bílasmiðurinn hf • Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík • Sími: 567 2330
bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



Til eru ýmsar skemmtilegar útfærslur af jólakortum og hér er jólakortið líka jólaskraut sem stilla má upp hvar sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Föndur, skrapp og saumur

Í versluninni Föndru er boðið upp á ýmiss konar námskeið og mikið úrval af föndurvörum. Þar má til dæmis finna fjölbreytt fataefni en um þessar mundir er mikill áhugi fyrir saumaskap og hönnun, að sögn Bjargar Benediktsdóttur, eiganda verslunarinnar.

Björg bætir við að gríðarlegur áhugi sé nú á korta- og skartgripagerð og sem stendur eru tvö námskeið í Föndru, jólakortanámskeið og Swarovskihringanámskeið.

„Skartgripirnir eru bæði í fínlegum stíl og grófum. Það er frábært að geta hannað og búið til jólagjafirnar sjálfur og gott að koma sér af stað á námskeiði sem þessu,“ segir Björg.

Vaxandi áhugi er á úrklippinámskeiðum eða svokölluðum „scrapp“-námskeiðum þar sem hægt er að læra að gera myndaalbúm með sögum og útklipptu skrauti.

„Það er frábært tómstundagaman að gera sögu um fjölskylduna eða litla krílið og mjög vinsælt hjá foreldrum að gera albúm um litlu prinsessuna eða prinsinn sinn og gefa á tímamótum eins og útskrift, brúðkaupi eða einhverju þess háttar,“ segir Björg.

Önnur námskeið sem eru í boði eru til dæmis prjónanámskeið fyrir byrjendur, leirnámskeið og þæfingarnámskeið sem hafa notið mikilla vinsælda. *- hs*



Á skartgripanámskeiðum getur hver og einn hannað skartgripi eftir eigin höfði.

# Fljúgum standandi á jörðinni



Flugmódeliðjan getur hentað allri fjölskyldunni, engra prófa er krafist og bæði er hægt að smíða vélarnar frá grunni og kaupa þær tilbúnar. MYND/ÁRNI H. HELGASON

**Félagar í Flugmódelfélagi Akureyrar eru iðnir við kolann sama hvort viðrar til flugs eður ei.**

Á Akureyri hefur alltaf ríkt mikill áhugi á flugi og félagar í Flugmódelfélaginu eru þar engin undantekning. „Félagið er stofnað í núverandi mynd upp úr 1979 eða 1980. Félagar eru um þrjátíu og við erum að sjálfsögðu miklir áhugamenn um flug þrátt fyrir að ekki þurfi flugpróf til að stunda þetta,“ segir Guðjón Ólafsson, formaður félagsins, sem finnst best að fljúga með fast land undir fótum.

„Ég tók nokkra flugtíma en ég varð svo flugveikur að ég held mig bara standandi á jörðinni og flýg þaðan,“ segir Guðjón hlæjandi, en hann hefur verið viðloðandi flugmódeliðju í tæplega þrjátíu ár:

„Mér leiddist eitthvað í Reykjavík árið 1979 og ákvað að finna mér eitthvert áhugamál. Ég kom þá við í Tómstundahúsinu og fyrir hreina tilviljun keypti ég fyrsta módelið og hef verið að dunda í þessu síðan,“ segir Guðjón.

Flugvélafloti félagsmanna er mjög misjafn og Guðjón segir vélarnar vera allt frá litlum rellum upp í gríðarstórar vélar með sex metra vænghaf.

„Sumir kaupa vélarnar tilbúnar, setja saman á einni helgi og skella í loftið. Aðrir smíða þær frá grunni og eru jafnvel mörg ár að því. Ég smíða eftirlíkingar af flugvélum sem ýmist eru eða hafa verið til. Bæði íslenskar og erlendar. Markmiðið er að líkjast þeirri upprunalegu sem mest. Þá kanna ég sögu vélanna og þeirra sem hafa flogið þeim, svo þetta er ákveðið sögugrúsk fyrir suma,“ segir Guðjón og bætir við að tiltölulega auðvelt sé að læra á vélarnar.



Guðjón með Piper Super Cub í mælikvarðanum 1/3,85 sem er sæmilega nákvæmt líkan af flugvél sem var notuð í James Bond-kvikmyndinni The Living Daylights. Módelið er með vænghaf upp á 2,8 metra og er knúið áfram af bensínmótor sem er með 45 rúmsentimetra sprengirými. Það tók um það bil 5 mánuði að smíða vélina.

„Það þarf engin próf til að fljúga flugmódelum og það er tiltölulega auðvelt að koma þessu á loft. Hins vegar þarf að læra ákveðin atriði og þjálfa sig aðeins og þá getur verið gott að njóta þekkingar annarra, svona rétt á meðan maður nær jafnvæginu. Þetta er svolítið eins og að læra að hjóla,“ segir Guðjón, sem segir félagslífið öflugt og gott.

„Við hittumst einu sinni í viku, kjöftum saman, smíðum, ræðum um módelin og fljúgum á flugsvæðinu við Melgerðismela í Eyjafirði þegar veður leyfir,“ segir Guðjón, sem segir litla hættu á árekstri við vélar í áætlunarflugi yfir Akureyri.

„Við erum ekki í sömu hæð og raunverulegar flugvélar. Síðan látum við líka alltaf flugturninn vita af okkur og þeir eru mjög liðlegir, enda skilja þeir mætavel þessa flugdellu,“ segir Guðjón, sem segir oft marga fljúga í senn.

„Samkvæmt alþjóðlegum reglum eru ákveðnar tíðnir eða rásir á 35 megariða bilnu sem við notum fyrir vélar sem má ekki nota í neitt annað. Til þess að nokkrir geti flogið samtímis erum við á sitthvorri rásinni, annars gæti farið illa,“ segir Guðjón og bætir við að flugmódelin henti flestum.

„Sá elsti sem hefur verið hérna er tæplega áttræður og sá yngsti fimmtán ára. Þetta er við allra hæfi og þrátt fyrir að ég sé sá eini úr minni fjölskyldu er þetta áhugamál sem getur hentað allri fjölskyldunni.“

Allar nánari upplýsingar: www.flugmodel.is

*rh@frettabladid.is*

# Blóm spretta á bollum og dúkum

**Í félagsmiðstöðvum borgarinnar er tómstundastarf opið fyrir alla, á hvaða aldri sem þeir eru. Halldóra Arnórsdóttir er leiðbeinandi á slíkum stöðvum á Norðurbrún og Dalbraut.**



Pennasaumur hefur þessi aðferð verið nefnd á íslensku en japanskt kúnstbróderí er eldra orð yfir hana.

„Hér er opin vinnustofa og hver og einn getur komið þegar hann vill. Eldri borgarar eru í meirihluta hjá mér en hingað kemur yngra fólk líka, til dæmis konur í barneignarfríi og börnin sofa bara á meðan þær sinna handavinnunni.“

Halldóra kveðst leiðbeina fólkinu með flest milli himins og jarðar. „Það fer eftir því hvað fólk vill en þó læt ég engan gera neitt sem ég get ekki hugsað mér sjálf,“ segir hún og nefnir málun bæði á postulín og tau, hekl og bróderí.

„Ég leyfi mér að kynna þá tegund útsaums sem ég hef sérhæft mig í undanfarið, sem er áströlsk. Mynstrin eru upphleypt og blóm líkjast því til dæmis að vera lifandi. Þetta er heilmikil nýjung inn í starfið og konurnar hafa tekið henni fagnandi,“ segir hún.



Saumað út undir handleiðslu Halldóru. Aðferðin þekktist á tímum Loðvíks fjórtánda en hefur nú verið endurvakin með hjálp Ástrala og færð til nútímahorfs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skyldi þetta ekki vera flókið? „Nei, þetta er einfalt og ekki bundið við að hafa haldið á nál áður,“ fullyrðir Halldóra. *- gun*


T2 BER NÚ NAFN MEÐ RENTU:
Ávaxta toppur®
MEÐ ALVÖRU ÁVAXTABRAGÐI
NÝTT!
Ávaxta Toppur
-appelsínubragð
Nýtt nafn
Nýtt útlit
Sama góða bragðið
Ný bragðtegund
Ávaxta Toppur inniheldur **hreinan ávaxtasafa** og aðeins **þriðjung hitaeininga** sambærilegra drykkja. Smakkaðu frískandi Ávaxta Topp og láttu ferskleikann hríslast um þig.
**Alvöru ávöxtur - alvöru bragð**
Ávaxta toppur®
a product of
The Coca-Cola Company
"Ávaxta Toppur" is a trademark of The Coca-Cola Company.
© 2006 The Coca-Cola Company. All rights reserved.
H:N markaðssamskipti / SÍA

# BÓKIN Á NÁTTBORÐINU

## Langar að lesa meira

„Ég var að klára mjög skemmtilega bók sem Madeleine Albright skrifaði og heitir The Mighty and the Almighty,“ segir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona.

„Í bókinni eru vangaveltur Albright og sýn á samskipti ríkjanna, stöðu Bandaríkjanna og fleira en hún veltir þessu meðal annars fyrir sér út frá trúarbrögðum,“ segir Guðlaug og bætir við: „Hún er með hugmyndir um það hvað trúarbrögð hafa verið vanmetin í alþjóðasamskiptum og víðar.“ Guðlaug segist mæla eindregið með bókinni enda sé Madeileine Albright flott kona og hafsjór af reynslu, þekkingu og fróðleik.

Spurð hvort hún lesi mikið og hvort hún eigi sér einhverja uppáhaldsbók segir Guðlaug: „Ekki nóg, en ég reyni nú alltaf að vera með eitthvað í gangi. Það kemur nú engin sérstök bók upp í hugann sem uppáhaldsbókin enda er það líklega bara bókin sem ég er að lesa hverju sinni.“ Þó segir Guðlaug að hún hafi svakalega gaman af Blikktrommunni eftir Günter Grass. „Það er alveg ofboðslega mikil saga og ofsalega fyndin og skemmtileg. Ég glugga stundum í hana,“ segir leikkonan að lokum. *- sig*



Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona var að ljúka við bókina The Mighty and the Almighty eftir Madeleine Albright og mælir eindregið með henni.

## Fimm til sjö í einu

„Ég er venjulega með fimm til sjö bækur á náttborðinu og þar af eru undantekningarlaust tvær eða fleiri myndasögur en ég hef hallað mér enn frekar að því bókmenntaformi á síðustu árum í takt við aukið stress og síversnandi athyglisbrest,“ segir Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri Mannlífs.

„Ég var að klára nýjustu Ástríksbókina, Asterix and the Falling Sky. Hún slapp alveg fyrir horn þótt maður hafi vitaskuld ekki gert sér miklar vonir þar sem Ástríkshöfundurinn Goscinny er löngu dauður og teiknarinn Uderzo skrifar nú textann og teiknar,“ segir Þórarinn og bætir því við að öllum sígildum stórvirkjum sé þó sem betur fer haldið til haga þótt sagan sé í þynnra lagi. „Síðan var ég að klára enn eina Punisher-myndasöguna eftir Garth Ennis. Fyrir þá sem ekkert vita þá er The Punisher gömul Marvel-hetja sem Stan Lee kynnti til leiks þegar hann setti hann til höfuðs Spiderman fyrir margt löngu. Refsarinn hefur enga ofurkrafta en er þeim mun vopnfimari og í góðu líkamlegu formi. Vægast sagt geðbætandi efni og mér er nauðsynlegt að fá minn skammt á nokkurra mánaða fresti,“ segir Þórarinn.



Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri Mannlífs, les gríðarlega mikið og býr sig nú undir hið árlega jólabókaflóð.

„Annars er ég aðallega að lesa eitthvað sem ég hef lesið áður, en mér finnst það ágætis afslöppun fyrir jólabókaflóðið og les helst ekkert nema það sem mig langar til að lesa í október. Ég hef tekið eina og eina smásögu í Night Shift-hrollvekjusafni Stephens King undanfarið. Ég stal þessari kilju einhvern tíma þegar ég var í frímínútum í menntó og hef lesið uppáhaldssögurnar mínar í henni með reglulegu millibili síðan ég var sextán. Ég er líka búinn að vera að lesa The Bourne Ultimatum eftir Robert Ludlum í allt sumar og er varla hálfnaður enda gríp ég yfirleitt ekki í hana nema síðla nætur. Ég byrjaði að lesa Bourne-seríuna aftur um það leyti sem fyrsta Bourne-myndin með Matt Damon kom í bíó 2002 og með þessu áframhaldi verðum við Damon báðir ellidauðir áður en ég klára þessa þriðju Bourne-bók.“

Þórarinn keypti sér síðustu Rebus-bókina, Exit Music, um daginn. „Ég set King og Bourne á ís á meðan ég fer síðasta spölinn með þessum skoska lögreglumanni sem hefur gert mér allt millilandaflug bærilegra síðastliðin ár. Hann á það inni hjá mér að eiga athygli mína óskipta þegar Rankin syngur svanasöng hans,“ segir Þórarinn og bætir við: „Síðast en ekki síst liggur Mæling heimsins á náttborðinu undir öllu þessu poppmenningarfargi. Ég hjóla beint í hana á eftir Rankin enda þori ég ekki öðru þar sem einn af mínum skárri kunningjum, bókmenntastofnunin Kolbrún Bergþórsdóttir, hefur lofað hana og höfundinn Daniel Kehlmann í hástert og óbeint skipað mér að lesa hana og hrífast með. Ætli ég rétt nái ekki að hlýða því áður en þetta bjánalega og öfgakennda bókaflóð skellur á,“ segir lestrarhesturinn Þórarinn. *- sig*

## Alltaf með bók í gangi

„Ég er með bók númer tvö af Hringadróttinssögu á náttborðinu núna, Tveggja turna tal, og er að klára hana,“ segir Gunnar Ólason, tónlistarmaður og sölumaður fasteigna. „Þetta er æðisleg bók og í henni eru skemmtilegar lýsingar á landslagi og persónum. Ég er reyndar að lesa þessa bók í annað skipti og er mjög hrifinn af Hringadróttinsbókunum.“

Spurður hvort hann lesi mikið segir Gunnar: „Ég hef lesið meira í seinni tíð en áður og reyni að vera alltaf með einhverja bók í gangi. Ég er búinn að minnka sjónvarpsgláp og les meira. Þetta er búið að breytast töluvert síðustu fimm árin og ég hef fengið meiri áhuga á að auka aðeins við mig í þekkingu og öðru,“ segir Gunnar og bætir við: „Ég get nú ekki sagt að ég eigi mér neina uppáhaldsbók en ég hef lesið margar skemmtilegar bækur í gegnum tíðina. Ætli uppáhaldsbókin sé ekki bara sú sem ég er að lesa hverju sinni?“ *- sig*



Gunnar Ólason hefur lesið meira í seinni tíð og dregið úr sjónvarpsglápi í staðinn.








### ● SKEMMTILEG LEIÐ TIL AÐ NJÓTA SAMVISTA

Það getur verið skemmtileg tilbreyting fyrir pör að æfa samkvæmisdansa. Ýmsir dansskólar bjóða upp á námskeið fyrir byrjendur á öllum aldri og njóta þau sívaxandi vinsælda. Í dansskóla Jóns Péturs og Köru er til dæmis hægt að læra Jive, Tjútt, Tangó og Cha Cha Cha og er tilvalið fyrir pör að láta til skarar skríða og finna sér nýjan farveg til að njóta samvista. Það gerir líka jólaböll og árshátíðir skemmtilegri að geta tekið snúninginn með stæl.



# KONUR Á BARMI TAUGAÁFALLS OG MEÐVITUNDAR-LAUSIR MENN

AÐEINS TVÆR SÝNINGAR 26. og 27. OKTÓBER

## ENDASTÖÐ AMERÍKA

LEIKGERÐ FRANKS CASTORFS
Á SPORVAGNINUM GIRND
EFTIR TENNESSEE WILLIAMS





### NÚ ER HANN LOKSINS KOMINN TIL ÍSLANDS!

Frank Castorf er einn af virtustu leikstjórum í Evrópu og var Volksbühne valið besta leikhús Þýskalands undir listrænni stjórn hans.
Endstation Amerika hefur farið sigurför um heiminn og lætur engan ósnortinn.
Þetta er leiksýning sem leiklistaráhugafólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara.

Hér er á ferðinni fyrsta flokks framsækið leikhús sem byggir á einu best skrifaða leikverki allra tíma Sporvagninum Girnd eftir Tennessee Williams.

Þorir þú að missa af þessari sýningu?

ÍSLENSKUR TEXTI

**Aðeins tvær sýningar - tryggið ykkur miða strax...**

**MIÐASALA Í SÍMA 568 8000 - www.borgarleikhus.is**

BORGARLEIKHÚSIÐ

# Gaman að skapa persónur

**Myndasögur eru skemmtilegur tjáningarmáti sem höfðar til margra. Þær bjóða upp á öðruvísi frásögn en venjulegar bækur, þar sem myndir fylgja öllum texta, en eru þó meðfærilegar eins og þær. Myndasögur eru einhvers staðar mitt á milli þess að vera bók og teiknimynd.**



Anna Guðrún í herberginu sínu með nokkrar af persónum sínum á bak við sig, meðal annars þá félaga Gary og Vernon. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Þegar myndasögur eru samdar fær listamaðurinn ekki aðeins útrás fyrir frásagnargáfu sína heldur líka myndlistarhæfileika. Anna Guðrún Torfadóttir er tólf ára stúlka í Vesturbænum sem hefur mikinn áhuga á myndlist og er nýbyrjuð að læra myndasagnagerð í Myndlistaskólanum í Reykjavík.

„Ég var bara að byrja á þessu ári að læra að gera myndasögur en ég er búin að vera í venjulegri myndlist í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Ég var eitthvað um sex eða sjö ára þegar ég byrjaði að fara á svona námskeið,“ segir Anna Guðrún, sem hefur þrátt fyrir ungan aldur töluverða reynslu af myndlist.

„Ég mæti einu sinni í viku, er frá fjögur til sjö, og á myndasögunámskeiðinu eru krakkar frá þrettán til sextán ára. Ég er reyndar tólf ára en verð þrettán í febrúar. Ég fékk samt að fara í þetta,“ útskýrir Anna Guðrún, sem finnst námskeiðið mjög skemmtilegt.

„Það er mitt áhugamál að teikna svona persónur og svoleiðis. Ég geri teiknimyndapersónur og stuttar sögur og eru þetta oft svona grínsögur. Ég er nýbyrjuð í þessu og er bara að gera persónur á námskeiðinu en heima hjá mér geri ég svona bækur upp á gamanið.“

Þrátt fyrir stuttan tíma hefur Anna Guðrún lært margt á námskeiðinu. „Ég hef meðal annars lært að teikna persónur og landslag í kringum þær. Ég læri til dæmis hvernig er best að teikna persónurnar þegar þær hreyfa sig, eins og til dæmis þegar þær ganga,“ segir Anna Guðrún, sem finnst einna skemmtilegast að búa til persónur og vinna með þær.

„Ég er oft að búa til nýjar persónur en núna er ég að vinna með tvo ketti sem ég kalla Gary og Vernon. Ég geri svona grínsögur með þá og þetta eru stuttar sögur eins og með Gretti,“ útskýrir Anna Guðrún, sem á greinilega framtíðina fyrir sér.

Bjarni Hinriksson og Búi Kristjánsson kenna námskeiðið. Þar er leitast við að gefa sem fyllsta mynd af sköpunarferlinu sem er algengast við gerð myndasögu. Nemendur vinna að mestu eigin sögur en fá líka stutt verkefni. Auk þess eru þeim sýndar mismunandi gerðir myndasagna og bækur áhugaverðra höfunda. Kennslan er lögð að þörfum hvers og eins og allt efni innifalið. Námskeiðið kostar 51.500 krónur en 46.400 kr.ónur við staðgreiðslu. Sjá www.myndlistaskolinn.is.

*hrefna@frettabladid.is*





Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Jólin nálgast!
af öllum Nettoline innréttingum 20% afsláttur til 10. nóvember
20% afsláttur af öllum nettoline innréttingum til 10. nóvember
Notaðu tækifærið og nýja innréttingin verður tilbúin tímanlega fyrir jól.
NÝJAR SÝNINGARINNRÉTTINGAR - KOMDU OG SKOÐAÐU!
nettoline AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT


Hlýtt og notalegt | NICE hvítt



Í takt við tímann | PISA höldulaust


Nýtt, ódýrt og spennandi | TORINO hnota


Betra bað - meira úrval - lægra verð


Góð vinnuaðstaða skiptir máli

nettoline
GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS
Veldu um 59 hurðagerðir og - liti


Fataskápar með venjulegum- eða rennihurðum

ÞITT ER VALIÐ!
Þú velur um að kaupa innréttinguna ósamsetta eða lætur okkur um samsetninguna. Við önnumst líka uppsetningu og frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG!
Komdu með málin af eldhúsi, baði, þvottahúsi, anddyri eða svefnherbergi - við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

25% Jóla AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM!
þegar þau eru keypt með eldhúsinnréttingu!



Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, m.a. vorum við að fá sendingu af spanhelluborðum, sem við bjóðum á frábæru jólatilboðsverði.

www.nettoline.dk
Opið: virka daga 9 - 18
laugardaga 10 - 16

Fríform
Askalind 3 - 201 Kópavogur - Sími: 562 1500
Velkomin í Fríform, þar sem þú færð meira fyrir peningana

# Kraftmikil haustdagskrá



## 8 vikna námskeið
**hefjast 31. október**

World Class opnar í Mosfellsbæ og í Hafnarfirði í nóvember

## KONUR ÁTAK
**Laugar, Spöng og Mosfellsbæ**
**Frábær leið til að koma sér vel á veg til bættrar heilsu.**

## KARLAR ÁTAK
**Laugar**
**Frábær leið til að koma sér vel á veg til bættrar heilsu.**

## PEAK PILATES
- 1. og 2. stig
- Takmarkaður fjöldi

## MÖMMUTÍMI
- Nýbakaðar mæður með börnin með

## ROPE YOGA
- Takmarkaður fjöldi

## JÓGA á meðgöngu
- Takmarkaður fjöldi

## HERÞJÁLFUN
- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin

Aðgangur að Laugardalslaug, Lágafellslaug (frá 01.11.07), tækjasölum og opnum tímum fylgir ofangreindum námskeiðum.

Skráning í Laugum í síma 553 0000, Spönginni í síma 553 5000 og Varmá í Mosfellsbæ í síma 566 7888

Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar www.worldclass.is

World Class ICELAND

Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 6200
Varmá í Mosfellsbæ s. 566 7888

www.worldclass.is



# Já, við erum hreykin enn og aftur!

**PHILIPS** VINNUR **EISA** VERÐLAUNIN 2007-2008
FYRIR **HÁSKERPU FLATSKJÁ** OG **HEIMABIÓKERFI**

Hin virta dómnefnd óháðra blaðamanna frá European Imaging & Sound Association (EISA) hefur veitt **Philips** viðurkenningu fyrir tækniþróun og nýsköpun á sviði afþreyingartækni fyrir heimili með tveimur eftirsóttum tækniverðlaunum.



**European Full-HD LCD-TV 2007-2008**
„...skilar hreint ótrúlegum gæðum í fullri **High Definition** upplausn. Jafnvel fíngerðustu smátriði eru skýr og greinileg í 1920x1080p upplausn. Öll hreyfing er skýrari og eðlilegri með hjálp hinnar framúrskarandi **Perfect Pixel HD Engine** myndtækni frá **Philips**", eins og segir í skýrslu **EISA** nefndarinnar um **47PFL9752D**.

Powered by ambi light

EISA AWARD Best Product 2007-2008
FULL-HD LCD-TV
Philips 47PFL9732D



EISA AWARD Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100

**European Home Theater Compact System 2007-2008**
Ólíkt hefðbundnum heimabíókerfum með aðskildum hátölurum er **HTS8100** grundvallað á **Ambisound** tækninni frá **Philips** sem skilar alvöru 5.1 rása hljóðgæðum úr einu sambyggðu tæki.

**EISA dómnefndin lofar hönnunina sérstaklega**
„Þessi hönnun virkar einstaklega vel með flatskjám og skilar öllu sem til er ætlast. Afgerandi heimabíóupplifun".

**PHILIPS**
sense and simplicity

VIÐ SUÐURLANDSBRAUT 26

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki**

ht.is

## Sendibílar



Ford Transit. '01. Ek. 115 þús. Topp bíll. Sumar og vetrardekk. Tilboð 350 þús. Og málið er dautt. Uppl. í s. 698 4666.

## Vélsleðar



Til sölu Mach Z 1000 árgerð 2005, 170 hö, skoða skipti t.d. á bíl. Nánari upplýsingar í síma 898 8339 eftir kl.17.

## Lyftarar




## Varahlutir




**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ

www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Einnig airbag. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar




Til sölu 4 stk Michelin vetrardekk á bens felgum st. 225/60R16. V. 80 þús, einnig 4 stk 16" álfelgur undan Land Cruiser 100. V. 30 þús. Einnig til sölu 4 stk dekk, 275/65R17. V. 20 þús. Uppl. í s. 898 3420.

Nagladekk 26575R16 og 21560R16 til sölu. Uppl í S. 893 5917.

KEYPT & SELT

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Hljóðfæri

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

## Til sölu




Til sölu fjarstýrt rúm sem nýtt frá Betra baki 98 cm á B. Uppl. í s. 551 1709 & 664 6456.

## Hljómtæki

Til sölu Hljóðkerfi Fyrir td. Veitingastaði/ skemmtistaði, Einn 2faldur cd og 2 ljósaróbótar. S. 896 5658.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Til sölu Zedor 4718 árg.'74. Verð 70 þús. Er á Höfuðborgarsvæðinu. S. 697 5850.

## Til bygginga

Til sölu sakkamót (dokar) 1545 kr. m2 m/vsk. Uppl. á ulfurinn.is og í s. 847 3798.

Til sölu notað timbur 2X4 og ýmsar lengdir. Uppl. í s. 892 8614.

## Tölvur



**NOTAÐ OG NÝTT**
Fartölvur, borðtölvur ofl. BMS Tölvulausnir, Suðurlandsbraut 8, Sími 565 7080

ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingarþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Stjörnuþrif ehf Tökum að okkur gólfbónun og bónleysingu, einnig allar almennar hreingerningar, svo og reglubundna ræstingu fyrir fyrirtæki og stofnanir S:8671730 & 8499600 www. stjornuthrif.is

## Garðyrkja




## Bókhald




**Tökum að okkur bókhald fyrir fyrirtæki og einstaklinga**

**Þverfell ehf. Bókhald og ráðgjöf**
**Þarabakka 3**
**109 Reykjavík**
**Sími 566 5026 og 892 9552**

# BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN

DIESEL.is

**Sími: 567-4840/660-0565** Opið virka daga frá kl. 10:00-19:00 og laugardaga frá kl. 12:00-17:00



**MMC PAJERO DID**
Árgerð 2000. Ekinn 178 þ.km þúsund km. Verð kr. 2560.000.



**JEEP GRAND CHEROKEE V8 4,7**
LEÐUR LÚGA Árgerð 2005. Ekinn 34 þ.km þúsund km. Verð kr. 3790.000.



**CADILLAC ELDORADO**
Árgerð 1995. Ekinn 177 þ.km þúsund km. Verð kr. 490.000.



**JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED**
4WD. Árgerð 2005. Ekinn 37 þ.km þúsund km. Verð kr. 4140.000.



**CHRYSLER SEBRING LXI**
Árgerð 2003. Ekinn 70 þ.km þúsund km. Verð kr. 1880.000.



**MMC PAJERO INT.TURBO**
DIESEL/LANGUR Árgerð 1997. Ekinn 256 þ.km þúsund km. Verð kr. 690.000.



**MMC PAJERO LTD**
3.8 Árgerð 2003. Ekinn 73 þ.km þúsund km. Verð kr. 2790.000.



**M.BENZ M ML230**
Árgerð 1999. Ekinn 154 þ.km þúsund km. Verð kr. 1290.000.



**HYUNDAI SANTA FE 4X4**
Árgerð 2002. Ekinn 81 þ.km þúsund km. Verð kr. 1790.000.



**VW TOUAREG V8**
Árgerð 2004. Ekinn 59 þ.km þúsund km. Verð kr. 4590.000.



**TOYOTA RAV4 STUTTUR 4WD**
Í fyrirlestri sínum hyggst Ingunn sýna fram á að norskur uppruni margra landnámsmanna og þeir atburðir sem áttu sér stað í tengslum við kristniboð á Íslandi og kristnitökuna á Þingvöllum bendi sterklega til þess að átrúnaður á gyðjuna Freyju hafi verið meiri hér á landi en menn hafa til þessa almennt talið.

Ingunn Ásdísardóttir lauk meistaraprófi í þjóðfræði frá Háskóla Íslands 2005. Í febrúar síðastliðnum kom út meistaraprófsritgerð hennar: Frigg og Freyja: Kvenleg goðmögn í heiðnum sið. Ingunn hefur nú hafið doktorsnám í þjóðfræði. Hún hefur jafnframt verið afkastamikill þýðandi.

\- vþ






# Gleymdar perlur í kvöld

Sígrænar perlur verða í forgrunni á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld. Tónlistarperlur þessar eiga það sameiginlegt að þrátt fyrir að þær njóti mikilla vinsælda eru þær sjaldan eða aldrei leiknar opinberlega. Sinfóníuhljómsveitin ræður nú bót á þessu ástandi og flytur því verk á borð við Finlandia eftir Sibelius, forleik Rossinis að Rakaranum í Sevilla og Vókalísu Rakhmaninoffs, enda eru þetta verk sem allir elska þótt sjaldheyrð séu.

„Þetta er ein af þessum merkilegu mótsögnum í tónlistarheiminum,“ segir Þorgeir Tryggvason, kynningarfulltrúi Sinfóníunnar. „Verkin sem eru á dagskrá í kvöld eru allt saman kunnuglegir bútar og forleikir, falleg og skemmtileg tónlist. En vegna þess að þarna eru á ferðinni stef sem allir þekkja er kannski litið svo á að ekki sé mikil þörf á að leika þau opinberlega. En sú afstaða er að sjálfsögðu á misskilningi byggð því það er allt önnur upplifun að heyra hljómsveit leika þessar perlur en að heyra þær bara í útvarpinu.“

Stjórnandi hljómsveitarinnar í kvöld er hinn finnski Esa Häkkilä sem er tónlistarunnendum á Íslandi að góðu kunnur, nú síðast eftir að hann stýrði Sinfóníuhljómsveitinni með glæsibrag á afmælistónleikum Jóns Þórarinssonar fyrr í haust. „Esa er einn af þessum finnsku tónlistarsnillingum sem streyma út úr þarlendum akademíum. Hann er kraftmikill stjórnandi og það verður virkilega gaman að sjá hann og heyra stjórna leik þessarra þekktu tónverka,“ segir Þorgeir. Ein af rísandi stjörnunum úr bresku tónlistarlífi, hinn marverðlaunaði trompetleikari Alison Balsom, verður einleikari tónleikanna og flytur glæsilegan þátt úr trompetkonsert eftir Josef Haydn. Alison stundaði nám við Guildhall tónlistarskólann og Konservatoríið í París. Árið 2006 hlaut hún titilinn „besti breski tónlistarmaður ársins“ á klassísku Brit-Awards verðlaunahátíðinni.

Hljómsveitin flytur óvenju mörg verk í kvöld og má með sanni segja að þau spanni drjúgan hluta tónlistarsögunnar. Tónleikarnir fara fram í kvöld í Háskólabíói og hefjast kl. 19.30.

\- vþ



**ALISON BALSOM TROMPETLEIKARI** Þessi upprennandi tónlistarmaður leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kvöld.

# Kjarnakonur fyrir norðan

Kjarnakonur úr Innbænum er yfirskrift dagskrár sem Stoðvinir Minjasafnsins á Akureyri standa fyrir fyrsta vetrardag á laugardaginn kemur kl. 14 í Amtsbókasafninu á Akureyri.

Flutt verða stutt erindi um merkiskonurnar Elísabetu Geirmundsdóttur, listakonuna í Fjörunni, og Ragnheiði O. Björnsson kaupkonu.

Elísabet var fædd á Akureyri og var margt til lista lagt. Hún skar út í tré, málaði og teiknaði. Elísabet teiknaði íbúðarhús fjölskyldunnar í Aðalstræti 70 en þekktust er hún fyrir tréstyttur sínar. Hún var öðrum snjallari í skautadansi og átti það til að sýna skautadans á upplýstu Pollinum.

Ragnheiður stofnaði hannyrðaverslun 1937 sem hún rak allt til ársins 1972. Hún var mikill tónlistarunnandi, samdi lög og spilaði daglega á píanó fram á efri ár. Hún var mikill félagsmálafrömuður; hún stofnaði meðal annars Zontaklúbb Akureyrar og var á meðal stofnenda Náttúrulækningafélags Norðurlands. Hún var einnig í Guðspekifélaginu og Sálarrannsóknarfélaginu að ógleymdu Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, sem hún starfaði með í mörg ár.

Amtskaffi verður opið og gefst gestum kostur á að kaupa sér veitingar í hléi.

Samhliða dagskránni stendur yfir sýning í Amtsbókasafninu með margvíslegum munum eftir þær kjarnakonur og hluti sem voru í þeirra eigu. Sýningin er opin til 7. nóvember og er aðgangur ókeypis og öllum heimill.

\- vþ


Náttfatagleði
Tónsprotans



Öll fjölskyldan getur mætt á náttfötunum í Háskólabíó til að hlusta á ævintýralega næturtónlist sem trúðurinn Barbara kynnir af sinni ljúfu snilld. Bangsar og önnur næturdýr fá ókeypis inn. Óvæntar uppákomur í anddyri fyrir tónleika!

TÓNSPROTINN Í HÁSKÓLABÍÓI
LAUGARDAGINN **27. OKTÓBER** KL. 17.00



W.A. Mozart ::: Lítið næturljóð, 1. þáttur
Bedrich Smetana ::: *Dans trúðanna* úr Seldu brúðinni
Engelbert Humperdinck ::: *Kvöldbæn* úr Hans og Grétu
George Gershwin ::: Úr Ameríkumaður í París
Sergei Prokofiev ::: *Á miðnætti* úr Öskubusku
Carl Billich ::: Óli lokbrá
Gustav Holst ::: *Júpíter* úr Plánetunum
Hljómsveitarstjóri ::: Esa Heikkilä
Kynnir ::: Trúðurinn Barbara

MIÐAVERÐ ::: 1.400 KR.

FÍ Fyrsti konsert er frír
Skráning og upplýsingar á www.sinfonia.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS




Salurinn

**FIMMTUDAGUR 25. OKTÓBER KL. 20**
SKUGGABLÓM, NÝ ÍSLENSK ÓPERA
2. SÝNING. ÖRFÁ SÆTI LAUS.

**LAUGADAGUR 27. OKTÓBER KL. 17**
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
ALBERT MAMRIEV - KL. 16.15 flytur Reynir Axelsson formálsorð.
Miðaverð 2000/1600 kr.

**LAUGARDAGUR 3. NÓVEMBER KL. 17**
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
Leikverk í tali og tónum. Höfundurinn Stephanie Wendt kemur fram í hlutverki Clöru Schumann.
Miðaverð 2000/1600 kr.

**ÞRIÐJUDAGUR 6. NÓVEMBER KL. 20**
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR - DEBUT
BYLGJA DÍS GUNNARSDÓTTIR og JULIA LYNCH
Miðaverð 2000/1600 kr.

AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS SPK SPARISJÓÐURINN
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið



BROADWAY
KYNNIR
GM
GEORGE MICHAEL
í 25 ár
Tryggðu þér miða
Frumsýning laugardaginn 27. október
Kvöldverðarsýning föstudaginn 2. nóvember
3 rétta kvöldverður sýning og dansleikur
Laugardagar - örfá sæti laus
Föstudagar - laus sæti
Jólahlaðborð og sýningar
16.11 - Jólahlaðborð
17.11 - Jólahlaðborð (að verða uppselt)
23.11 - Jólahlaðborð
24.11 - Jólahlaðborð (að verða uppselt)
30.11 - Jólahlaðborð
01.12 - Jólahlaðborð (að verða uppselt)
07.12 - Jólahlaðborð
08.12 - Jólahlaðborð (að verða uppselt)
14.12 - Jólahlaðborð
15.12 - Jólahlaðborð (að verða uppselt)
Wham og George Michael í 25 ár
Glæsileg tónlistarsýning í tilefni 20 ára afmælis Broadway. Wham, George Michael í 25 ár og heitustu söngvararnir í dag, Friðrik Ómar og Jogvan Hansen fara fyrir stórum hópi dansara og stórhljómsveitar.
Verð á kvöldverð, sýningu og dansleik
Svæði I - 7400 kr Svæði II - 6900 kr
Stórdansleikur með Eurobandinu, Friðrik Ómari og Reginu Ósk fram á nótt
Miðasala í síma 533 1100 (virka daga kl. 12-18)
BROADWAY
Skrautfjöðrin í skemmtanalífinu

## > BRUCKHEIMER Í VESTRINU

Nú berast fréttir af því að næsta verkefni ofurframleiðandans Jerry Bruckheimer verði jafnvel Lone Ranger, grímuklæddi kúrekinn á hinum silfraða hesti Silver. Bruckheimer vill fylla upp í tómarúmið sem Sjóræningjarnir skilja eftir sig og ætlar að gera vestrið að næstu gullnámu.



bíó

bio@frettabladid.is

# Jackson í slagsmálum við Gosling

Stundum berast fréttir af listrænum ágreiningi milli leikara og leikstjóra. Yfirleitt er síðan bara send út fréttatilkynning og tilkynnt að annar aðilinn hafi ákveðið að segja skilið við verkið en að allir skilji í „sátt og samlyndi“. Listrænn ágreiningur er að mati slúðurvefjanna hins vegar ekkert annað en dulmál yfir handalögmál, hávær rifrildi og hurðaskelli.

Og nú er eitt heitasta málið af þessu tagi meint slagsmál leikstjórans Peter Jackson og Ryan Gosling við undirbúning kvikmyndarinnar The Lovely Bones. Leikaranum hefur óvænt verið skipt út fyrir Mark Wahlberg aðeins nokkrum dögum áður en tökur áttu að hefjast. Aðstandendur myndarinnar hafa reynt að bera klæði á vopnin og sagt að þetta hafi verið vegna „ágreinings“ um handrit en bandarísku blöðin telja sig hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því að upp úr hafi soðið og hnefar jafnvel látnir tala.

Gosling er sagður hafa bætt á sig umtalsvert og vildi með því gera sig aðeins eldri. Jackson fannst leikarinn hins vegar bara feitur og hafði auk þess ekki gefið neinar slíkar skipanir. Auk þess mun Gosling hafa klippt sig og þá fékk Jackson nóg, sagði Gosling vera hina örgustu dívu og rak hann af tökustaðnum með skít og skömm.



**SÖGÐ DÍVA** Ryan Gosling fær ekki hæstu meðmæli hjá Jackson sem kallaði leikarann dívu.



**FÉKK NÓG** Peter Jackson sætti sig ekki við framkomu Ryans Gosling og rak hann af tökustað.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

**The Seeker**

Ævintýramyndin The Seeker: The Dark is Rising verður frumsýnd um helgina. Kvikmyndin segir frá Will Stanton sem uppgötvar að hann er í hópi síðustu stríðsmanna sem berjast gegn hinu illa í heiminum.

**IMDB: 4,9/10**

**Rottentomatoes: 13%/rotin**

**Eastern Promises**

Eastern Promises er nýjasta verk Davids Cronenberg. Ung kona er í sárum þegar hún verður vitni að því þegar móðir deyr eftir að hafa fætt barn. Hún kemst yfir dagbók móðurinnar sem gæti komið glæpaforingja í London í klípu.

**IMDB: 8,1/10**

**Rottentomatoes: 89%/Frábær**

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



30% AFSLÁTTUR

Frábært tilboð

75 sm breiðir Liebherr kæliskápar

CPes 4613
Stærð: h 184 sm/ br 75 sm/d 63 sm
Kælir: 337 ltr / Frystir: 95 ltr
Orkuflokkur A+
Stálklæddur
Verð áður kr. 285.100 stgr.

kr. 199.570*stgr.

LIEBHERR

*Tilboðið gildir meðan birgðir endast.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is

# Dönsku fánaberarnir

**Danskar kvikmyndir hafa yfirleitt átt upp á pallborðið hjá kvikmyndaunnendum um allan heim og danskir leikstjórar eru eftirsóttir í Hollywood. Og nú eru danskir leikarar einnig að hasla sér völl þar vestra.**

Allt frá því að Brigitte Nielsen nuddaði axlirnar á Ivan Drago og sprautaði í hann hormónum í Rocky IV hafa danskar kvikmyndastjörnur öðru hvoru skotið upp kollinum á alþjóðasviðinu. Brigitte fylgdi velgengninni eftir með hlutverki tálkvendisins í Beverly Hills Cop II en eftir það var það helst risavaxni barmurinn sem heillaði kvikmyndagerðarmennina frekar en túlkunarhæfileikar hennar á hvíta sviðinu. Það segir kannski alla söguna að hún er eflaust ein fárra leikkvenna sem hefur uppskorið fjórar Razzie-tilnefningar og hlotið ein. Verðlaunin eru veitt þeim sem standa sig hvað verst hverju sinni.

**Danska stjarnan?**

Dönsk kvikmyndagerð er ein sú elsta í heiminum og því er ekki að undra að danskir leikhæfileikar séu eftirsóttir. Bæði leikstjórar og leikarar kunna þessa list hvað best á Norðurlöndunum og því eru peningamennirnir ekki að taka mikla áhættu með því að Dana til liðs við sig.

En kannski er það kaldhæðni örlaganna að helsta kvikmyndastjarna Dana er líkt og Ólafur Elíasson hjá okkur Íslendingum. Viggo Mortensen er öllu jafnan sagður „danskur“ í blöðunum í Danmörku þrátt fyrir að hafa að mestu leyti alið manninn í New York og stigið þar sín fyrstu skref á leikarasviðinu. Viggo kom þó við á landinu flata á sínum yngri árum og hefur ætíð haldið mikilli tryggð við heimalandið þegar kemur að kynningarferðum fyrir myndir sína og sótti höfuðborgina Kaupmannahöfn heim þegar Hringadróttinssaga sigraði heimsbyggðina.

Viggo er tvímælalaust einn af stærstu leikurum kvikmyndaborgarinnar og er á góðri leið með að verða hirðleikari Davids Cronenberg. Hann var í aðalhlutverki í hinni stórkostlegu History of Violence og gegnir sömu rullu í kvikmyndinni Eastern Promises sem frumsýnd verður um helgina.

**Heimakærir en eftirsóttir**

Viggo er þó ekki eini fánaberi Dana í Hollywood. Danska þjóðin kallaði meðal annars síðustu James Bond-myndina, Casino Royal, „danska Bond-mynd“ og þótt þjóðarstoltið hefði að einhverju leyti hlaupið með þá í gönur þá var þetta engu að síður ekki svo fjarri sannleikanum. Illmennið Le Chiffre var í höndunum á Mads Mikkelsen og Mr. White var leikinn af öðrum, dönskum leikara að nafni Jesper Christensen. Honum er spáð álíka miklum frama og Chris Cooper, enda ekki ólíkir í útliti. Íslenskir sjónvarpsáhorfendur kannast eflaust best við hann úr hinum ótrúlega vinsælu þáttum Krónikunni. Ólíkt Mikkelsen fær Christensen að endurtaka leikinn í Bond 22 þar sem hann verður, enn sem fyrr, í hlutverki Mr. White.

Mikkelsen hefur verið feikilega eftirsóttur af stóru kvikmyndafyrirtækjunum þar vestra en látið sér fátt um finnast. Hann er mikill fjölskyldumaður og kann best við sig á búgarðinum sínum langt úti í sveit. Hann hefur hins vegar látið til leiðast þegar honum hefur þótt vanta smá aur í kassann og lék meðal annars í King Arthur á móti ungstirninu Keiru Knightley, Clive Owen og Ray Winstone.

Fulltrúi dönsku kvenþjóðarinnar er síðan Connie Nielsen sem fékk það erfiða hlutverk að vera Lucille á móti ólíkindartólinu Russell Crowe í Óskarsverðlaunamyndinni Gladiator. Nielsen birtist síðan af og til í stórmyndum í Bandaríkjunum og lék í dönsku kvikmyndinni Brødre eftir Susanne Bier sem nú á að fara að endurgera.



**HIRÐLEIKARI CRONENBERGS** Viggo Mortensen er á góðri leið með að verða eitt stærsta nafnið í Hollywood og leikur meðal annars aðalhlutverkið í Eastern Promises.



**ILLMENNIÐ Í OND** Mad Mikkelsen getur því miður ekki snúið aftur sem Le Chiffre en Hollywood bíður eftir því að hann losni við heimþrána.


SOTHYS
PARIS
Bylting í umhirðu húðarinnar
Glæsilegur
Kaupauki
ef keyptar eru tvær SOTHYS
vörur þar af eitt krem
í Hagkaupum í Kringlunni,
Smáralind eða í Skeifunni.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Bættu ...**

*... baunum á innkaupalistann. Niðursoðnar baunir eru betri en engar baunir. Þær smellpassa í súpur, kássur og jafnvel pastasalöt og eru ljúffeng viðbót í matseldina.*



**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN AINO FREYJA JÄRVELÄ LEIKKONA

# Ævintýralegur matur í Sjávarkjallaranum



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Ég myndi nú segja vatn, en það er kannski bara eðlilegt. Svo er ég rosalega mikið fyrir ávexti og ber.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Þær eru nú svo margar. Ég held reyndar að það hafi verið máltíð í Sjávarkjallaranum, þegar ég fór þangað með vinkonum mínum. Ég fékk mér einhvers konar fiskiþrennu, og það var alveg ævintýralegur góður matur. Við pöntuðum svo val á alls konar eftirréttum, fengum helling og það var allt geggjað.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ég þoli ekki gellur og ég borða heldur ekki hrossakjöt. Annars borða ég allt annað.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Ég er ekkert sérstaklega góður kokkur, en ég er góð í að njóta matar. Ef ég elda, þá elda ég helst bara fyrir sjálfa mig og ekki fyrir aðra.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Ég borða nú eiginlega ekki til að láta mér líða betur. Mér finnst reyndar rosa gott að fá mér popp og sukka svolítið með kók og nammi þegar þannig liggur á mér.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Það er alltaf til mjólk og ostur.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ég geng út frá því að það sé vatn á eyjunni og hægt að veiða fisk. Ætli ég tæki þá ekki bara með mér ost.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Ég borðaði einhvern tímann froskalappir í Bretlandi. Það er það skrýtnasta, en bragðið var samt ekkert skrýtið, þetta var eiginlega bara alveg eins og kjúklingur. Og svo einhverjir kolkrabbar, sem mér finnst ekkert sérstaklega góðir.

# Kjötsúpudagur á Skólavörðustíg



**GLEÐJA GESTI** Jóhann segir fyrsta verk súpugerðarmanna að gleðja fangana í Hegningarhúsinu með súpulögg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skólavörðustígurinn verður fljótandi í kjötsúpu á laugardaginn. „Þetta er þessi árlegi kjötsúpudagur,“ segir Jóhann Jónsson, eigandi Ostabúðarinnar á Skólavörðustíg og einn þeirra sem koma að matreiðslunni. „Laugardagur er fyrsti vetrardagur, svo þá er kjötsúpan alveg rakin máltíð,“ segir hann og hlær við.

Sauðfjárbændur sjá súpukokkum fyrir kjöti, og Bananar gefa grænmetið. Súpan verður afhent á tveimur stöðum á Skólavörðustígnum; við verslun Eggerts feldskera ofarlega í götunni og svo fyrir framan Hegningarhúsið.

„Það fyrsta sem við gerum er að banka upp á í Hegningarhúsinu og gefa föngunum smá súpu. Þeir eru afskaplega kátir yfir því,“ segir Jóhann. Verslanir við Skólavörðustíginn verða opnar til 17 í tilefni dagsins og ýmislegt um að vera. „Hér verður harmonikkuleikur, og væntanlega afródans á götunni á vegum Kramhússins,“ útskýrir Jóhann, sem segir alla velkomna.

Súpugjöfin hefst klukkan 14. - sun



**FJÖLBREYTNIN GÓÐ** Ebba Guðný Guðmundsdóttir heldur reglulega námskeið um matreiðslu fyrir börn og gefur í næsta mánuði út bók um efnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


# Gorenje í þvottahúsið



**Gorenje þurrkari**
Barkalaus
Tímastilltur
Stórt hurðarop (34 sm)
Krumpuvörn
Hægt að tengja framhjá vatnssafnkút, beint í niðurfall.
**Kr. 59.000**

**PAKKATILBOÐ**
**99.000**
D50210 + WA50120

**Gorenje þvottavél**
Þeytivinduhraði 1200 sn.
Þvottamagn 5 kg.
Forþvottur
Sparnaðarkerfi
Einstaklega auðveld í notkun
Íslenskar leiðbeiningar
**Kr. 54.900**

PIPAR • SÍA • 71903

**REYKJAVÍK** Rönning Borgartúni 24 Sími 562 4011
**AKUREYRI** Rönning Óseyri 2 Sími 460 0800
**REYÐARFJÖRÐUR** Rönning Nesbraut 9 Sími 470 2020
**REYKJANESBÆR** Rönning Hafnargötu 52 Sími 420 7200

RÖNNING
www.ronning.is

Opnunartími: mánudaga - föstudaga kl. 09.00 - 18.00 • Laugardaga kl. 11.00 - 16.00

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.


# Fjölbreyttari barnamatur

**Ebba Guðný Guðmundsdóttir hefur haldið fjölda námskeiða um mat fyrir börn. Hún hefur skrifað bók um efnið sem kemur út í byrjun nóvember.**

Frá því í febrúar hefur Ebba frætt foreldra um möguleika í matseld fyrir börn á námskeiðum í Heilsuhúsinu. „Þetta hefur helst verið matur fyrir ungbörn, en námskeiðin henta líka foreldrum með eldri börn,“ útskýrði Ebba. „Það sem ég er að reyna að sýna fólki er til dæmis hráefni sem margir þekkja hreinlega ekki. Það eru til dæmis margar korntegundir sem hægt er að gera graut úr fyrir utan hveiti, hafra og spelt, eins og hirsi og quinoa, sem ég er voða hrifin af,“ bendir hún á. Á námskeiðunum fjallar hún einnig um ávexti og geymslu þeirra, fituþörf barna, frystingu matar og gufusoðningu, svo eitthvað sé nefnt.

Ebba einbeitir sér að grænmetisfæði, en segist þó ekki hafa neitt á móti kjöti og fiski. „Ég held hins vegar að fjölbreytni sé af hinu góða,“ segir hún.

Ebba segist hafa verið alin upp á venjulegum heimilismat, en færði sig meira yfir í grænmetisfæði á fullorðinsárum. „Þegar ég átti stelpuna mína fékk ég ennþá meira áhuga á þessu. Mig langaði til að hún fengi þetta frá byrjun og þyrfti þá aldrei að breyta mataræðinu,“ segir Ebba. Í kjölfarið fór hún að sanka að sér uppskriftum og barnamat og prófa sig áfram. „Ég skrifaði það hjá mér sem mér fannst sniðugt og í dag, þegar dóttir mín er fimm ára, er ég komin með heila bók. Svo ég ákvað bara að gefa hana út,“ segir hún og hlær við. Í bókinni, sem heitir Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?, verður að finna uppskriftir í bland við annan fróðleik. „Þar er til dæmis ítarlegur listi um hvenær börn mega byrja að borða ákveðnar fæðutegundir. Þetta er eiginlega handbók líka, sem ég er viss um að allir geti sótt eitthvað í,“ segir hún.

Síðustu námskeið Ebbu fyrir jól verða haldin 7. nóvember, í Heilsuhúsinu, og 20. nóvember í Manni lifandi.

**Epla- og lárperumauk**
½ lárpera
1 epli
eplasafi/ferskjusafi og vatn
1 tsk. kaldpressuð olía

**gulrætur og epli**
2 gulrætur
1 epli

Epla- og lárperumauk. Lárpera þvegin og skorin í tvennt. Helmingurinn með steininum settur í lokaðan poka. Geymist í kæli í mesta lagi sólarhring. Kjötið skafið úr hinum helmingnum. Eplið þvegið, afhýtt og kjarnhreinsað, allt maukað saman með eplasafa og vatni.

Gulrætur og epli: Gulrætur þvegnar, afhýddar og skornar í tvennt. Gufusoðnar í um 5-10 mínútur, þar til hægt er að stinga gaffli auðveldlega í gegnum þær. Maukaðar saman við eplið með gulrótar- eða eplasafa, eða bara vatni. Má frysta. Geymist í um 2 daga í kæli og 2 mánuði í frysti. Gott að blanda í graut.

sunna@frettabladid.is

# Full búð af frábærum tilboðum




**1.516** kr/kg, áður 2.527 kr/kg
Ísfugls kjúklingabringur án skinns




**249** kr/kg, áður 392 kr/kg
Borgarness saltkjköt




**779** kr/kg, áður 1.198 kr/kg
Goða lifrarpylsa frosin, 4 stk. í pakka.
Goða blóðmör frosinn, 4 stk í pakka




**141** kr/kg, áður 281 kr/kg
Matfugls kjúklingavængir




**1.095** kr/kg, áður 1.825 kr/kg
Borgarness Helgargrís með pestó á ítalska vísu




**1.999** kr/stk
Latibær, 4 þættir




**COOP mexíkóvörur**




**SACLA dagar**


**full búð af frábærum tilboðum**
Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 25.–29. okt. eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

> KARLMANNLEGUR

David Beckham var valinn karlmannlegasta stjarna ársins af lesendum vefsíðunnar AskMen.com. Leikarinn Matt Damon fylgdi fast á hæla hans, þá hip-hopparinn Timbaland, tennisstjarnan Roger Federer og popparinn Justin Timberlake í fimmta sæti.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Mills vill að Witherspoon leiki sig

Heather Mills er þegar farin að leggja á ráðin um hvernig megi drýgja tekjurnar þegar skilnaður hennar og Sir Paul McCartney gengur loks í gegn. Nú herma síðustu fréttir frá Bretlandseyjum um að bíómynd um líf fyrirsætunnar sé í bígerð og að Mills hafi sjálf sterkar skoðanir á því hver eigi að leika hana. Nefnilega Óskarsverðlaunaleikkonan Reese Witherspoon en hún er einmitt í Róm um þessar mundir með nýja kærastanum sínum, Jake Gyllenhaal. Witherspoon hefur ágætis reynslu af því að leika eiginkonur tónlistarmanna en hún fékk einmitt styttuna góðu fyrir túlkun sína á June Carter í Walk The Line sem fjallaði um Johnny Cash.



**ÓSKA-LEIKKON-AN** Reese Witherspoon hefur sennilega lítinn tíma til að spá í svona hluti enda er hún í rómantísku fríi með nýja kærastanum, Jake Gyllenhaal.



**MYND UM MILLS** Heather er nú sögð leggja á ráðin um að gera kvikmynd um stormasamt hjónaband hennar og Pauls.

Samkvæmt heimildum Daily Star er Mills nú í vígahug eftir að samningaviðræður við Paul fóru út um þúfur og hún flaug því rakleiðis til Los Angeles til að leggja á ráðin hvernig væri nú best að bregða fæti fyrir Bítilnum. Hún virðist hafa álitið að kvikmynd um harmræna sögu hennar væri besta ráðið. „Hún átti fundi með nokkrum af helstu handritshöfundum Los Angeles,“ segir heimildarmaður blaðsins. „Hún vill gera þetta að baráttusögu konu sem missti fót en náði að rísa upp á afturlappirnar og giftast einum frægasta manni jarðar,“ heldur heimildarmaðurinn áfram og bætir því við að sennilega verði hjónaband hennar og herra McCartney fyrirferðarmikill þáttur. „Og vafalítið er þar eitthvað sem hann hefði viljað halda leyndu.“






**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison setur nýju plötuna sína í umslög með hjálp Guðna Finnssonar bassaleikara og Arnars Þórs Gíslasonar trommuleikara.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Mugiboogie komin út

**Þriðja sólóplata Mugison, Mugiboogie, kemur út í dag. Þetta er fyrsta plata Mugison í þrjú ár, eða síðan Mugimama is this Monkeymusic? kom út fyrir þremur árum við miklar vinsældir. Síðan þá hefur kappinn gefið út plötur með tónlist við kvikmyndir Baltasars Kormáks, A Little Trip to Heaven og Mýrina.**

**Á meðal þeirra sem aðstoðuðu Mugison á nýju plötunni voru Pétur Ben, Davíð Þór Jónsson og gítarleikarinn Björgvin Gíslason. Eitt laganna heitir George Harrison í höfuðið á Bítlinum sáluga en á meðal fleiri laga eru titillagið Mugiboogie, Jesus is a Good Way to Moan og I´m Alright.**



**JACK BAUER** Kiefer Sutherland fer með hlutverk Jacks Bauer í þættinum 24.

# 24 frestað vegna elda

**Fresta þurfti tökum á spennuþættinum 24 í tvo daga vegna hinna miklu elda sem hafa gengið yfir suðurhluta Kaliforníu. Tökurnar áttu að fara fram í herstöð nokkurri en vegna mikils reyks áttu leikararnir erfitt með andardrátt auk þess sem reykurinn fór illa í augun á þeim.**

**Einn hefur farist og að minnsta kosti 1.300 heimili og húsnæði fyrirtækja hafa orðið eldinum að bráð. Alls hafa um 500 þúsund manns þurft að yfirgefa heimili sín vegna hamfaranna, sem er mesti brottflutningur fólks í Bandaríkjunum síðan fellibylurinn Katrína gekk þar yfir árið 2005.**



THE MAGIC NUMBERS Enska hljómsveitin spilaði á Nasa á Airwaves-hátíðinni.

RETRO STEFSON Trommuleikari The Magic Numbers heillaðist af íslensku sveitinni Retro Stefson.



# Heillaðist af Retro Stefson

Sean Gannon, trommuleikari The Magic Numbers sem spilaði á Iceland Airwaves, heillaðist af hljómsveitinni Retro Stefson á hátíðinni. „Ég sá ótrúlega hljómsveit sem kallaðist Retro Stefson. Þau eru átta talsins og líklega á aldrinum tólf til sextán ára. Þau hljóma eins og kraftmikil útgáfa af Pavement og þau heilluðu mig upp úr skónum. Ég var á klúbbi sem heitir Nakti apinn og bjórinn þar var ókeypis, sem var mjög stór plús,“ sagði Gannon, sem var ákaflega hrifinn af Íslandi þrátt fyrir hátt bjórverðið: „Þetta er skrítinn staður en það er eitthvað töfrandi við hann. Ég veit ekki nákvæmlega hvað það er en fólkið þar er virkilega vinalegt.“

Tónleikar The Magic Numbers, sem fóru fram á Nasa, stóðu yfir í eina og hálfa klukkustund og þóttu afar vel heppnaðir.

# Prince á toppnum

Tónlistin í myndinni Purple Rain hefur verið valin besta kvikmyndatónlist allra tíma af tímaritinu Vanity Fair. Þar segir að tónlistin, sem er eftir Prince, sé hnökralaus blanda af fönki, R&B, poppi, rokki og sýrutónlist sem hafi endurspeglað hljóm níunda áratugarins. Bætti tímaritið við að myndin væri líkast til sú verst leikna frá upphafi.

Í öðru sæti á listanum kom Bítlamyndin A Hard Day´s Night. Hinar myndirnar sem komust á topp tíu voru The Harder They Come, Pulp Fiction, The Graduate, Superfly, American Graffiti, Trainspotting, Saturday Night Fever og The Big Chill.



**PRINCE** Tónlistin sem Prince samdi við myndina Purple Rain náði toppsætinu á lista Vanity Fair.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Vince Vaughn** er kominn með nýja kærustu upp á arminn, miðað við nýjustu sögusagnir. Leikarinn hefur verið einhleypur frá því að hann og **Jennifer Aniston** slitu sambandi sínu, en á nú í ástarsambandi við leikkonuna **Vanessu Williams**. „Þetta er rétt að byrja en þau eru mjög hrifin hvort af öðru og eru staðráðin í að láta sambandið endast,“ segir heimildarmaður.



**Angelina Jolie** og **Jennifer Aniston** eru á meðal þeirra níu stjarna sem prýða forsíðu nóvembertölublaðs W Magazine. Ljósmyndarinn **Richard Prince** bjó til níu mismunandi forsíður fyrir tölublaðið. Gárungar segja nú að leikkonurnar tvær muni því aftur takast á, en síðast var það um **Brad Pitt**, sem Aniston var gift áður en hann hóf ástarsamband með Jolie. „Angelina fékk kannski Brad, en hver selur fleiri tölublöð?“ Það er spurningin.



**Renée Zellweger** segir að hún yrði ánægð með að vera einhleyp að eilífu. „Það er hægt að finna eitthvað gott í öllu. Það hljómar einfeldnislega, en það góða í lífi mínu er þar enn,“ segir hún. „Það gengur ekki alltaf allt upp eins og maður hefði óskað, og ég er ekki fyrsta manneskjan sem upplifir vonbrigði í lífi sínu.“



**Halle Berry** hefur beðist afsökunar á brandara sem hún sagði í viðtali hjá **Jay Leno**. Hún sýndi Leno þar breytta myndir af sjálfri sér. Um mynd af sjálfri sér, með mun stærra nef, sagði Berry að hún liti út eins og frænka sín af gyðingaættum, sem vakti enga kátínu hjá áhorfendum. Berry hefur beðist afsökunar og segist ekki hafa ætlað sér að móðga neinn.






SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE HEARTBREAK KID LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 3.45 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3.45 300 kr. Síð. sýningar | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| 4 MONTHS ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 | 12 |
| ALEXANDRA ENSKUR TEXTI | kl. 6 | 14 |
| HALLOWEEN | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| SHOOT ´EM UP | kl. 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SYNDIR FEÐRANNA | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 10.20 | 16 |
| THE KINGDOM | kl. 5.40 - 8 | 14 |
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 6 - 10.20 | 14 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 6 - 8 | 14 |
| THE KINGDOM | kl. 6 - 10* | 16 |
| *Síðasta sýning | | |

www.SAMbio.is 575 8900 midi.is



ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HEARTBRAKE KID DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HEARTBRAKE KID | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE BRAVE ONE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 | L |
| CHUCK AND LARRY | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUPER BAD | kl. 10:30 | 12 |
| BRATZ | kl. 5:30 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 5:30 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE BRAVE ONE | kl. 8 | 16 |
| STARDUST | kl. 8 | 10 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE BRAVE ONE | kl. 8D - 10:20D | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30D | 10 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10:20 | L |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 | L |
| NO RESERVATION | kl. 10 | L |

SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SUPERBAD | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| STARDUST | kl. 8 | 10 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10:30 | 16 |

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| THE KINGDOM | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 16 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is


# Nýdanska flaggið í framleiðslu

„Nýdanska flaggið er loksins að verða að veruleika,“ segir Björn Jörundur Friðbjörnsson, meðlimur í hljómsveitinni Nýdönsk, en sveitin hefur nú sent umrætt flagg í framleiðslu og er því ætlað að verða „þjóðfáni og merki hljómsveitarinnar“. Flaggið samanstendur af hvítum og rauðum krossi á grænum grunni. „Þarna kemur saman allt það besta. Við erum með rautt fyrir eldvirknina, hvítt fyrir jöklana og grænt fyrir akrana og undirlendið í Danmörku,“ segir Björn Jörundur og bætir því við að nú sé að fara í gang herferð undir yfirskriftinni Nýdanskir dagar á Íslandi. „Herferðin felst aðallega í útgáfu á hljómplötum og svo þessari spilamennsku hér í Reykjavík og á Akureyri í tengslum við tuttugu ára afmælið.“

Hann segist ekki hafa áhyggjur af því að Nýdanski fáninn misbjóði neinum enda sé ekki um að ræða afbökun á þeim íslenska. „Nýdanski fáninn kemur íslenska fánanum ekkert við. Fánarnir eru svipaðir vegna þess að við erum skandinavísk hljómsveit og Norðurlöndin eru okkur ofarlega í huga. Undir þessum fána munum við í framtíðinni herja á ný lönd og vinna ný markaðssvæði. Íslendingar eiga orðið aðra hverja flaggstöng í Danmörku og við teljum líklegt að við fáum að flagga fánanum utan við Hotel d´Angleterre, Magasin du Nord og Illum.“

- sók



**NÝDANSKIR DAGAR** Nýdanskt flagg er nú farið í framleiðslu en hljómsveitin Nýdönsk hefur sett í gang herferð undir yfirskriftinni „Nýdanskir dagar á Íslandi“.



**RAUÐUR, HVÍTUR OG GRÆNN** Fáninn minnir óneitanlega á þann íslenska. „Við erum skandinavísk hljómsveit og Norðurlöndin eru okkur ofarlega í huga,“ segir Björn Jörundur.

# Víkingaævintýri í Rúmeníu

**Þrír íslenskir víkingar, þeir Hafsteinn Pétursson, Bárður Smárason og Helgi Marteinn Ingason, koma fram í ævintýramyndinni Dark Is Rising sem verður frumsýnd hérlendis á föstudag.**



**VÍKINGAR** Víkingar sem tóku þátt í myndinni í fullum herklæðum. Sá rauðhærði með síða hárið er Helgi Marteinn Ingason og á vinstri hönd hans stendur Bárður Smárason.

Þeir félagar leika í atriði þar sem víkingar gera árás á saxneskt þorp. Var það tekið upp í Rúmeníu í apríl síðastliðnum. „Þetta var mjög skemmtilegt. Það voru fleiri hundruð manns í þessum atriðum úti í Rúmeníu,“ segir Hafsteinn, sem vann eins og sannkallaður berserkur þessa einu viku. „Við fórum út af þessu hóteli sem við vorum á klukkan fimm til sex á morgnana og komum aftur rétt um miðnætti. Maður sá eiginlega ekkert af Rúmeníu nema veginn út á akurinn.“

Dark Is Rising, sem er byggð á skáldsögu eftir Susan Cooper, fjallar um hinn unga Will Stanton sem kemst að því að hann er sá síðasti í hópi stríðsmanna sem hafa helgað líf sitt baráttunni gegn illum öflum. Ferðast hann fram og aftur í tíma og fer meðal annars aftur um þúsund ár til Englands þegar víkingar gera árás á hið áðurnefnda saxneska þorp.

Íslensku þremenningarnir, sem eru meðlimir í víkingafélaginu Rimmugýgi í Hafnarfirði, hafa komið við sögu í nokkrum öðrum kvikmyndum á undanförnum árum, innlendum sem erlendum, og brugðu til að mynda sverðum á loft í Bjólfskviðu.

Hafsteinn segir að ekkert hafi verið um meiðsli í þeirra herbúðum í Rúmeníu þrátt fyrir allan hamaganginn. „Við erum nokkuð góðir í því að meiðast ekkert. Það væri frekar að við myndum meiðast þegar við erum að berjast á víkingahátíðum en það er nú ekki mikið um það heldur.“

freyr@frettabladid.is



**MEÐ LEIKSTJÓRANUM** Víkingarnir hefja upp stríðsöskur ásamt leikstjóranum David Cunningham. Helgi er lengst til hægri.



**HAFSTEINN PÉTURSSON** Hafsteinn skemmti sér vel við tökurnar á Dark Is Rising.

# Copperfield veiðir konur á sýningum sínum

Alríkislögreglan í Bandaríkjunum gerði í síðustu viku húsleit í vöruskemmu töframannsins David Copperfield í Las Vegas. Þar lagði lögregla hald á stafræna myndavél og harðan disk úr tölvu, eftir að kona í Seattle hafði ásakað töframanninn um að hafa áreitt hana kynferðislega á Bahamaeyjum. Slúðursíðan Tmz.com telur sig hafa skýringar á húsleitinni.

Heimildir síðunnar herma að hluti af sýningu Copperfields sé til þess ætlaður að finna handa honum konur. Í sýningunni gengur Copperfield um salinn og velur konur úr áhorfendahópnum til að koma upp á svið. Ef honum líkar einhver kona í hópnum ku hann nota leyniorð til að gefa aðstoðarmönnum sínum það til kynna. Eftir sýninguna eru þær svo sóttar út í sal og boðið að koma baksviðs.



**LEITAR KVENNA Á SÝNINGUM** Samkvæmt heimildum vefsíðunnar Tmz.com er hluti af sýningu töframannsins David Copperfield til þess gerður að finna handa honum konur. NORDICPHOTOS/GETTY

Samkvæmt heimildum Tmz er konunum sagt að töframaðurinn kunni að nota þær í sýningunni þegar hann komi til heimabæja þeirra. Þær eru myndaðar með umræddri stafrænni myndavél, og spurðar spurninga á borð við „Hvert ferðu helst í frí?“ Einn af sumarfrísstöðunum sem aðstoðarfólkið minnist á mun vera Bahamaeyjar, þar sem konan frá Seattle heldur því fram að Copperfield hafi ráðist á hana, en hann á nokkrar eyjur í eyjaklasanum.

Þegar leitað var eftir viðbrögðum frá lögmanni Copperfields vísaði hann sem fyrr ásökununum á bug. „David Copperfield hefur aldrei áreitt neinn,“ sagði hann.



**SKID ROW** Hljómsveitin Skid Row spilar á Nasa 1. desember.

# Skid Row til Íslands

**Bandaríska rokkveitin Skid Row heldur tónleika á Nasa 1. desember. Hljómsveitin Sign, sem hitar upp fyrir Skid Row á tónleikaferð um Bretlandseyjar í næsta mánuði, mun hita upp.**

**Fyrsta plata Skid Row, sem kom út 1989, seldist í yfir fimm milljónum eintaka í Bandaríkjunum. Á henni voru lögin 18 and Life og Youth Gone Wild. Árið 1992 kom svo út platan Slave to the Grind sem náði fyrsta sæti Billboard-listans. Sign gerði sína útgáfu af Youth Gone Wild fyrir safndisk Kerrang! og eftir það komst sveitin í kynni við Skid Row. Miðasala á tónleikana á Nasa hefst næstkomandi mánudag.**



Biblía
21. ALDAR

# Biblían
# BÓK BÓKANNA

**TVÆR STÆRÐIR • FIMM MISMUNANDI ÚTFÆRSLUR • 1872 BLAÐSÍÐUR**

*Fyrsta heildarþýðing*
*Biblíunnar á íslensku í heila öld*



HÖRÐ SPJÖLD
SVART UNNIÐ SKINN
ÞRÍR LESBORÐAR / 14 x 21 CM
ISBN 978-9979-798-79-8

1
SÆTI

MESÖLULISTI EYMUNDSSON
aðallisti / 24. okt



HÖRÐ SPJÖLD
RAUTT FLAUEL
TVEIR LESBORÐAR / 14 x 21 CM
ISBN 978-9979-798-78-1

*Þökkum frábærar móttökur*



MJÚK SPJÖLD
SVÖRT LEÐURÁFERÐ
EINN LESBORÐI / 12 x 18 CM
ISBN 978-9979-798-81-1



MJÚK SPJÖLD
RAUTT UNNIÐ SKINN
EINN LESBORÐI / 12 x 18 CM
ISBN 978-9979-798-80-4



MJÚK SPJÖLD
HVÍT LEÐURÁFERÐ
EINN LESBORÐI / 12 x 18 CM
ISBN 978-9979-798-82-8

*Nýja Biblían er prentuð í tveimur litum.*
*Hún inniheldur tímatal, litprentuð kort á átta blaðsíðum,*
*orðaskýringar og mikilvæga ritningarstaði.*

Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík

JPV ÚTGÁFA

Sími 575 5600
wwww.jpv.is

## > Slæm töp höfðu engin áhrif

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hækkaði sig upp um eitt sæti á nýjum styrkleikalista FIFA þrátt fyrir að hafa tapað tveimur leikjum illa á móti lökustu liðunum í okkar riðli á milli þess sem listinn var gefinn út. Ísland er nú í 79. sæti eða fjórum sætum neðar en liðið hóf árið í. Lettland, sem vann Ísland 4-2 á Laugardalsvellinum, hækkaði sig um 8. sæti og er nú 86. sæti og Liechtenstein rauk upp listann þökk sé 3-0 sigri á Íslandi í Vaduz. Liechtenstein fór upp um 23 sæti og er nú í 119. sæti listans en litla landsliðið úr Ölpunum hefur aldrei verið ofar á listanum en einmitt nú.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ÞORVALDUR ÖRLYGSSON OG AUÐUN HELGASON:** HAFA SKRIFAÐ UNDIR SAMNING VIÐ FRAM

# *Það var því miður ekki erfitt að segja nei við FH*

Ríkharður Daðason, formaður knattspyrnufélags Fram, tilkynnti á blaðamannafundi í gær að Auðun Helgason, fyrrverandi leikmaður FH, hefði ákveðið að skrifa undir tveggja ára samning við Safamýrarliðið. Tilefnið var einnig notað til þess að gefa blaðamönnum tækifæri á því að spjalla við Þorvald Örlygsson, nýráðinn þjálfara liðsins, sem fagnaði vitanlega komu Auðuns til félagsins.

„Auðun er mikill fengur fyrir okkur og er með rétta hugarfarið til að standa sig vel hjá félaginu," sagði Þorvaldur sem gerir sér fyllilega grein fyrir því krefjandi verkefni sem bíður hans hjá Fram-liðinu á næstunni.

„Ég er spenntur fyrir þessu tækifæri en ég geri mér líka grein fyrir því hversu erfitt þetta verður og forrennarar mínir í starfi hafa nú ekki verið langlífir hér. Ég veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér en ég mun reyna mitt besta," sagði Þorvaldur.

Auðun Helgason er ekki síður spenntur yfir því að fá að sanna sig hjá Fram í Landsbankadeildinni næstu sumur.

„Ég geri mér grein fyrir því að það er ætlast til mikils af mér og það er einmitt sú áskorun sem kveikti í mér að koma til Fram. Það eru klárlega spennandi tímar fram undan í Safamýrinni og menn ætla sér stóra hluti þar," sagði Auðun en játaði þó að skilnaður hans við FH hafi ekki verið á góðum nótum.

„Það var því miður ekki erfitt að segja nei við FH, þar sem ég fann það strax að það var ekki einhugur hjá stjórnarmönnum um framtíð mína þar og það var sárt að vissu leyti en ég var þá að sama skapi ákveðinn að ná árangri annars staðar."



**ÁNÆGJA** Auðun Helgason tók í spaðann á Ríkharði Daðasyni eftir að hafa skrifað undir í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



**SJÓÐANDI HEITUR** Jón Arnór Stefánsson.
NORDICPHOTOS/AFP

Meistaradeildin í körfubolta:

# Jón Arnór fór á kostum í gær

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson átti stórleik þegar lið hans Lottomatica Roma tapaði naumlega, 86-83, gegn Evrópumeisturum Panathinaikos frá Grikklandi í Meistaradeildinni í körfubolta í gær. Jón Arnór skoraði 25 stig á rúmum 30 mínútum og var stigahæstur í liði Lottomatica. - óþ

## ÚRSLIT Í GÆR

*Iceland Express-deild kve.*

| | |
|---|---|
| Haukar-Fjölnir | 76-61 (41-37) |
| Stigahæstar hjá Haukum: Kiera Hardy 23 (5 stoðs.), Unnur Tara Jónsd. 21, Kristrún Sigurjóns dóttir 12, Telma Björk Fjalarsd. 10 (12 frák.). Stigahæstar í Fjölni: Birna Eiríksdóttir 15, Slavica Dimovska 12 (11 stoðs., 11 frák.), Aðalheiður Óla dóttir 10, Gréta María Grétarsdóttir 8 (11 fráköst, 5 stoðs.), Efemía Sigurbjörnsdóttir 8. | |
| Grindavík-Valur | 88-47 (44-25) |
| Stigahæstar í Grindavík: Tiffany Roberson 21 (19 frák.), Joanna Skiba 16 (10 stoðs.), Ólöf Pálsd. 11. Stigahæstar í Val: Hafdís Helgadóttir 16, Kristjana Magnúsdóttir 10, Tinna Sigmundsdóttir 8. | |
| KR-Hamar | 84-60 |

N1 DEILD KVENNA
Fimmtudagur 25. október
Stjarnan - Fylkir
Mýrin kl. 20.00

HERRAKVÖLD VALS
Herrakvöld Vals verður haldið **2. nóvember** að Hlíðarenda.
Fjölmennum og fögnum sigrum ársins.
Glæsileg dagskrá.
*Takmarkaður fjöldi miða í boði.*
Sala miða og borðapantanir:
s. 414-8000, sigga@valur.is og að Hlíðarenda.
ÁFRAM VALUR

# Liverpool í slæmri stöðu

**Liverpool er sem stendur á botni A-riðils eftir tap gegn Besiktas, Rosenborg gerði sér lítið fyrir og vann Valencia og Chelsea hélt sigurgöngu sinni áfram.**

**FÓTBOLTI** Þriðju umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu lauk í gær með átta leikjum. Nokkuð óvænt úrslit litu dagsins ljós þar sem Liverpool tapaði fyrir Besiktas og Rosenborg skellti spænska stórliðinu Valencia, en Chelsea, AC Milan, Real Madrid unnu sína leiki eins og flestir bjuggust við.

Heimamenn í Besiktas fengu óskabyrjun gegn Liverpool þar sem Sami Hyypia, varnarmaður Liverpool, varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark eftir að skot Serdar Ozkan breytti um stefnu af Finnanum þegar tæplega stundarfjórðungur var liðinn af leiknum. En Hyypia skoraði einmitt einnig sjálfsmark í grannaslagnum við Everton í deildinni um síðustu helgi. Liverpool hafði byrjað leikinn af krafti fram að markinu og hélt áfram að sækja í fyrri hálfleik án þess þó að ná að skora. Besiktas kom ákveðið til leiks í byrjun síðari hálfleiks og var ógnandi en ekkert virtist ganga upp hjá Liverpool. Í lok leiksins var Liverpool farið að sækja á mörgum leikmönnum í leit að jöfnunarmarkinu, en var í staðinn refsað af Deivson Bobo sem skoraði annað mark Besiktas þegar tíu mínútur lifðu leiks. Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, var hins vegar ekki tilbúinn að gefast upp og náði að minnka muninn þegar fimm mínútur voru eftir, en það var síðasta mark leiksins og óvæntur heimasigur Besiktas því staðreynd. Liverpool er sem stendur á botni



**RÁÐALAUSIR** Liverpool er bara með eitt stig eftir fyrri umferð riðlakeppninnar.
NORDICPHOTOS/GETTY

A-riðils og Rafa Benitez stjóri liðsins gat ekki leynt vonbrigðum sínum í leikslok. „Við áttum mörg skot að marki þeirra og mér fannst við stjórna leiknum, en okkur var refsað grimmilega fyrir mistök okkar í leiknum," sagði Benitez sár en telur þó Liverpool enn geta komist áfram. „Ég er sannfærður um að við komumst áfram, en við tökum bara einn leik í einu."

Rosenborg gerði sér lítið fyrir og vann Valencia á heimavelli sínum í Þrándheimi, 2-0, með mörkum Yssouf Kone og Vidar Riseth í síðari hálfleik. Flestir áttu von á öruggum sigri Valencia, sem hefur farið mikinn á útivelli á tímabilinu og enn fremur hafði Rosenborg ekki unnið á heimavelli í Meistaradeildinni í sex ár. Rosenborg er sem stendur í öðru sæti B-riðils.

Chelsea heldur áfram ágætis gengi sínu undir stjórn Avram Grant og vann öruggan sigur á þýska liðinu Schalke á heimavelli, 2-0, með mörkum Florent Malouda og Didier Drogba hvor í sínum hálfleiknum. Enska liðið situr sem fyrr á toppi riðilsins og ákveðinn vaxandi hefur verið í leik liðsins upp á síðkastið. „Mér fannst við vera að gera marga jákvæða hluti í leiknum eins og upp á síðkastið en við getum enn bætt okkur mikið," sagði Avram Grant kátur í leikslok. omar@frettabladid.is

## ÚRSLIT Í GÆR

*Meistaradeildin í fótbolta*

**A-riðill**

| | |
|---|---|
| Besiktas-Liverpool | 2-1 |
| 1-0 Sjálfsm. (13.), 2-0 Deivson Bobo (82.), 2-1 Steven Gerrard (85.). | |
| Marseille-FC Porto | 1-1 |
| 1-0 Mamadou Niang (70.), 1-1 Lucho Gonzalez (79.). | |

**Staðan í riðlinum:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Marseille** | **3** | **2** | **1** | **0** | **4-1** | **7** |
| Porto | 3 | 1 | 2 | 0 | 3-2 | 5 |
| **Besiktas** | **3** | **0** | **1** | **2** | **2-4** | **3** |
| Liverpool | 3 | 0 | 1 | 2 | 2-4 | 1 |

**B-riðill**

| | |
|---|---|
| Chelsea-Schalke | 2-0 |
| Florent Malouda (4.), 2-0 Didier Drogba (47.). | |
| Rosenborg-Valencia | 2-0 |
| 1-0 Yssouf Kone (54.), 2-0 Vidar Riseth (61.). | |

**Staðan í riðlinum:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **3** | **2** | **1** | **0** | **5-2** | **7** |
| Rosenborg | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-3 | 4 |
| **Valencia** | **3** | **1** | **0** | **2** | **2-4** | **3** |
| Schalke | 3 | 1 | 0 | 2 | 2-3 | 3 |

**C-riðill**

| | |
|---|---|
| Bremen-Lazio | 2-1 |
| 1-0 Boubacar Sanogo (28.), 2-0 Miguel Hugo Almeida (54.), 2-1 Christian Manfredini (82.). | |
| Real Madrid-Olympiakos | 4-2 |
| 1-0 Raúl (2.), 1-1 Luciano Galletti (8.), 1-2 Julio Cesar (47.), 2-2 Robinho (68.), 3-2 Robinho (83.), 4-2 Javier Balboa (90.+3). | |

**Staðan í riðlinum:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Real Madrid** | **3** | **2** | **1** | **0** | **8-5** | **7** |
| Olympiakos | 3 | 1 | 1 | 1 | 6-6 | 4 |
| **Bremen** | **3** | **1** | **0** | **2** | **4-6** | **3** |
| Lazio | 3 | 0 | 2 | 1 | 4-5 | 2 |

**D-riðill**

| | |
|---|---|
| AC Milan-Shakhtar | 4-1 |
| 1-0 Alberto Gilardino (6.), Alberto Gilardino (14.), 2-1 Cristiano Lucarelli (51.), 3-1 Clarence Seedorf (62.), Clarence Seedorf (69.). | |
| Benfica-Celtic | 1-0 |
| 1-0 Oscar Cardozo (87.). | |

**Staðan í riðlinum:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AC Milan** | **3** | **2** | **0** | **1** | **7-4** | **6** |
| Shakhtar | 3 | 2 | 0 | 1 | 4-4 | 6 |
| **Benfica** | **3** | **1** | **0** | **2** | **2-3** | **3** |
| Celtic | 3 | 1 | 1 | 2 | 2-4 | 3 |

Iceland Express-deild karla:

# Leikir í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Iceland Express-deild karla í körfubolta heldur áfram í kvöld þegar þriðja umferðin hefst með fjórum leikjum. KR tekur á móti Snæfelli í DHL-höllinni, Keflavík mætir Þór Akureyri, Stjarnan fær Grindavík í heimsókn og Hamar tekur á móti Fjölni í Hveragerði. Allir leikirnir hefjast klukkan 19.15. - óój

Spænskir fjölmiðlar voru ánægðir með frammistöðu Eiðs gegn Rangers:

# Var kvöldið hans Eiðs Smára

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen fékk mjög góða dóma fyrir frammistöðu sína í sínum fyrsta heila leik fyrir Barcelona á leiktímabilinu.

Eiður Smári spilaði allar 90 mínúturnar á miðjunni í markalausu jafntefli Barca gegn Rangers í Glasgow í Meistaradeildinni. Spænsku blaðamennirnir töldu Eið hafa verið einn besta leikmanninn á vellinum og þjálfarinn Frank Rijkaard hrósaði honum eftir leikinn. Pistlahöfundur talar um að eftir fimmtán mánuði hafi Rijkaard loksins áttað sig á að hann væri með góðan miðjumann í höndunum en ekki framherja.

Spænska blaðið AS talar um kvöldið hans Gudjohnsens og segir Eið Smára hafa verið besta leikmann vallarins, að minnsta kosti þann tíma sem hann hafði úthald í að spila á fullu. Eiður Smári hafi leyst Deco af hólmi með glæsibrag, unnið vel fyrir liðið og verið sterkur í bæði vörn og sókn. Að mati AS var Eiður Smári besti leikmaður Barcelona í leiknum.

Joan Maria Batlle skrifar í pistli í spænska Sport-blaðið að Eiður hafi verið besti maður Barcelona ásamt fyrirliðanum Carlos Puyol. „Guddy er ekki eins slakur og hann leit út í fyrra. Vandamálið var örugglega að hann átti að spila á miðjunni en ekki frammi. Gudjohnsen skilaði stöðu sinni fullkomlega gegn Rangers, vann vel, bauð sig í svæðin og var duglegur að fylgja eftir inn í teig. Guddy leit aftur út eins og leikmaðurinn sem spilaði fyrir Chelsea og ekki síst þar sem hann spilaði þá stöðu sem Mourinho lét hann spila. Það hefur bara tekið fimmtán mánuði að átta sig á að hann er ekki varamaður framherja liðsins heldur góður miðjumaður," skrifar Batlle.



**LÉTTYFIR OKKAR MANNI** Eiður Smári naut sín á æfingu með Barcelona í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

Frank Rijkaard var mjög ánægður með Eið Smára. „Hann var mjög mikilvægur leikmaður fyrir okkur í þessum leik ekki bara vegna þess hversu vel hann vann fyrir liðið heldur einnig hvernig hann spilaði boltanum frá sér," sagði Rijkaard eftir leikinn. - óój




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Enginn lokar hurðinni á landsliðið

**Þrír íslenskir þjálfarar eru helst nefndir sem mögulegir arftakar Eyjólfs Sverrissonar með íslenska landsliðið í knattspyrnu. Þeir eru Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, og Ólafur Jóhannesson, fyrrum þjálfari FH. Enginn þeirra vildi loka á þann möguleika að taka við landsliðinu í gær.**

**FÓTBOLTI** Samningur Eyjólfs Sverrissonar við KSÍ rennur brátt út og síðasti leikur hans með landsliðið verður að öllum líkindum gegn Dönum í lok nóvember. Afar ólíklegt verður að teljast að Eyjólfur fái nýjan samning við KSÍ enda er árangur hans með landsliðið einn sá allra slakasti frá upphafi.

Knattspyrnuáhugamenn hafa misjafnar skoðanir á því hver eigi að taka við liðinu. Sumir vilja erlendan þjálfara og aðrir íslenskan. Af þeim íslensku er helst talið að þrír þjálfarar geti haft heimtingu á starfinu – Guðjón Þórðarson, Willum Þór Þórsson og Ólafur Jóhannesson. Fréttablaðið heyrði í þeim hljóðið í gær og spurði út í áhuga þeirra á starfinu.

„Það er ekki hægt að segja að maður hafi ekki áhuga á þessu starfi. Ég held að allir þjálfarar á Íslandi hafi áhuga og metnað á því að þjálfa landsliðið og ég er þar engin undantekning,“ sagði Willum Þór. Ef Willum stæði til boða að taka við landsliðinu yrði það að fara í gegnum Valsmenn enda Willum samningsbundinn félaginu til ársins 2009. „Ef þessi staða kæmi upp þá er það bara eitthvað sem ég yrði að ræða við Valsmenn.“

Ólafur Jóhannesson er sá eini þremenninganna sem gæti tekið við landsliðinu án vandræða enda nýhættur að þjálfa FH og er farinn í frí frá fótbolta að eigin sögn.

„Ég held að allir þjálfarar hafi áhuga á að þjálfa landsliðið. Ég hef annars ekkert verið að hugsa mikið um málið og mér hefur ekki staðið til boða að þjálfa liðið hingað til,“ sagði Ólafur sposkur en hefur hann í alvöru ekkert hugsað út í þann möguleika að honum verði boðið starfið?

„Ég veit til þess að menn hafa verið að ræða þessi mál í fjölmiðlum og mitt nafn hefur þar komið upp. Auðvitað læðist að manni sú grunur er maður les blöðin á milli þess sem maður neglir naglana í spýturnar að það verði talað við mig,“ sagði Ólafur.

Það er alltaf stór kjarni knattspyrnuáhugamanna sem vill fá Guðjón Þórðarson aftur til starfa þegar staða landsliðsþjálfara losnar og það hefur ekkert breyst.

„Ég er að vinna fyrir ÍA og það er bara staðan,“ sagði Guðjón eins og þaulvanur pólitíkus aðspurður hvort hann hafi áhuga á að taka við landsliðinu. „Það verður að svara mörgum faglegum spurningum áður en hægt sé að skoða þennan möguleika.“

Guðjón útilokaði ekki að setjast niður með KSÍ og drekka með þeim eins og einn kaffibolla ef eftir því væri leitað. „Mér þykir kaffi gott en ég er vandlátur á það. Það verður að vera almennilegt kaffi í boði,“ sagði Guðjón léttur en honum sárnar að sjá hvernig komið er fyrir landsliðinu.

„Auðvitað leiðist mér að sjá hvernig komið er fyrir landsliðinu enda stolt íslensks fótbolta. Það er hlegið að okkur í dag og það er ekki gott.“

henry@frettabladid.is



**WILLUM ÞÓR ÞÓRSSON** Hefur náð frábærum árangri síðustu ár með KR og Val sem hann hefur gert bæði að Íslandsmeisturum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON** Náði frábærum árangri með landsliðið og er oftar en ekki efstur á vinsældalista knattspyrnuáhugamanna þegar ráða á nýjan landsliðsþjálfara. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÓLAFUR JÓHANNESSON** Íslandsmeistari þrjú ár í röð með FH og vann einnig bikartitil. Sigurganga FH var ótrúleg undir hans stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SIGURSÆLL** Sigurvin Ólafsson vann deildartitilinn með FH í fyrra og VISA-bikarinn með þeim í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigurvin Ólafsson, FH:

## Enn óákveðinn um framhaldið

**FÓTBOLTI** Sigurvin Ólafsson, leikmaður FH, er ekki búinn að taka ákvörðun um hvort hann haldi áfram í boltanum, en hann er sem stendur með lausan samning hjá FH.

„Ég fór fram á það við menn að leyfa mér að hugsa mín mál og hafa ekkert samband við mig fyrr en í fyrsta lagi í nóvember. Það er því ekkert að gerast hjá mér í þessum málum og ég er alveg rólegur yfir þessu,“ sagði Sigurvin sem spilaði 9 leiki fyrir FH í Landsbankadeildinni síðastliðið sumar og skoraði í þeim tvö mörk og spilaði alla leiki liðsins á leiðinni að sigri í VISA-bikarnum í ár.

Sigurvin er jafnframt eini leikmaðurinn, fyrir utan Kristin Hafliðason, sem hefur unnið Íslandsmeistaratitilinn með þremur liðum á Íslandi, en því merkilega afreki náði hann með ÍBV, KR og nú síðast FH. - óþ


PIRELLI nokian DEKK

Tími þinn er dýrmætur

Þú færð vetrardekkin hjá okkur á Max1



► Engar tímapantanir

Max1 Bílavaktin sérhæfir sig í hraðþjónustu við allar gerðir bíla. Við bjóðum hraðþjónustu sem er sniðin að þörfum hins tímabundna bíleiganda. Við erum eldsnöggir á Max-einum. Þú kemur þegar þér hentar og á meðan á þjónustu stendur færð þú þér rjúkandi kaffibolla og kíkir í blöð og tímarit. Bíllinn þinn er í hröðum og öruggum höndum hjá okkur.

Max-einn dregur nafn sitt af því að við ljúkum allri þjónustu við bílinn þinn innan klukkustundar frá því þjónusta hefst. Max-einn skiptir um bremsur, dempara, olíu, rafgeyma, perur, rúðuvökva og dekk og býður einnig ný dekk frá Nokian og Pirelli.

Við förgum notuðum dekkjum, rafgeymum, síum, olíu og öðrum spilliefnum samkvæmt ströngustu umhverfiskröfum.



Hjólbarðaþjónusta

Leiðist þér að bíða á dekkjaverkstæðum? Láttu okkur skella dekkjunum undir bílinn. Við bjóðum þér vandaða hjólbarða á hagstæðu verði frá Nokian og Pirelli.



Smurþjónusta

Er komið að smurningu? Við skiptum um olíu og síur eins og hendi sé veifað.



Rafgeymaþjónusta

Þarftu að skipta um rafgeymi? Við gerum það fyrir þig í hvelli og losum þig við þann gamla.



Demparaþjónusta

Eru dempararnir lélegir? Endurnýjum dempara og gorma í flestum gerðum bifreiða.



Bremsuþjónusta

Eru bremsuklossarnir búnir? Endurnýjum bremsuklossa og bremsudiska í flestum bifreiðum.



Önnur þjónusta

Við skiptum líka um þurrkublöð, perur og setjum rúðuvökva á bílinn. Fagmannleg vinnubrögð á örskotsstundu.

AKUREYRI - MAX1 BÍLAVAKTIN
Tryggvabraut 5. Sími 462 2700.

OPIÐ:
Virka daga frá kl. 8-18.
Laugardaga frá kl. 10-14.

Forðastu óþægindi.
Komdu með bílinn til okkar.
Skoðaðu: www.max1.is

MAX1 BÍLAVAKTIN


Jónas Guðni Sævarsson hugsar sér til hreyfings:

## Önnur lið sýna Jónasi Guðna mikinn áhuga

**FÓTBOLTI** Hinn eftirsótti Jónas Guðni Sævarsson, leikmaður Keflavíkur, liggur undir feldi þessa dagana og veltir fyrir sér framhaldinu hjá sér í boltanum, en hann hefur undanfarið verið orðaður við bæði Val og Fram í Landsbankadeildinni.

„Ég er náttúrlega samningsbundinn Keflavík út næsta tímabil. Að öllu óbreyttu spila ég þar næsta sumar og á fundi með stjórn og þjálfara liðsins kom skýrt fram að þeir vilja halda mér áfram hjá liðinu. En ég veit af áhuga annarra liða í deildinni og ef eitthvað gerist í þeim málum þá verður maður að taka erfiða ákvörðun og standa og falla með henni,“ sagði Jónas Guðni sem stefnir þó fyrst og fremst út í atvinnumennsku.

„Það er náttúrlega draumur allra knattspyrnumanna að spila erlendis og ég er engin undantekning með það, en eins og staðan er núna er allt rólegt á þeim vígstöðvum,“ sagði Jónas. - óþ



**JÓNAS GUÐNI** Hugsanlega á förum frá Keflavík.

Kristján Finnbogason leggur hanskana ekki á hilluna:

## Verður áfram í KR

**FÓTBOLTI** Kristján Finnbogason, markvörður KR, mun að öllum líkindum áfram hjá félaginu og er klár í slaginn fyrir næsta sumar.

„Ég er KR-ingur og eins og staðan er núna mun ég klára samning minn við félagið sem er út næstu leiktíð. Ég er þegar búinn að spjalla við nýja þjálfarann [Loga Ólafsson] og við náðum vel saman,“ sagði Kristján sem mun keppa við Stefán Loga Magnússon um markmannsstöðuna hjá KR.

„Ég er tilbúinn til þess að veita Stefáni Loga bæði aðhald og samkeppni um byrjunarliðssætið. Hann er náttúrlega frábær markvörður og mér líst bara vel á framhaldið,“ sagði Kristján. - óþ



**REYNSLUBOLTI** Kristján Finnbogason hefur spilað 261 leik í efstu deild með KR og ÍA. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Snæfell er á botni Iceland Express-deildar karla í körfubolta eftir tvær fyrstu umferðir tímabilsins:

# Ekki eins og við höfðum ætlað okkur

**KÖRFUBOLTI** Powerade-meistarar Snæfells eru enn að bíða eftir fyrsta sigri sínum í Iceland Express-deild karla. Töp gegn Njarðvík og Keflavík þýða að Hólmarar sitja á botni deildarinnar þegar þeir heimsækja Íslandsmeistara KR í kvöld.

„Við vorum skelfilegir í fyrsta leiknum í Njarðvík og svo lentum við bara í hörkuleik á móti Keflavík og sá leikur hefði auðveldlega getað dottið okkar megin. Það eru engar stórar áhyggjur af stöðunni en þetta er ekki eins og við ætluðum að byrja þannig að við höfum vissulega einhverjar áhyggjur af þessu,“ sagði Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells.

Hlynur vill sjá betri vörn og meiri samvinnu í sókninni í næstu leikjum. „Um leið og hlutirnir hafa farið að ganga illa hjá okkur þá höfum við farið spila mikið einn og einn. Það er ekki okkar bolti því það er enginn okkar það góður að hann geti eitthvað þannig. Um leið og það hefur gengið illa í einhverja smástund þá erum við farnir að reyna að redda þessu sjálfir. Við eigum að vera búnir að spila það lengi til þess að vita að það er enginn heimsendir þótt við lendum nokkrum stigum undir,“ segir Hlynur sem segir KR-inga ekki vera ósigrandi.

„Þeir eru með svakalegt lið. Ég þekki ekki mikið þennan nýja leikstjórnenda en ég hef heyrt að hann sé góður. Það er með því erfiðara sem maður gerir að spila á móti KR á útivelli. Það væri gott fyrir okkur að geta fengið nýja byrjun með því að vinna þennan leik. Til þess að það takist þá þurfum við að eiga toppleik,“ segir Hlynur sem segir oddaleikinn í undanúrslitunum vera gleymdan og grafinn. Snæfell komst 2-1 yfir en tapaði síðan tveimur síðustu leikjunum, þar af oddaleiknum, í framlengingu þar sem Brynjar Þór Björnsson tryggði KR framlenginguna með þriggja stiga körfu á lokasekúndu venjulegs leiktíma.

„Leikurinn í fyrra er bara búinn og hann mun ekkert sitja í mönnum. Við vinnum ekki titilinn í fyrra með því að vinna þá í kvöld,“ segir Hlynur sem er spenntur fyrir innkomu nýs leikmanns, Slobodan Subasic sem spilar sinn fyrsta leik með liðinu í kvöld.

„Við erum komnir með nýjan leikmann. Slobodan verður með og hann lítur nokkuð vel út. Vonandi getur hann hjálpað okkur eitthvað. Þetta er duglegur liðsspilari en hann er ekkert fenginn til að vera neinn bjargvættur enda engu að bjarga svo sem,“ segir Hlynur að lokum. **- óój**



**ÁN STIGA** Hlynur Bæringsson og félagar í Snæfelli bíða enn eftir fyrsta sigri sínum í Iceland Express-deildinni í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÁKVEÐINN** Carlo Ancelotti ætlar ekki að breyta um leikkerfi bara til að þóknast Adriano Galliani. NORDICPHOTOS/GETTY

Carlo Ancelotti, AC Milan:

## Ég breyti ekki um leikkerfi

**FÓTBOLTI** Carlo Ancelotti, stjóri AC Milan, mótmælir hugmyndum stjórnarformannsins Adriano Galliani um að liðið þurfi á hávöxnum framherja að halda og jafnvel nýju leikkerfi.

„Ég vil ekki heyra talað um aðra sóknarmenn en þá sem spila fyrir AC Milan í augnablikinu. Undir minni stjórn hefur liðið spilað ákveðið leikkerfi sem ég stend fullkomlega á bak við og það byggir ekki á hávöxnum skallamönnum í fremstu víglínu. Ég veit ekki betur en að mér hafi gengið ágætlega hingað til með liðið og það skipar mér enginn að breyta um leikkerfi,“ sagði Ancelotti ákveðinn í viðtali við ítalska blaðið Corriere dello sport í gær. **- óþ**



**MARKAHÆSTUR** Ólafur Bjarki Ragnarsson skoraði 13 mörk í tveimur leikjum á móti Dönum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

20 ára landsliðið í handbolta:

## Naumt tap á móti heimsmeisturunum

**HANDBOLTI** **Íslenska u-20 ára landsliðið tapaði tvisvar fyrir heimsmeisturum Dana í vináttulandsleikjum í Danmörku.**

**Danir unnu fyrri leikinn 31-26 en seinni leikurinn endaði 24-23 fyrir Danmörku þar sem sigurmark Dana kom tveimur sekúndum fyrir leikslok.**

**Ólafur Bjarki Ragnarsson, leikmaður HK, skoraði 8 mörk í seinni leiknum og Anton Rúnarsson var með 7 mörk. Aron Eðvarsson stóð sig vel í markinu og varði 21 skot. Í fyrri leiknum skoruðu Anton og Orri Freyr Gíslason, líka úr Val, mest eða sex mörk hvor.** **- óój**




Ríkulegur staðalbúnaður:

- Öflug dísilvél
- Minnsti beygjuradíus sambærilegra bíla
- 2.800 kg dráttargeta
- Opnanleg afturrúða
- Super select II drifbúnaður – sá sami og í Pajero
- Stöðuleikastýring og spólvörn

Komdu og reynsluaktu

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

> **Matthew McConaughey**

Matthew, sem kosinn hefur verið kynþokkafyllsti karlmaður veraldar, viðurkenndi í viðtali að hann notaði ekki nærföt. Enn fremur kveðst hann ekki nota svitalyktareyði né ilmvatn þar sem hann vill ekki lykta eins og einhver annar. Matthew leikur í Frailty á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR ÆTLAR AÐ TAKA FÖSTUDAGSKVÖLDIN FRÁ

## *Logi í beinni byrjar vel*

Þátturinn Logi í beinni fór í loftið í fyrsta skipti á Stöð 2 á föstudaginn fyrir tæpri viku. Eins og nafnið gefur sterklega til kynna er þátturinn í beinni útsendingu og það er Logi Bergmann Eiðsson sem situr við stjórnvölinn. Þessi fyrsti þáttur var skemmtilegur og lofar góðu. Flottir gestir (Garðar Thor Cortes, Illugi Gunnarsson og Ilmur Kristjánsdóttir), góð tónlist (Mugison og Pétur Ben) og Logi eins og hann hefði aldrei gert annað – sem er kannski nokkuð nærri lagi. Reyndar fannst mér ég hafa horft á nánast sama viðtal við Garðar Thor á Sunnudagskvöldi hjá Evu Maríu fyrir skemmstu. Klippur úr Nonna og Manna, spurningar um frægðina og athugasemdir um hógværð stórtenórsins. Garðar er engu að síður þannig gerður að maður nennti alveg að horfa á hann aftur (ekki „sláandi ófríður“ eins og Logi sagði sjálfur) auk þess sem hann var spurður út í starf sitt sem Eurovision-kynnir hérna um árið (ég man ekki til þess að Eva María hafi fetað þá braut) en fyrir þá sem ekki muna vakti hann þar einkum athygli fyrir sérstakan talanda. Loks tók Garðar lagið við undirleik Illuga Gunnarssonar, sem ég hafði ekki hugmynd um að léki á píanó. Ég ætla að horfa aftur annað kvöld.



Ég má líka til með að lýsa ánægju minni með þátt sem ég er nýbúin að uppgötva þótt hann hafi verið lengi á dagskrá. Það er Morgunútvarp Rásar 2 í umsjón þeirra Hrafnhildar Halldórsdóttur og Gests Einars Jónassonar. Það er eitthvað svo heimilislegt við andrúmsloftið í þættinum. Hann á Akureyri og hún í Reykjavík. Nú er ég búin að hlusta í bílnum á leið frá Akranesi til Reykjavíkur nánast daglega í nokkrar vikur og man hreinlega ekki eftir leiðinlegu innslagi. Það hlýtur að þykja nokkuð gott í þætti sem er á dagskrá í rúma tvo tíma alla virka morgna.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.30** Hollyoaks SIRKUS



▶ **20.00** Family Guy - Lokaþáttur SKJÁR EINN



▶ **22.00** Numbers STÖÐ 2



▶ **22.00** Frailty STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.25** Soprano-fjölskyldan SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fjársjóðsleitin** (2:6)
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Aukaleikarar** (6:6)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bræður og systur** (12:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
**20.55 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir. Jón Egill Bergþórsson sér um dagskrárgerð. Framleiðandi er Pegasus.
**21.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate** (6:6) Breska leikkonan Catherine Tate bregður sér í ýmis gervi í stuttum grínatriðum.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Soprano-fjölskyldan** (14:21) Lokasyrpa myndaflokksins um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans. Aðalhlutverk leika James Gandolfini Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.25 Aðþrengdar eiginkonur** (63:70)
**00.10 Kastljós**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Carried Away**
**08.00 2001. A Space Travesty**
**10.00 Dirty Dancing. Havana Nights**
**12.00 Herbie. Fully Loaded**
**14.00 2001. A Space Travesty**
**16.00 Dirty Dancing. Havana Nights**
**18.00 Herbie. Fully Loaded**
**20.00 Carried Away** Rómantískt og ögrandi drama. Dennis Hopper leikur miðaldra menntaskólakennara sem býr á býli ásamt dauðvona móður sinni.
▶**22.00 Frailty**
**00.00 Undisputed**
**02.00 Special Forces**
**04.00 Frailty**

## STÖÐ 2

**08.10 Beauty and the Geek** (3.9)
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (49.120)
**10.15 Wife Swap** (12.12) (e)
**11.00 Freddie** (8.22)
**11.25 Ástarfleyið** (5.11)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (91.114)
**13.55 Forboðin fegurð** (92.114)
**14.40 Osbournes 3** (2.10)
**15.05 Pirate Master** (1.14)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.30 The Bold and the Beautiful**
**17.55 Nágrannar**
**18.20 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 The Simpsons** (12.22)
**19.50 Friends** (7.17) (The One With The Home Study)
**20.15 Ítalíuævintýri Jóa Fel NÝTT** (1.8) Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel heldur áfram að sýna listir sínar í eldhúsinu... en að þessu sinni með allt öðru sniði. Í sinni metnaðarfyllstu seríu til þessa leggur Jói nefnilega land undir fót og sækir heim fyrirheitna landið Ítalíu í þeim tilgangi að kynna sér töfra ítalskrar matargerðar. 2007.
**20.45 Two and a Half Men** (10.24) Fjórða sería af þessum bráðskemmtilegum þáttum um bræðurna Charlie og Alan.
**21.10 Til Death** (10.22)
**21.35 It´s Always Sunny In Philadelphia** (7.7) Leyfð öllum aldurshópum.
▶**22.00 Numbers** (2.24)
**22.45 Life on Mars**
**23.40 Tekinn 2** (6.14) Auddi gengur alla leið þegar hann setur saman heilt brúðkaup til að hrekkja þau Birgittu Haukdal og Geir Ólafs. 2007.
**00.10 Næturvaktin** (6.12)
**00.40 Damages** (3.13)
**01.25 The Tudors** (9.10)
**02.10 Stella Street**
**03.30 Cold Case** (8.23)
**04.15 Numbers** (2.24)
**05.00 The Simpsons** (12.22)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**17.05 Meistaradeild Evrópu - endurs** (Meistaradeildin - (E))
**18.45 Meistaradeildin - meistaramörk**
**19.25 Það helsta í PGA mótaröðinni** Inside the PGA Tour er frábær þáttur þar sem golfáhugafólk fær tækifæri til þess að kynnast betur kylfingunum í bandarísku PGA-mótaröðinni. Fylgst er með gangi mála í mótaröðinni, birt viðtöl við kylfinga auk þess sem þeir gefa áhorfendum góð ráð.
**19.55 UEFA Cup - 2007**
**22.00 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
**22.30 PGA Tour 2007 - Highlights** (Fry´s Electronics Open) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.
**23.25 UEFA Cup - 2007**

## SÝN2

**17.20 Middlesbrough - Chelsea**
**19.00 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**20.30 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.30 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**22.30 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi.
**23.55 Coca Cola mörkin 2007-2008**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.25 Vörutorg**
**17.25 7th Heaven** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Less Than Perfect** (e)
**19.30 Game tíví** (4.12)
▶**20.00 Family Guy - Lokaþáttur** Teiknimyndaþættirnir um Griffin fjölskylduna eru geðveikislega bilaðir, gersneyddir pólitískri rétthugsun og æðislegir. Peter og Louis eiga 3 börn það yngsta er sadisti með snilligáfu sem einbeitir sér að því að koma móður sinni fyrir kattarnef og eyða heiminum.
**20.30 30 Rock** (6.21) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Liz byrjar aftur með fyrrverandi kærasta vegna þess að henni leiðist að vera laus og liðug. Jack hefur áhyggjur af henni og heldur áfram að skipta sér að einkalífi hennar.
**21.00 House** (8.24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House reynir að komast að því hvað er að hrjá 18 ára strák sem fær verk fyrir hjartað.
**22.00 The Black Donnellys - Lokaþáttur** Ný, bandarísk dramasería um fjóra írskættaða bræður sem búa í harðasta hverfinu í New York, hinu svokallaða Hells Kitchen.
**22.50 Fyrstu skrefin**
**23.15 Silvía Nótt**
**23.40 America's Next Top Model** (e)
**00.40 Backpackers** (e)
**01.10 C.S.I.**
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.15

### Ítalíuævintýri Jóa Fel



Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel heldur áfram að sýna listir sínar í eldhúsinu en að þessu sinni með allt öðru sniði. Í sinni metnaðarfyllstu seríu til þessa leggur Jói nefnilega land undir fót og sækir heim fyrirheitna landið Ítalíu í þeim tilgangi að kynna sér töfra ítalskrar matargerðar.

### ▶ AUKALEIKARAR
**Sjónvarpið kl. 18.25**



Nú er komið að síðasta þætti bresku gamanþáttanna eftir Ricky Gervais og Stephen Merchant, höfunda Skrifstofunnar. Hér er fylgst með aukaleikurum sem láta sig dreyma um að fá bitastæð hlutverk í kvikmyndum. Aðalhlutverk leika Ricky Gervais og Ashley Jensen en auk þess koma þekktir leikarar fram í eigin persónu, meðal annars þeir David Bowie, Chris Martin úr Coldplay og Daniel Radcliffe sem þekktur er í hlutverki Harrys Potter.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Svo ég geti verndað þig betur stelpan mín
**23.10** Krossgötur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SIRKUS

**17.30 Skífulistinn**
**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks** (43.260)
**19.30 Hollyoaks** (44.260)
**20.00 Bestu Strákarnir** (27.50)
**20.25 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. 2005.
**20.50 Talk Show With Spike Feresten** (9.22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti.
**21.15 Skins** (9.9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
**22.00 Big Love** (9.12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonurnar hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og 7 börn. (9.12) Elsti sonur Bills verður ofsareiður þegar hann kemst að því að Margene hafði verið með öðrum manni áður en hún varð þriðja eiginkona Bills. 2006. Bönnuð börnum.
**23.00 Ghost Whisperer** (35.44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. (13.22) Melinda kemst að því að einhver hefur komist að leyndarmáli hennar en hún er staðráðin í því að koma í veg fyrir að það breiðist út. 2006.
**23.45 Windfall** (6.13) (e)
**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

### BBC PRIME

**11.25** Some Mothers Do 'Ave 'Em **12.00** Antiques Roadshow **13.00** Hetty Wainthropp Investigates **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Garden Challenge **15.55** Only Fools and Horses **16.25** Some Mothers Do 'Ave 'Em **17.05** The Monastery **18.00** Silent Witness **19.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps **20.30** Nighty Night **21.00** Silent Witness **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** The Inspector Lynley Mysteries **23.20** Only Fools and Horses **23.55** Some Mothers Do 'Ave 'Em **0.30** EastEnders **1.00** Silent Witness **2.00** Antiques Roadshow **3.00** How to Be a Gardener **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla

### DR 1

**11.30** Blandt dyr og mennesker i Norden **11.50** Hvad er det værd **12.20** Lær - på livet løs **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Liga **14.00** Boogie Update **14.30** Den smarte ælling **14.35** Frikvarter **15.00** Br¢drene Løvehjerte **15.30** Fandango med Sine **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** VQ, videnskabsquiz **18.30** Min store drøm - Bruden **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** En særlig sag **21.35** OBS **21.40** Liga **22.25** Boogie Update

### NRK 1

**11.40** 'Allo, 'Allo! **12.15** Vinbaronen **13.00** Fabrikken **13.30** Guttegærne jenter **13.50** Grusomme grøss 1**4.00** Erstatterne **14.25** Kid Paddle **14.35** Ninjaskolen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** ¦rdna - Samisk kulturmagasin **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Pipalina **16.05** Uhu **16.35** Magga og Lille-Bobs **16.40** Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Tilbake til 90-tallet **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Forbrytelsen **20.30** Hjemme hos Bye & Rønning **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** El Lobo **23.45** Norsk på norsk jukeboks **1.00** Sport Jukeboks

### SVT 1

**10.35** Alfreds liv i Utsjoki **13.30** Mitt i naturen **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Karamelli **15.30** Pi **15.45** Sagoträdet **16.00** BoliBompa **16.25** Pingu **16.30** Expedition vildmark **17.00** Bobster **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Niklas mat **18.30** Packat & klart **19.00** Örnen **20.00** Argument **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Uppdrag Granskning 22.20 Skild! **22.50** Out of Practice **23.15** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige


FYRSTA HJÁLP

- við kvefi!



+ OTRIVIN NEFÚÐI
Fyrir börn og fullorðna.



+ STREPSILS HÁLSTÖFLUR
4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust.



+ VECTAVIR FRUNSUKREM
Verkar á öllum stigum frunsunnar.



+ VOLTAREN DOLO
Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi.



Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo**® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.**

## MORGUNMATURINN



*„Ég borða yfirleitt hafragraut með rúsínum, sólblómafræjum og sojamjólk.“*

Gunnlaugur Briem trommuleikari.

# Edduverðlaunin eins og lélegur brandari

Ein vinsælasta kvikmynd ársins, Astrópía, fær aðeins eina tilnefningu til Eddu-verðlaunanna en það er Gunnar Björn Guðmundsson sem hlýtur hana sem besti leikstjórinn. Tilnefningarnar voru kynntar í gær og fékk Veðramót flestar tilnefningar, alls ellefu, þar á meðal sem besta myndin og fyrir besta leikstjórn.

Júlíus Kemp, einn af framleiðendum Astrópíu, segir þetta vera undarlegt en bætir því við að þetta hafi verið eitthvað sem þeir hafi búist við, myndir sem hafi gengið vel í bíó hafi ekki alltaf átt upp á pallborðið hjá akademíunni. Júlíus er nú staddur í Los Angeles þar sem stórfyrirtæki hafa sýnt áhuga á að endurgera myndina fyrir mikið fé. „Þetta er ekkert áfall en mér finnst þetta persónulega mjög leiðinlegt fyrir fólkið sem var að vinna í myndinni. Þetta er hins vegar svipuð staða og við lentum í með Íslenska drauminn, Mann eins og ég og Strákana okkar – þessar myndir gengu vel í bíó en hlutu ekki náð fyrir Akademíunni. En ein tilnefning á Astrópíu slær allt út. Þetta hljómar eins og lélegur brandari,“ bætir Júlíus við.

Astrópía fékk prýðilega dóma í fjölmiðlum, meðal annars þrjár stjörnur í Fréttablaðinu og var víðast hvar hrósað fyrir gott handrit og flotta sviðsmynd. „Bransinn velur þetta,“ segir Gunnar Björn Guðmundsson. „En íslenskir áhorfendur hafa svo sem líka sagt sína skoðun. Og það má ekki gleyma því að myndin er gerð fyrir áhorfendur og það er það sem skiptir máli,“ bætti leikstjórinn við.

Edduverðlaunin verða afhent 11. nóvember næstkomandi. Hægt er að sjá lista yfir allar tilnefningarnar á Vísi.is. - fgg



**MEÐ ELLEFU** Veðramót fékk ellefu tilnefningar, þar á meðal sem besta myndin, besti leikstjóri og bestu leikarar.



**EIN TILNEFNING** Gunnar Björn fékk tilnefningu til Edduverðlaunanna fyrir bestu leikstjórn í kvikmyndinni Astrópíu.



**LÁRÉTT**
**2.** kirkjuleiðtogi 6. kringum 8. saur 9. sjór 11. guð 12. dýrahljóð 14. óróleg 16. utan 17. rotnun 18. besti árangur 20. sjúkdómur 21. heimsálfa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hik 3. borðaði 4. lest 5. svelgur 7. sósa 10. rönd 13. meðal 15. tröll 16. tunna 19. golfáhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. páfi, 6. um, 8. tað, 9. mar, 11. ra, 12. mjálm, 14. ókyrr, 16. án, 17. fúi, 18. met, 20. ms, 21. asía.

**LÓÐRÉTT:** 1. humm, 3. át, 4. farmrúm, 5. iða, 7. majónes, 10. rák, 13. lyf, 15. risa, 16. áma, 19. tí.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Hátt í fimm milljónir bóka.
2. 51 ár.
3. Skuggablóm.






MAGNÚS SCHEVING: MIKIL VELGENGNI Í BRETLANDI VERÐLAUNUÐ

# Latibær tilnefndur til Bafta

Latibær er tilnefndur til Bafta, bresku sjónvarpsverðlaunanna, annað árið í röð sem besta alþjóðlega barnaefnið. Þetta verður tilkynnt í dag. Eins og mörgum ætti að vera í fersku minni hlutu þættirnir þessi sömu verðlaun í fyrra og því er einstakt að þeim skuli vera gefið tækifæri á að verja „titilinn“. Verðlaunin verða afhent á Hilton-hótelinu í London hinn 25. nóvember við hátíðlega athöfn.

Magnús Scheving, forstjóri Latabæjar, var að sjálfsögðu himinlifandi þegar Fréttablaðið ræddi við hann og sagði þetta vera hreint út sagt frábært. „Þetta er algjörlega einstakt og auðvitað mikill heiður. Að fá þessa tilnefningu í annað skiptið er enn meiri viðurkenning fyrir Latabæ og það sýnir að við vorum vel að verðlaununum komin í fyrra. Ekki síður að nýju Latabæjarþættirnir standa þeim eldri ekki að baki,“ segir Magnús. „Latibær á mikilli velgengni að fagna í Bretlandi og við erum ákaflega stolt af þessari tilnefningu,“ bætir hann við.

Afar eftirsótt er að hljóta bresku Bafta-verðlaunin og er þeim jafnan líkt við bæði Óskars- og Emmyverðlaunin. Aðeins tveir aðrir Íslendingar hafa verið tilnefndir til þessara verðlauna en það eru þau Valdís Óskarsdóttir fyrir klippingu og Hilmar Örn Hilmarsson fyrir tónlist.

Latibær hefur tekið Bretlandseyjar með trompi. Yfir tuttugu þúsund manns hafa séð Latabæjar-sýninguna í London á undanförnum tveimur dögum í Appollo-leikhúsinu við West End en húsið tekur tæp fjögur þúsund manns í sæti. Þrjár sýningar hafa verið á dag og er uppselt á þær allar. Sýningin fer síðan á ferðalag um allt Bretland og stendur sú för í 33 vikur. Þá var sýningin nýlega frumsýnd í Argentínu þar sem hún fékk einróma lof gagnrýnenda. Eins og Fréttablaðið greindi frá er síðan kvikmynd í burðarliðnum og forsvarsmenn Nintendo hafa lýst yfir áhuga á samstarfi við Latabæ. Þær viðræður eru þó á algjörum upphafsreit.

freyrgigja@frettabladid.is



**SIGUR Í FYRRA** Magnús Scheving og Julianna Rose Mauriello í góðum hópi á verðlaunaafhendingunni í fyrra en þar fagnaði sjónvarpsþátturinn sigri. Þau eru aftur tilnefnd í ár.



**EFTIRSÓTT** Bafta-verðlaunin eru álíka eftirsótt og Óskarinn og Emmy-verðlaunin.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Handknattleiksforkólfar þjóðarinnar ætla að hittast og fagna fimmtíu ára afmæli HSÍ á laugardaginn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður veislan látlaus en meðal þess sem ber hvað hæst er stofnun félags fyrrum landsliðsmanna og -kvenna. Ólíkt knattspyrnulandsliðinu sem hefur vakið mikla kátínu fyrir störf sín utan vallar, ætla stórstjörnur íþróttarinnar að halda sig til hlés og ætla víst ekki að stíga á stokk en veislustjóri verður **Gísli Einarsson**, nýjasta stjarna Ríkissjónvarpsins.



Og Ísland heldur áfram að gera það gott í bandarískum sjónvarpsþáttum en landið kemur víst við sögu í sjúkrahússápunni Grey's Anatomy. Í fjórðu þáttaröðinni upplýsir dauðavona sjúklingur að hann óski sér það heitast að eyða fjórum dögum í Reykjavík. Í ljós kemur síðan seinna að sjúkdómsgreiningin átti alls ekki við manninn en í stað þess að sjúkrahúsið sé lögsótt fær sjúklingurinn nokkurra daga ferð til Íslands sér að kostnaðarlausu. Þetta er ekki eina tenging Íslands við þessa vinsælu þætti því eins og kunnugt er hefur tónlist **Emilíönu Torrini** áður hljómað í þeim.



Og Íslendingar virðast sólgnir í hið heilaga orð því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Biblían tróna í efsta sæti metsölulista Eymundsson sem birtist á föstudaginn. Þjóðin er þá komin í sama flokk og frændur okkar í Færeyjum en þar skákar bók bókanna ætíð metsölubókum á borð við Harry Potter. - fgg







Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

**NÝR TÚNFISKUR ófrosinn • RISARÆKJUR**
**LÚÐA • SKÖTUSELUR • HÖRPUSKEL**
**og fiskréttir í sparifötum**




# Bubbi í smóking á nýárstónleikum

„Ég er alveg ferlega spenntur. Ég held að þetta geti orðið frábært,“ segir Bubbi Morthens, sem ætlar að halda tvenna nýárstónleika í Laugardalshöllinni með Stórsveit Reykjavíkur. Verða tónleikarnir teknir upp og gefnir út á DVD-mynddiski og geisladiski.

Þórir Baldursson er um þessar mundir að útsetja stóran hluta af vinsælustu lögum Bubba fyrir Stórsveitina, þar á meðal slagara á borð við Háflóð, Róméó og Júlía, Svartur afgan, Ísbjarnarblús og Stál og hnífur.

„Eitt af því sem mig hefur alltaf langað til að gera er að halda tónleika með Stórsveit Reykjavíkur. Þetta band „swingar“ til helvítis. Ég verð að geta sagt að ég hafi sungið alvöru tónleika með Stórsveit Reykjavíkur,“ segir Bubbi, sem ætlar að klæðast smóking á sviði í fyrsta sinn á tónleikunum. „Við ætlum að búa til nýja hefð hér heima sem þekkist úti í heimi. Fólk er að fara í Perluna og á þessa staði til að borða og okkur datt í hug að fólk gæti farið á nýárstónleika líka. Í framtíðinni erum við síðan að plana fleiri tónleika með öðrum listamönnum.“

Bubbi er sannfærður um að lögin sín eigi eftir að koma vel út í þessum nýju útsetningum. Hefur hann þegar prufukeyrt nokkur þeirra á Samskipatónleikum með Stórsveitinni og komu þau vel út. „Það var svakaleg reynsla og upplifun að vera með þennan massíva hljóðvegg fyrir aftan sig, þannig að eftir þá tónleika duttum við niður á þetta.“

Aðspurður hvort hann verði í Sinatra-stuði í Höllinni hlær Bubbi hrossahlátri: „Já, mínus alkóhól og sígarettur.“ - fb



**BUBBI MORTHENS** Bubbi ætlar að klæðast smóking í fyrsta sinn á nýárstónleikunum í Höllinni.


haust
útsala
50%
afsláttur af völdum vörum
+20%
viðbótarafsláttur af útsöluvörum
Sjóðheit tilboð:
Herra pólóbolir frá 999 kr.
Dömunáttföt frá 999 kr.
Casual Club dömubolir frá 500 kr.
Collection peysur 2 fyrir 1
Dömutöskur frá 1000 kr.
Valin ilmvötn á hálfvirði
Alltaf
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 39723 10/2007

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Vilji Guðs*

Af því það sem blasir við er svo niðurdrepandi eitthvað – að við séum aðeins örverur sem hringsnúast á jarðarkúlu í lífvana svartnætti í algjöru tilgangsleysi og næsta líf í mesta lagi í milljón ljósára fjarlægð, og þá kannski bara í formi slíms – hefur meirihluti jarðarbúa sammælst um að það hljóti bara að vera eitthvað meira, og jafnvel einhver æðri tilgangur með þessu basli öllu. Einhvers staðar, í annarri vídd jafnvel, er því búið að hola niður Guði og hans stórkostlega himnaríki, sem er örugglega útúrhannað og Innlit/útlit þyrfti að taka þrjá þætti í að fjalla um. Nákvæm staðsetning er á huldu og himnaríki hefur aldrei sést í stjörnukíkjum, en fólk efast samt ekkert um þetta, enda þægileg tilhugsun að komast á svona eðalstað þegar staðið er frammi fyrir gangi lífsins.

**GUÐ,** sem enginn hefur séð en margir hafa talað við, hefur ekki heimsótt okkur í árþúsundir. Þegar hann kom síðast blés hann nokkrum náungum heilögum anda í brjóst og lét þá skrifa leiðarvísi fyrir lífið sjálft með alls konar fyrirmælum, boðum og bönnum. Í dag hefur fullorðið fólk enn atvinnu af því að vera útsendarar Guðs á jörðinni og á fullu kaupi frá ríkinu rífst það árlega um það hvort samkynhneigðum skuli veitt sömu mannréttindi og öðrum. Frá þessu er sagt í fjölmiðlum og sömu grettu andlitin birtast, jafn forpokuð og fordómafull og á síðasta ári, veifandi leiðarvísinum og farandi með sömu þreyttu tugguna. Sífellt kvarnast þó úr forpokanum og ég spái því að fullkomin mannréttindi fái samkynhneigðir árið 2011.

**NÚ** er illt í efni fyrir þá sem telja sig í hvað innilegustu sambandi við Guð. Út var að koma ný þýðing á leiðarvísinum og hún er alls ekki jafn forpokuð og sú síðasta. Búið er að breyta fyrirmælunum í átt til þess félagslega siðferðis sem nútímafólki þykir eðlilegt. Hinir forpokuðu ætla því að gefa skít í nýja leiðarvísinn og halda sig við gömlu góðu útgáfuna með „kynvillingunum“ og öðru fornaldarfíniríi, enda vita þeir fyrir víst að Guð er fornaldargaur, og örugglega ekki með internet heima hjá sér eða neitt.

**MEÐAN** örverurnar á jarðarkúlunni drepa tímann í að rífast um vilja Guðs heyrist merkilega lítið í honum sjálfum. Hmm. Gæti verið að …?

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 25. október, 298. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.47 | 13.12 | 17.35 |
| Akureyri | 8.39 | 12.56 | 17.12 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


